



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**Kristbjörn Egilsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Einar Þórarinsson, Náttúrugripasafninu í Neskaupstað**

BRÚARÖRÆFI

Náttúrufarskönnun vegna virkjunar Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Dal

**Skýrsla þessi er samin í samræmi við verksamning milli
Orkustofnunar og Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað**

OS-88021/VOD-03

Reykjavík, maí 1988

Leiðréttigar:

Lesendur eru vinsamlegast beðnir að færa inn eftirfarandi leiðréttigar á myndasíðunum aftast í skýrslunni:

- 1) Litmynd nr. 11 var tekin 9.8. 1978 (ekki 1980)
- 2) Svarthv. nr. 13 var tekin 11.8.1980 (ekki 10.8.1981)
- 3) Svarthv. nr. 14 var tekin 10.8.1980 (ekki 1981)
- 4) Svarthv. nr. 20 var tekin 11.8.1980 (ekki 1981)
- 5) Myndatextar á svarthv. nr. 6 og 8 hafa víxlast.
- 6) Á svarthv. nr. 11 er taumur úr Lindahrauni efst til vinstri (ekki hægri).



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer: 730

Kristbjörn Egilsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Einar Þórarinsson, Náttúrugripasafninu í Neskaupstað


BRÚARÖRÆFI

Náttúrufarskönnun vegna virkjunar
Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Dal

Skýrsla þessi er samin í samræmi við verksamning milli
Orkustofnunar og Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað

OS-88021/VOD-03

Reykjavík, maí 1988



AGRIP

Lýst er landslagi, jarðfræði og gróðurfari á Brúaröræfum, en þar var náttúrufar kannað á árunum 1980 - 1982 af Náttúrugripasafnini í Neskaupstað. Sú könnun var gerð fyrir Orkustofnun vegna áætlana um virkjun Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með Jökulsá á Dal.

Það svæði sem hér er lýst er á suðvesturhluta Brúaröræfa, en þau eru vesturhluti mikillar hásléttu sem liggur milli fjallbálkanna Snæfells í austri og Kverkfjalla í vestri.

Brúarjökull, stærsti skriðjökull landsins, gengur norður á hásléttuna í suðri. Frá honum falla nokkrar stórar norður um Brúaröræfi; talið að vestan Kreppa, Kverká og Jökulsá á Dal, sem eru þeirra mestar.

Berggrunnur Brúaröræfa er myndaður úr basaltlögum og móbergi frá því síðla á árkvarter fram á nútíma. Elstu berglögin koma fram við Jökulsá á Dal og Sauðá. Þar eru öfugt segulmögnuð hraunlög og móberg og eru þau talin eldri en Jaramillo-segultími. Yngstu jarðlögin er að finna í Krepputungu. Þar er móberg í Kverkfjallarana frá síðasta jökulskeiði og nútímahraun, runnin frá gossprungum í Kverkfjallarana og vestan Jökulsár á Fjöllum.

Jöklar hafa verið áhrifamesti þátturinn í landmótun á Brúaröræfum. Dalir eru ýmist grafnir af jöklum eða þeir eru myndaðir við upphleðslu móbergshryggja í eldgosum undir jöklum.

Þáttur vatnsfalla í landmótuninni er verulegur, einkum vestast á svæðinu. Þar hefur Jökulsá á Fjöllum flætt um mest alla Krepputungu utanverða og valdið verulegu rofi í hraununum. Önnur rofform vatnsfalla eru minni í sniðum ef frá eru talin Dimmugljúfur austast á Brúaröræfum. Snotur gil og gljúfur er að finna í Fagradal, Grágæsadal og Sandadal. Þá hefur Kreppa grafið sér nýjan farveg norður með Kreppuhálsi og eru allar líkur á því að það hafi gerst snemma á þessari öld.

Nokkur stöðuvötn er að finna á Brúaröræfum en öll eru þau fremur lítil. Stærst er Báruvatn (Gæsavatn), 3 km^2 .

Landið er að mestu ógrónir melar, sandar og úfin hraun (um 260 km^2). Helstu gróðuryningar eru í Hvannalindum (3 km^2), Grágæsadal ($0,3 \text{ km}^2$), Fagradal (6 km^2) og Háumýrum (7 km^2). Þar eru gráviðflesjur ríkjandi í ýmsum tilbrigðum ásamt fjölbreyttum votlendissvæðum. Fagridalur ber af hvað grósku og fjölbreytni tegunda varðar.

Flóra er yfirleitt einsleit. Alls fundust 147 tegundir háplantna á rannsóknarsvæðinu. Þar af má segja að 43 tegundir séu algengar eða hafi fundist víða. Ótbreiðslukort fyrir háplöntur, mosa, fléttur og sveppi er að finna í skýrslunni.

Bent er á mikilvægi gróðurvinjanna fjögurra fyrir svæðid í heild. Gróðurfar í Hvannalindum er talið réttlæta friðlysingu þeirra frá 1973 fyllilega, og athygli vakin á Fagradal sem hugsanlegu friðlandi.

ABSTRACT

The landscape, geology and vegetation of the southwest Brúaröræfi region in east Iceland is described. The area was surveyed during 1980-82 by the Natural History Museum in Neskaupstaður, as part of a prefeasibility study for the hydroelectric development of the rivers Jökulsá á Fjöllum, Kreppa and Jökulsá á Dal. The survey was commissioned by the National Energy Authority.

The southwest Brúaröræfi region is a highland plateau that lies between the Snæfell volcanic ridge and the Kverkfjöll mountains. In the south, Iceland's largest outlet glacier, Brúarjökull extends north from the Vatnajökull ice cap. Several large rivers in the Brúaröræfi region originate from the Brúarjökull outlet glacier. The largest of these are: Kreppa, Kverká, and Jökulsá á Dal.

The basement rocks of the Brúaröræfi region consist of basaltic lavas and hyaloclastites formed during the Upper Quaternary. The oldest strata are exposed in the river canyons of Jökulsá á Dal and Saudá. There, the lavas and hyaloclastites are reversely magnetized and are thought to predate the Jaramillo magnetic event. The youngest layers are in Krepputunga. There, in the so called Kverkfjallarani ridge, the rocks consist of hyaloclastites that formed during the last glaciation (Weichsel). Still younger are lavas that were extruded in Postglacial times from the Kverkfjöll fissure system and from other fissure system(s) located west of the glacial river Jökulsá á Fjöllum.

Glaciers have been the most important factor in shaping the landscape in Brúaröræfi. Valleys were mainly carved by glaciers and in sub-glacial eruptions palagonite ridges were built up on top of volcanic fissures. River erosion has also played a large role in landscape shaping, especially in the western part of the area. There, the glacier river Jökulsá á Fjöllum has flooded most of the lower Krepputunga area and noticeably modified the lava field. With the exception of the Dimmugljúfur Canyon in the east Brúaröræfi region impressive, erosional features are scarce. Beautiful gorges and canyons are in Fagridalur, Grágæsalur and Sandadalur. Early this century the river Kreppa created a new channel to the north along Kreppuháls.

The landscape consists mainly of barren gravel flats, sand, and rough lavas (ca. 260 km²). The largest patches of vegetation are in Hvannalindir (3 km²), Grágæsalur (0.3 km²), Fagridalur (6 km²), and Háumýrar (7 km²). Prevailing in these areas is flat landscape with grey willow of several varieties and varied wetland areas. Of these areas Fagridalur is most valuable with regard to environmental protection due to high production and diversity of vegetation. The flora is generally uniform. A total of 147 highland species of vascular plants were found in the surveyed area. Of these, 43 can be considered common or widely distributed. Fagridalur illustrates the potential of Icelandic highland vegetation under good conditions with limited human and livestock access.

These four isolated patches of vegetation are important for the area as a whole. The setting aside of Hvannalindir as a nature reserve in 1973 is applauded, and it is proposed that a nature reserve should also be considered in the case of Fagridalur.

EFNISYFIRLIT

bls.

ÁGRIP	3
ABSTRACT	4
1 INNGANGUR	7
2 LANDLYSING	13
2.1 LÝSING EINSTAKRA SVÆÐA	14
2.1.1 Krepputunga	14
2.1.2 Fagridalur	14
2.1.3 Háumýrar	19
2.1.4 Grágæsadálur	20
2.1.5 Laugarvalladalur	21
	22
3 JARÐFRÆÐI	23
3.1 FYRRI RANNSÓKNIR	23
3.2 BERGGRUNNUR	24
3.2.1 Sauðárdalur	24
3.2.2 Háumýrar	26
3.2.3 Grágæsadálur	26
3.2.4 Fagradalsfjall	29
3.2.5 Fagradalsgrjót	29
3.2.6 Krepputunga	30
3.3 GOSMYNDANIR FRÁ NÚTÍMA	31
4 LANDMÓTUN	32
4.1 LANDMÓTUN JÖKLA	32
4.2 LANDMÓTUN VATNS	33
4.2.1 Fossar	36
4.2.2 Stöðuvötn	36
4.3 LANDMÓTUN FROSTS	37
4.4 LANDMÓTUN VINDS	38
5 FYRRI GRÓÐURATHUGANIR	41
6 GAGNASÖFNUN OG ÚRVINNSLA	41
7 GRÓÐURFAR	44
7.1 SVÆÐI VIÐ JÖKULSA Á FJÖLLUM	44
7.2 HVANNALINDIR	46
7.3 SVÆÐI VIÐ KREPPU	62
7.4 GRÁGÆSADALUR	66
7.5 FAGRIDALUR	70
7.6 HÁUMÝRAR	87
8 FLÓRA (útbreiðslukort)	100
8.1 HÄPLÖNTUR	101
8.2 MOSAR	118
8.3 FLÉTTUR	131
8.4 SVEPIR	138
9 ÞJÓÐMINJAR	143

10	VERNDARMAT	144
11	ÁHRIF VIRKJANA	146
12	TILLÖGUR UM FREKARI RANNSÓKNIR	146
13	SAMANTEKT	148
13.1	LANDLÝSING	148
13.2	JARÐFRÆÐI	148
13.3	LANDMÓTUN	149
13.3.1	LANDMÓTUN JÖKLA	149
13.3.2	LANDMÓTUN VATNS	149
13.3.3	LANDMÓTUN VINDA	150
13.4	GRÓÐURFAR OG FLÓRA	150
13.4.1	Gagnasöfnun	150
13.4.2	Gróðurfar	150
13.4.3	FLÓRA	152
	SUMMARY IN ENGLISH	153
	RITASKRÁ	159
LJÓSMYNDIR	1-16, í lit	163
"	1-24, sv/hv	171
	MYNDAKRÁ	
1.	mynd. Yfirlit um möguleg virkjunarmannvirki	9
2.	" Staðsetning jarðlagasniða	25
3.	" Berglagasnið	27
4.	" Yfirlitskort með reitaskiptingu	42
5.	" Rannsóknarsvæðið við Jökulsá á Fjöllum	44
6.	" Rannsóknarsvæðið í Hvannalindum	47
7.	" Rannsóknarsvæðið við Kreppu	63
8.	" Rannsóknarsvæðið í Grágásadal	67
9.	" Rannsóknarsvæðið í Fagradal	71
10.	" Rannsóknarsvæðið á Háumýrum	88
11.	" Tegundafjöldi í einstökum reitum	101
12.	" Rústir Eyvindarkofa í Hvannalindum	143

Örnefnakort í vasa innan á kápu
(Brúaröræfi og Krepputunga)

1 INNGANGUR

Náttúrufarskónnun sú sem fjallað er um í þessari skýrslu var unnin á vegum Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað fyrir Orkustofnun á árunum 1980-1983.

Könnunin er liður í rannsóknnum vegna forathugunar á svonefndri Jökulsárveitu, þ.e. veitu Kreppu, Kverkár og Jökulsár á Fjöllum yfir á vatnasið Jökulsár á Dal (1. mynd).

Tilgangur rannsóknanna var að fá yfirlit um náttúrufar svæðanna til að hægt yrði að meta gildi þeirra í náttúru landsins, gera tillögur um frekari rannsóknir og segja til um hvaða svæði væri vert að friða eða taka tillit til ef að virkjunum yrði.

Rannsóknirnar skipulögðu Einar Þórarinsson forstöðumaður Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað og Hákon Áðalsteinsson líffræðingur á Orkustofnun. I öllum tilvikum var unnið að athugunum samkvæmt fyrirframgerðri og umsaminni verkáætlun. Alls voru farnar þrjár rannsóknarferðir á þessi svæði. Hér á eftir fer skrá um þessar ferðir og þátttakendur í þeim.

1. Ferð í Hvannalindir 5.-11. ágúst 1980. Þátttakendur: Einar Hjörleifsson, Einar Þórarinsson, Erling Ólafsson, Guðrún A. Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson, Sigurður Magnússon og Þórður Júlíusson.
2. Ferð í Fagradal og Grágæsalal 24.-30. júlí 1981. Þátttakendur: Einar Hjörleifsson, Einar Þórarinsson, Erling Ólafsson, Kristbjörn Egilsson, Sigurður Magnússon og Þórður Júlíusson.
3. Ferð í Háumýrar og Laugarvalladal 26.-30. júlí 1982. Þátttakendur: Einar Hjörleifsson, Einar Þórarinsson, Erling Ólafsson, Kristbjörn Egilsson, Kristján Kristjánsson og Þórður Júlíusson.

Verkaskipting þátttakenda var í aðalatriðum þessi:

Landslag (jarðfræði) og landmótun athugaði Einar Þórarinsson.

Smádýralíf kannaði Erling Ólafsson.

Háplöntur skráðu Sigurður Magnússon (Hvannalindir, Fagridalur og Grágæsalalur) og Kristbjörn Egilsson (Háumýrar og Laugarvalladalur). Að söfnun upplýsinga um útbreiðslu háplantna unnu einnig Einar Hjörleifsson, Guðrún A. Jónsdóttir og Þórður Júlíusson.

Bekja háplantna var metin og gróðurfélög skráð af Kristbirni Egilssyni. Einar Hjörleifsson var aðstoðarmaður í öllum ferðunum. Sjálfboðaliðar voru Guðrún A. Jónsdóttir, Kristján Kristjánsson og Þórður Júlíusson.

Leitað var til ýmissa sérfræðinga um aðstoð við greiningar. Bergþór Jóhannsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, greindi mosa. Hördur Kristinsson, Líffræðistofnun Háskólags, greindi fléttur. Helgi Hallgrímsson, Náttúrugripasafnini á Akureyri, greindi sveppi. Kristbjörn Egilsson yfirlór eintök af háplöntum sem safnað var og greindi þær.

Rannsóknasvæðin eru öll fjarri byggð. Ekið var á jeppum að bækistöð


eftir því sem slóðir leifðu, en gengið um sjálf athugunarsvæðin frá einum reit til annars. Veður var fremur hagstætt í öllum ferðum og engin úrtök vegna illviðra.

bessi rannsókn er framhald af rannsóknum á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal (Hjörleifur Guttormsson, ritstjóri 1981). Meginmál þessarar skýrslu var ritað fyrri hluta ársins 1983. Lokaátak við frágang hennar var þó ekki unnt að gera fyrr en haustið og veturinn 1985-1986. Erling Ólafsson gerir sérstaklega grein fyrir sínum rannsóknum á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal í skyrslu sem er væntanleg 1987.

Sumarið 1985 var rannsóknum fram haldið á Jökuldalsheiði og víðar norðan og austan svæðisins sem bessi skýrsla fjallar um. Þá voru gerðar ítarlegri rannsóknir í Laugarvalladal, og er því umfjöllun um hann frestað til næstu skýrslu.

Mynd 1

YFIRLIT UM LÓN ÝMISSA VIRKJUNARKOSTA
VIÐ JÖKULSÁ Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁ Á DAL



LÝSING LANDS OG JARÐFRÆÐI

Einar Þórarinsson
Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

PLATING LADS OR TANKS

ETCHING PLATES
ETCHING PLATES

2 LANDLÝSING

Brúaröræfi eru hér skilgreind sem allt svæðið á milli Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fjöllum, frá Vatnajökli norður að landamerkjum á milli Brúar á Jökuldal og Mödrudals á Fjöllum, en þau liggja frá ósi Arnardalsár við Jökulsá á Fjöllum, um þríhyrning að Svínabúðalæk og Þverárvatni upp af Brú. Ær þetta í samræmi við hefðbundinn skilning heimamanna á Brú, en mörk á milli heimalands Brúar og öræfanna eru um Fiskidalsá og Reykjará (Sigfús Sigvardarson, munnl. uppl.).

Brúaröræfi eru vesturhluti mikillar hásléttu sem liggur á milli tveggja fjallbálka, Snæfells í austri og Kverkfjalla í vestri. Austurhuti þessarar hásléttu nefnist Vesturöræfi og skilur Jöklulsá á Dal eða Jöklá á milli þeirra og Brúaröræfa. Um 40 km breiður skriðjökull, Brúarjökull, skrifður norður á hásléttuna syðst.

Til þess að fá hugmynd um viðáttu Brúaröræfa má geta þess að fjarlægð frá Arnardalsárósi til Kverkfjalla er um 75 km (vesturjaðar) og frá upptökum Jökulsár á Dal norður í þríhyrning er fjarlægðin um 50 km (austurjaðar). Breidd svæðisins er um 30 km frá Brú að Arnardalsárósi og 36 km á milli upptaka Jökulsánna en mjóst verður það 21 km, frá Upptyppingum að ósi Sauðár (fjarlægðir miðaðar við loftlinu). Mun láta nærri að flatarmál þessa landflæmis (Brúarjökull meðtalinn) sé um 2.000 km^2 og jafnast það á við allan Reykjanesskaga að Ölfusá.

Inn í hásléttuna skerast allmargir dalir, misjafnlega djúpir og langir. Jökuldalur er þeirra mestur. Víða skerpa lágir móbergshryggir og hnúkar skil á milli dalanna og auka þeim dýpt. Yfirleitt stefna hryggirnir til norðausturs eða nordurs og taka dalirnir alla jafna mið af þeim.

Allt yfirbragð Brúaröræfa ber mjög með sér að jöklar ísaldar hafi á sínum tíma farið þar um og skilið eftir sig ávöl form dala og hálsa. Yfirborðið er því viðast hulið fremur þunnri jökulurð. Að stórum hluta eru öræfin blásin og gróðursnauð, einkum vesturhlutinn. Gróðurinn er aðallega bundinn við dali og drög áa og lækja en hæðir og hálsar eru alla jafna berangurslegir. Vestasti hluti Brúaröræfa, Krepputunga, er þakin sandorpnunum hraunum og má heita að þar sé alger eyðimörk nema í Hvannalindum.

Svo sem vænta má falla nokkur jökulvötn norður öræfin frá Vatnajökli. Mest eru Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Kemur sú fyrnefnda undan Dyngjujökli en sú síðarnefnda undan Brúarjökli. Um 8 km vestan við upptök Jökulsár á Dal koma Kringilsá og Sauðá undan Brúarjökli. Þær falla til norðausturs í Jöklu. Á milli þeirra eru gróskumiklar tungur, Kringilsárrani og Sauðafell. Rétt vestan við upptök Sauðár kemur Kverká undan Brúarjökli og fellur til norðvesturs uns hún sameinast Kreppu sem kemur undan vestasta huta jöklulsins austur af Kverkfjöllum. Kreppa fellur um langan veg til nordurs þar til hún sameinast Jökulsá á Fjöllum skammt austan við Herðubreið. Jökulsá fær bannig talsverðan hluta af vatnsmagni sínu frá Brúarjökli.

Á milli Kverkár og Kreppu er allmikil háland tunga sem Kverkárnes nefnist. Pétur Pétursson á Hákonarstöðum nefnir hana Kverkárrana (Páll Melsteð, 1834) og sömuleiðis Sveinn Pálsson (1945) í ferðabók sinni. Vestan við Kreppu og allt að Jökulsá á Fjöllum, tekur við mikið

fleyglaga landflæmi, eyðilegt og eldbrunnið. Heitir þar Krepputunga.

A þessum vestasta hluta Brúaröræfa eru einu nútíma eldstöðvarnar sem eitthvað kveður að og hægt er að segja að tilheyri Austurlandi. Mörg hraun hafa komið frá eldstöðvum syðst í tungunni og sunnan Dyngjufjalla vestan Jökulsár (Guttormur Sigbjarnarson og fleiri, 1971). Þekja þau mestan hluta tungunnar. Eldstöðvarnar í Krepputungu eru gjall- og klepragfígaráðir sem liggja á norðaustur - suðvestur sprungubelti í gegnum megineldstöðina Kverkfjöll syðst í tungunni.

Brúaröræfi hafa fram á síðustu ár verið eitt af fáförulustu svæðum landsins og hefur það eflaust átt sinn þátt í því að örnefni eru svo fá sem raun ber vitni. Nokkuð hefur þetta breyst hin seinni ár með auknum ferðamannastraumi og rannsóknarferðum ýmissa vísindamanna. Öll örnefni sem kunnugt er um eru merkt inn á kort (í vasa innan á bakkápu). Þau örnefni sem við höfum búið til eru höfð innan gæsalappa.

2.1 LÝSING EINSTAKRA SVÆÐA

2.1.1 Krepputunga

Sem áður segir er Krepputunga fleyglaga landflæmi á milli Kreppu og Jökulsár á Fjöllum. Lengd hennar er um 70 km frá Kverkfjöllum að ármótum. Kverkfjöll trúna á suðurjáðri tungunnar, 1920 m há þar sem þau eru hæst. Mikill fjallgarður gengur frá þeim til norðausturs og nefnist hann Kverkfjallarani. Hann er afar tindóttur og það svo að Þorvaldur Thoroddsen á vart orð til að lýsa honum eins og eftirfarandi klausa úr ferðabók hans sýnir:

"Kverkfjallarani er einhver hinn undarlegasti fjallgarður sem ég hef séð; það eru ótal tindaraðir jafnhliða, og standast skörðin hvergi á. Tindarnir eru 12-1800 fet á hæð og svo margir sem Vatnsdalshólar. Hnúkar þessir eru allir úr móbergi og umturnaðir af jarðeldum; hnúkarnir eru flestir einsog reglulegar keilur, sumir eru breiðir og ávalir með hamranibbu efst eins og júfur með spena; sumstaðar eru sagyddar tindaraðir hver við aðra eins og skafl í hákarli; sumstaðar hamrabrúnir, kúlur, drangar og strókar; milli þeirra eru ótal lautir, hvilftir, bollar og daladrög, smáar sandflatir og gil. Eldgígir eru þar svo hundruðum skiftir, rauðar gjallhrúgur og úfin hraun í hverri dæld. Það er mjög erfitt að komast yfir þennan rana og leiðin verður fjarska krókótt og sýnist aldrei ætla að taka enda" (Þorvaldur Thoroddsen, 1913 a, bls. 362).

I reynd er Kverkfjallarani myndaður af nokkrum móbergshryggjum eða hnúkaröðum sem ganga eins og geislaknippi norðaustur úr Kverkfjöllum. Þannig hafa austustu hryggirnir austlægari stefnu en þeir vestustu. Kverkfjallarani lækkar mjög til norðurs og má heita að hann slitni í sundur á kafla. Heitir þar Kverkhnúkaskard. Norðan þess hækkar raninn aftur og endar í myndarlegum fjallbálki sem Pálmi Hannesson (1958) nefndi Háafell en Ólafur Jónsson (1945) nefndi Lindafjöll og virðist sú nafngift hafa fest við.

Suður af Lindafjöllum gengur eftir miðjum Kverkfjallarana um 14 km langur og 1-2 km breiður dalur sem Hraundalur nefnist. Hann er mjög sandorpinn en rís þó undir nafni þar sem hraun þekja allan dalbotninn. Þau eru komin úr gígaröðum sem liggja beggja vegna dalsins. Segja má að Hraundalur kljúfi ranann að endilöngu og nefndi Pálmi fjallgarðana austan og vestan dalsins Austurrana og Vesturrana.

Upp af suðurenda Hraundals rísa hæstu tindar í Kverkfjallarana. Hæst ber Borgarfell, 1295 m, fyrir miðjum dal og litlu norðar Arnarfell, 1240 m. Borgarfell lætur Pálmi heita svo vegna hamraborga sem rísa efst á fellinu og Arnarfell skírir hann eftir einum af mörgum dröngum efst á því og líkist erni með banda vængi. Norður af Arnarfelli er lægra fell sem Pálmi kallað Karlfell eftir drangi í mannslíki sem á því stendur. Nokkru vestan við Arnarfell verður fyrir annað fell litlu minna og er efst á því drangur einn sem minnti Pálma á biskup og af því fékk það nafnið Biskupsfell. Um 1 km vestan við Biskupsfell er 1108 m hátt fell, krýnt hvössum dröngum, sem Pálmi nefnir Virkisfell. Vestan í því er gígsprunga og hafa hraun úr henni runnið vestur á sléttlendið. Sigurðarskáli, hús Ferðafélagsmannna, stendur vestan við fellið.

Fleiri nöfn eru til á tindum þessum. Ólafur Jónsson, (1945), fór um Krepputungu 1941 og nefndi hann fellið sem Pálmi kallaði Arnarfell Tvíhyrnu og Biskupsfell nefndi hann Drangsfell. Á Uppdrætti Islands, blaði 8 (Landmælingar Islands, 1972), eru nafngiftir Pálma notaðar en Biskupsfell er þó ranglega sett í stað Arnarfells.

Um 4 km suður af ofangreindum fellum silast Kverkjökull fram úr Kverkinni sem svo er nefnd og Kverkfjöll draga nafn sitt af. Kverkin er um 400 m djúpt og 1 km breitt skarð sem jökullinn hefur rofið í norðurbarm mikillar öskju sem í Kverkfjöllum er. Skammt norðan við Kverkina lendir jökullinn á hrygg eða öldu sem Pálmi nefnir Marköldu og frá henni sveigir jökullinn til norðvesturs niður á aurana austan við Dýngjujökul. Inn í jökuljaðarinн gengur langur hellir sem er vinsæll skoðunarstaður ferðamanna.

Fyrr meir þegar gangur hefur verið í Kverkjökli hefur hann skriðið norður um Marköldu og niður í Hraundal á milli Borgarfalls og Arnarfells og skilið eftir sig miklar dauðisöldur. Ór þeim koma tvær kvíslar og fellur önnur á milli Arnarfells og Borgarfalls, en hin fellur austan við Borgarfell. Fyrrnefndu kvíslina kallaði Pálmi Borgarfellslæk en þá síðarnefndu Miðlæk. Þridja kvíslin, þverfellslækur, á upptök sín í Litla-Sanddal, en hann liggur um 1 km austan við Borgarfell. Þverfell er nyrst í dalnum og fellur þverfellslækur norður með rótum þess niður í Hraundal og sameinast þar fyrrnefndum lækjum. Mynda þeir til samans Hraundalsá og rennur hún norður Hraundal til Kverkhnúkaskarðs.

Um 3 km austan við Borgarfell er Stóri-Sanddalur sem Pálmi nefnir svo. Dalurinn er um 3 km á lengd með norðaustlæga stefnu. Sandur hylur botn hans og hefur hann þar af nafnið. Yst með dalnum austanverðum rís um 1100 m hátt fjall sem Pálmi nefndi Skyggni og er þaðan mjög gott útsýni yfir ofanverðan Kverkfjallarana. Þýski jarðfræðiprófessorinn Max Trautz kom í Stóra-Sanddal í ferðum sínum til Kverkfjalla 1910 og 1912. Hann nefndi dalinn Sanddal og fjallið við utanverðan dalinn Tvíhyrning (Trautz, 1919) en ekki Sjónarhól eins

og Pálmi segir. Eftir korti Trautz að dæma kallar hann fjallið utan við þverfell Sjónarhólm.

Innan við Stóra-Sanddal og í austurhlíðum Kverkfjalla er landið mjög rist giljum. Hin stærstu eru Kvíslargil, Hveragil og Krókagil. Væri raunar nær að tala um gljúfur en gil svo stórskorin sem þau eru. Hveragil dregur nafn af nokkrum 60 °C heitum uppsprettum sem eru í gilbotninum. Hveragil og Kvíslargil sameinast og liggja um 4 km langan veg til norðausturs að Kreppu. Skammt þar norður af er brattur og hvassbrýndur móbergshryggur sem er aði áberandi neðan úr Krepputungu. Nefnist hann Vatnahryggur.

Um 3 km norður af Skyggni verður fyrir móbergsfell sem Trautz nefndi Braunberg. Pálmi vill íslenska það sem Mórauðafell en Ólafur Jónsson sem Brúnafell. Hér er lagt til að Brúnafell verði fremur notað þar sem það er líkara upphaflegu nafngiftinni. Norðan við fellið er fremur stutt gígsprunga og úr henni hefur runnið hraun norður og austur um hæðirnar austan Kverkfjallarana. Heitir nyrsti hrauntaumurinn Lindahraun en þar sem það rennur niður að Kreppu heitir það Kreppuhraun. Virðist eðlilegra að kalla hraunið í heild sinni Lindahraun en kalla Kreppuhraun hraunbleðil sem liggur syðst og vestast í Kverkárnesi eins og Guttormur Sigbjarnarson og félagar (1971) hafa gert.

Syðst á gossprungu þeirri sem Lindahraun kom úr er svartur gjall- og klepragífigur sem Trautz nefndi Hindarfjall, Pálmi Svarthyrnu og Ólafur Hyrning. A Uppdrætti Islands, blaði 8, er fellið nefnt Hornfell. Virðist nafn Pálma þekkilegast og lýsir fyrirbærinu best.

Norðarlega í Austurrana er eftir loftmyndum að dæma lítið vatn og mjótt, um 200 m langt og 30 m breitt. Er það eina stöðuvatnið í öllum Kverkfjallarana. Skammt sunnan við vatnið ríss 938 m hátt fell og er það hið hæsta í þessum hluta ranans. Virðist vel við hafi að nefna fellið Vatnsfell en vatnið gæti heitið Mjóavatn eftir lögun sinni.

Vestan við Kverkfjallarana norðanverðan skerst frá honum fremur lágor en brattur og skarpur bólstrabergshryggur sem Langahlíð heitir. Stefna hans er í u.p.b. norðnorðvestur og er það verulegt frávik frá stefnu annarra hryggja.

Um 4 km suðvestur af Kverkhnúkaskarði ríss 30-40 m hárr móbergshnúkur upp af hraunbreiðunni. Hann er alveg regluleg keila í lögun og hefur fyrir þá sök vakið athygli ferðamanna sem margir hverjir hafa reynt að gefa honum nafn. Það nafn sem best þykir og Arni Reynisson gaf er Stjaki (Völundur Jóhannesson, munnl. uppl.).

Norður af Lindafjöllum, nánar tiltekið 4 km, er bólstrabergshnúkur sem nefnist Rifnihnúkur (780 m) og er hann eins konar útvörður Kverkfjallarana (ljósmynd; sv.hv. 6). Nafnið ber hann með rentu, þar sem hann er mjög ristur misgengjum. Nafnið mun vera komið frá Trautz.

Hefur þá verið getið allra örnefna sem vitað er um í Kverkfjallarana og má af framansögðu vera ljóst að þau eru tiltölulega fá, enda voru fáfarnar slóðir þar framan af. Bændur fóru þar aldrei um áður en Kreppa var brúuð nema í örfáum tilfellum til þess að fylgja ferðamönnum.

Að Kverkfjallarana slepptum er land fremur mishæðalítið í Krepputungu nema á austurjaðrinum. Hraun hafa runnið frá a.m.k. 4 gossprungum í Vesturrana og út á sléttlendið vestan við og síðan norður eftir tungunni. Samkvæmt athugunum Guttorms Sigbjarnarsonar og félaga eru þó hraunflákarnir umhverfis Rifnahnúk og þar fyrir norðan komnir úr eldstöðvum vestan við Jökulsá og eru þau hraun allmiklu eldri (Guttormur Sigbjarnarson, óbirt skýrsla). Jökulsá hefur síðan beljað yfir megnið af hraunflæminu vestan við Kverkfjallarana og þakið með auri. Við Vadöldu, sem er grágrýtisdyngja austur af Dyngjufjöllum, skellir Jökulsá sér út af hrauninu og rennur eftir það að mestu leyti meðfram jaðri Krepputunguhrauna. Einhvern tímamann hefur Jökulsá þó flætt yfir stóran huta af Krepputungu (ljósmynd; sv.hv. 8), líklega í tengslum við eldgos í Kverkfjöllum eða undir Dyngjujökli, og valdið þá verulegu rofi í hraununum.

Austan Kverkfjallarana er landið mishæðóttara og þakið ruðningi. Hraun hafa runnið í mörgum taumum eftir skorningum og dældum sunnan frá eldstöðvum við Svarthyrnu og sömuleiðis norður úr Hraundal, en þau hraun eru þó mjög þakin framburði og foksandi. Austur við Kreppu, á móts við Lindafjöll, er 3 km langur hryggur sem að því er virðist er allur úr bólstrabergi. Heitir sá Kreppuhryggur. Kreppa rennur fast með rótum hryggjarins að austanverðu og er hún þar á miklum aurum. Fyrrum hefur án tekio að sig allmikla lykkju til austurs og mætt þar Kverká sem kemur að suðaustan úr Brúarjökli. En nú hefur Kreppa stytt sér leið um þróngt gil austur af nordurenda Kreppuhryggjar. Þegar Pálmi Hannesson (1958) kom að Kreppu þarna 1933 var gilið einungis 3 m á breidd og barmafullt en nú er það orðið um 10 m breitt. Kreppa rennur um 1/2 km í þessum þrengslum og viðast með miklum straumköstum enda er fallhæðin á þessum hluta farvegsins um 15 m. Eru þessi þrengsli hér nefnd Kreppuþróng (ljósmynd; sv.hv. 13).

Vestan við Kreppuhrygg hefur nyrsta tungan úr Lindahrauni runnið norður með hrygnum. Milli hrauns og hryggjar rennur lítil bergvatnsá sem af flestum er nefnd Lindakvísl. Hún á sér upptök langt suður í Lindahrauni undir hæð sem Völundur Jóhannesson (munnl. uppl.) nefnir Sjónarhæð.

Norðan við jáðar Lindahrauns er allmikil dæld þar sem nyrðri endi Kreppuhryggjar skýlir að austan en grágrýtisalda að norðan. Dældin er dável gróin og við lindir sem spretta upp undan hraunjaðrinum eru hvannir mjög áberandi. Dregur kvosin nafn af þeim og nefnist Hvannalindir (ljósmynd; litur 2). Í hraunjaðrinum eru rústir byrgja og garðar sem álítið er að Fjalla-Eyvindur hafi hlaðið á seinni hluta 18. aldar (Ólafur Briem, 1959).

Skammt vestan við Hvannalindir ríss stakur hnúkur upp af sléttunni og er æði áberandi frá Hvannalindum séð enda þótt hann sé ekki hár, aðeins um 20 m yfir umhverfinu. Séður frá norðri og suðri virðist hnúkurinn regluleg keila og dregur hann nafn sitt af því, Lindakeilir, en hann er í reynd örstuttur hryggur með norður-suður stefnu. Skamman spöl til suðvesturs sér á brún þeirra hrauna sem komið hafa sunnan úr Hraundal. Undan hraunjaðrinum þar sprettur lítil á sem venjulegast er nefnd Vestari-Lindakvísl eða Vestarikvísl. Bakkar hennar eru gróskumiklir og þar er talsvert heiðagæsavarp.

Nokkru norðan við Lindahraun mætast kvíslarnar. Ekki virðast menn á eitt sáttir um nafn á ánni eftir það. Trautz (1919) talar um

Lindakvísl og sömuleiðis Ólafur Jónsson (1945). Pálmi Hannesson (1958) talar hins vegar um Lindaá og þannig er hún merkt á Uppdrætti Islands (blað 8 og blað 85). Virðist eðlilegast að Lindaá heiti svo frá ósum til upptaka. Er hér lagt til að Lindakvísl, sem er ívið vatnsmeiri og mun lengri en vestari kvíslin, haldi Lindaárnafninu til upptaka en vestari kvíslin fái heitið Lindakvísl. Læna fellur niður með Lindahrauni að vestan og myndar kíl framan við hraunjaðarinn í Hvannalindum áður en hún sameinast Lindaá (áður nefnd Lindakvísl). Hún er nafnlaus og er hér lagt til að hún verði nefnd Hraunkvísl. Bessar nafngiftir og breytingar eru gerðar í samráði við Völund Jóhannesson á Egilsstöðum sem þekkir Brúaröræfi orðið manna best.

Nokkrar tjarnir og smávötn eru í Hvannalindum og nágrenni. Flestar eru þær nafnlausar. Suður með vesturjaðri Lindahrauns er þríhyrningsslagi tjörn sem Völundur Jóhannesson (munnl. uppl.) hefur nefnt Krikatjörn og aðra, sem er norðan undir Sjónarhæð, nefnir hann Löngutjörn. Skammt vestur af Sjónarhæð, við rætur Austurrana, er lítil, alveg kringlótt tjörn sem Völundur nefnir Kringlu.

Austur af Sjónarhæð eru gróðurteygingar meðfram Kreppu sem kallaðir hafa verið Kreppuhagar vestari og er þær nokkurt heiðagæsavarp (Kristinn H. Skarphéðinsson, 1983). Hinir eiginlegu Kreppuhagar eru vestast í Kverkárnesi, norður af Kreppuhrauni, og er þær talað um Efri- og Neðri-Kreppuhaga (Pálmi Hannesson, 1958; Ólafur Jónsson, 1945).

Mönnum varð fyrst kunnugt um Hvannalindir árið 1833 þegar Pétur Pétursson frá Hákonarstöðum fór vestur um Brúaröræfi fyrir Fjallvegafélagið í leit að fárum leiðum frá Austurlandi vestur á Sprengisand (Páll Melsteð, 1834).

Norðan og norðaustan við Kreppuhrygg er fjallbákn allmikið sundurskorið af döllum og giljum. Heitir það Fagradalsfjall. Fremur lágor 5 km langur háls sem Trautz (1919) nefnir Kreppuháls liggur til norðurs vestan við Fagradalsfjall og rennur Kreppa um dalinn sem þar verður á milli. Bennan sama háls nefna Guttormur Sigbjarnarson og félagar (1971) Stifluháls en þeim hefur líklega ekki verið kunnugt um nafngift Trautz.

Krepputunguhraun hafa runnið norður með Kreppuhálsi og þvert fyrir mynni áðurnefnds dals. Við það hefur tekið fyrir rennsli Kreppu norður í Jökulsá og hefur hún þess í stað leitað austur um skarð nokkurt norðan við Fagradalsfjall. Í dalsmynninu hefur hins vegar myndast um 2 km langt og 250 m breitt lón sem heitir Kreppulón (ljósmynd; sv.hv 14). Einhver ruglingur hefur verið með Kreppulónsnafnið. T.d. kallað Trautz (1919) vatnið austan við Kreppubróng Kreppulón, enda var hið rétta Kreppulón burrt þegar hann fór þar um 1912 og fékk lónstæðið, eða dalurinn öllu heldur, nafnið Dauðadalur.

Austan Kreppulóns ríð bratt móbergsfell. Dalverpi skiptir því í two hnúka og er sá nyrðri öllu hærri (853 m). Hinn hnúkurinn, sem er mun meiri um sig og 836 m þar sem hann er hæstur, liggur meðfram lóninu. Fellid nefnist Lónshnúkur og virðist það nafn eiga við báða hnúkana. Trautz (1919) kallað fellid Dauðadalshnúk og virðist sömuleiðis eiga við báða hnúkana.

Kreppa sveigir til norðurs með Lónshnúk að austanverðu og rennur síðan meðfram austurjaðri Krepputunguhrauna til Jökulsár á Fjöllum. Mestan hluta leiðarinnar frá Kreppuþróngum norður fyrir Lónshnúk rennur Kreppa á aurum og hvergi er um eiginlega fossa að ræða.

Norðan Lónshnúks mjókkar Krepputunga til mikilla muna. Veldur því einkum háreist móbergsfell sem Upptyppingar nefnist, en það þvingar Jökulsá til austurs í átt til Kreppu. Suður af Upptyppingum er lág móbergsalda rétt við Jökulsá sem Trautz nefndi Vaðhæð, en hann fór yfir ána á vísinduá móts við olduna árið 1912 (Trautz, 1919). Rétt austar í Krepputungu er önnur hæð eða lítið fell úr móbergsbreksíu sem Trautz nefndi Sandfell.

Nokkru norðan við Upptyppinga, á móts við brúna yfir Kreppu, eru aðeins um 400 m á milli áんな og verður Krepputunga þar mjóst. Nyrst í tungunni koma uppsprettur fram undan hrauninu og er þar dálítil gróðurvin sem Jón í Möðrudal nefndi Neðri-Hvannalindir en hinar eiginlegu Hvannalindir nefndi hann Efri-Hvannalindir (Guttormur Sigbjarnarson, óbirt skýrsla). Í örnefnaskrá Örnefnastofnunar er talað um Kreppulindir neðst í Krepputungu.

2.1.2 Fagridalur

Norðan Fagradalsfjalls gengur um 11 km langur dalur til suðausturs frá Lónshnúki og nefnist hann Fagridalur. Ytri hluti hans er sléttlendur og er breidd hans þar um 1 1/2 km. Dalbotninn er mjög votlendur með mörgum lífríkum tjörnum. Gróðurfar er hið fjölbreytilegasta og kemur reyndar á óvart, einkum ef haft er í huga að dalbotninn er í um 600 m hæð (ljósmynd; litur 12-15).

Um 4 km innan við mynni dalsins þrengist hann til muna og þverbeygir til suðvesturs. Jafnframt tekur fyrir allt sléttlendi. Austurhlíð dalsins á þessum kafla er mynduð af röð móbergshnúka og krýna grágrýtisklakkar kolla þeirra nyrðri. Stærsti og ábúðamesti klakkurinn er á nyrsta fellinu og dregur það eflaust nafn af Útlitinu og nefnist Hattur. Vestan þess og norðan Fagradals er bungulaga hálendi sem nefnist Fagradalsgrjót (Örnefnaskrá Örnefnastofnunar Íslands). Trautz (1919) nefnir það Kreppuöldu en Guttormur Sigbjarnarson og félagar (1971) tala um Álfadalsdyngju enda er það að mestu úr dyngjubasalti. Þá hafa Héraðsmenn nefnt fjallid Álfadalshæðir (Völundur Jóhannesson, munnl. uppl.). Er nafngiftin Fagradalsgrjót notuð í þessari skýrslu enda er hún líklegast upprunalegust.

Með innanverðum dalnum að vestanverðu, andspænis áðurnefndri hnúkaröð er berangurslegur háls sem hér er kallaður Fagradalsháls. Endar hann í allbröttum múla yst. Utar með dalnum ríss áður nefnt Fagradalsfjall, 1022 m, og er það mest fjallanna á þessum slóðum.

Fyrir mynni dalsins ríss Lónshnúkur eins og áður var getið. Kreppa rennur í stórum sveig norður með hnúknum þvert fyrir mynni dalsins og síðan áfram norður með Fagradalsgrjótum vestanverðum. Í hana fellur Fagradalsá, lítil dragá sem á sér upptök suður á hæðunum austur af Kverká og hér eru nefndar Kverkárhæðir. Lengd árinnar frá upptökum til ósa við Kreppu er um 20 km. Þar sem Fagridalur sveigir til suðvesturs hefur áin grafið einkar snoturt gljúfur, um 2 km langt og um 15 m

djúpt. Norðan þess rennur áin í bugðum á sléttlendinu. Flóða í Kreppu gætir greinilega nokkuð langt inn eftir Fagradalsá. Nokkur silungur er í ánni, sennilega mest út við Kreppu (Hákon Ádalsteinsson, munnl. uppl.).

Suður af mynni Fagradals gengur Sandadalur, grunnur og gróðursnauður eins og nafnið ber með sér (ljósmynd; litar 13). Um hann fellur Sandadalsá. Hún hefur grafið um 700 m langt og alldjúpt gljúfur, Sandadalsgljúfur, um miðjan dal og annað álika langt en grunnt gil í dalkjaftinum. Allhár foss er í gljúfrinu en ekki vannst tími til að skoða hann. Syðst á Sandadal er dálítið vatn, nafnlaust, sem hér er kallað Sandadalsvatn. Vestur af því eru tvö skörð í Fagradalsfjall. Hið nyrðra hefur verið nefnt Grýttgil (Kristinn J. Albertsson, 1972; Guttormur Sigbjarnarson, óbirt skýrsla), en hið syðra er hér nefnt Skammidalur.

Norðan Fagradals og austan Fagradalsgrjóta er langur og mjór dalur sem Alftadalur heitir. Hann hefur norðaustlæga stefnu en við norðausturhorn Fagradalsgrjóta þverbeygir hann til norðvesturs og opnast út í Arnardal, grunnan og sléttan dal á milli lágra móbergshryggja norður af Fagradalsgrjótum. Lítill bergvatnsá, Alftadalskvísl, fellur út dalinn. Akslóði liggur um Arnardal og Fagradalsgrjót frá Möðrudal suður til Fagradals. Hár og brattur móbergsfjallgarður rís meðfram austanverðum Alftadal og verður hann hæstur fyrir miðjum dal. Heitir hann Alftadalsfjall.

2.1.3 Háumýrar

Austan við Hatt tekur við um 1 km breið dæld eða dalverpi sem teygist til norðausturs og heita Háumýrar. Norðaustur úr þeim gengur þróngur dalur sem nefnist Vesturdalur. Annað nafn, Vesturárdalur, hefur stundum verið notað af heimamönnum á Brú (Sigfús Sigvarðarson, munnl. uppl.). Vesturdalsá fellur um hann og á hún upptök sunnan Háumýra.

Eins og nafnið bendir til er vel gróið á Háumýrum (ljósmynd; litar 16), en einungis nyrsti hlutinn er verulega votlendur. Þar eru stararfloðar með rústum. Vestan við rústasvæðid og vestan við norðurenda Hatts er annað nokkru minna flóasund og fellur Háumýrakvísl þaðan yfir til Háumýra. Hún hefur brotist í gegnum kubbabergshaft í norðurtöglum Hattsins og fellur í tveim fossum niður til Vesturdalsár.

Líklegt verður að teljast að upphaflega hafi heitið Háumýrar einvörðingu átt við flóasundin nyrst en síðan yfirfærst á allt gróðurlendið austan Hatts en það er raunar drög Vesturdals.

Norðan Háumýra verða fyrir grágrýtisöldur en norðan þeirra er allstórt stöðuvatn, sem hefur tvö nöfn, Báruvatn og Gæsavatn. Æskilegra væri að nota nafnið Báruvatn þar sem gæsanafnið er notað á vatn nokkru sunnar (Grágæsavatn) og sömuleiðis eru Gæsavötn á Vatnajökulsvegi sunnan Trölladyngju. Allt umhverfi Báruvatns er gróðurvana og líflaust. Vatnið er ákaflega tært og virðist líflítið. Samt er í því silungur en hann er afar mjósleginn. Í leiðangri Náttúrugripasafnsins voru lögð tvö silunganet yfir nótt og fengust í þau 9 silungar, hinn lengsti 52 cm.

Austan Háumýra og Vesturdals ríð brattur móbergsfjallgarður, Hvannstóðsfjöll. Hæstur er hann sunnan til, um 800 m yfir sjávarmáli. Hann lækkar mjög til norðurs og heitir þar Háls.

Inn með Hatthrygg og sunnan Háumýra eru tvö smávötn, nafnlaus. Frá því syðra liggur 20-30 m breiður farvegur til norðausturs en þverbeygir síðan til suðausturs niður til Sauðár. Um sumartímann er farvegurinn alveg burr ofantil en skammt ofan við beygjuna fossar lækur út úr eystri bakknum (ljósmynd; sv.hv. 23). Heitir hann Vesturdalslækur. Farvegurinn hefur eflaust myndast í lok síðasta jökulskeiðs þegar jöklar náðu lengra fram en þeir gera nú.

2.1.4 Grágæsadalur

Sunnan Fagradalsfjalls er stuttur dalur sem opnast til suðvesturs og nefnist Grágæsadalur. Fyrir mynni dalsins liggur lág hæð sem hér er nefnd Kverkáralda. Liggur hinn gamli farvegur Kreppu í sveig austur fyrir hana og þvert fyrir mynni dalsins (ljósmynd; litur 11). Kverká rennur inn í farveginn sunnan við mynni Grágæsadals á móts við Kverkáröldu.

I Grágæsadal er stöðuvatn, um 1,5 km á lengd og 700 m á breidd. Nefnist það Grágæsavatn. Vatnið er mjög oft jökulskolað og minnir liturinn á ýmis jökulvötn eins og t.d. Löginn. Astæðan er sú að Kverká heldur uppi vatnsstöðunni og fellur inn í vatnið í flóðum um kíl sem liggur úr vatninu að suðvestanverðu.

Nokkurt undirlendi er við vatnið norðanvert. Þar er sémilega gróið og sömuleiðis upp með lækjarskorningum og giljum. Hvannir eru áberandi en hafa þó mjög verið bitnar af sauðfé hin síðustu sumur. Leiðangur frá Náttúrugripasafnini hafði viðvöl í Grágæsadal í byrjun ágúst 1978, og voru þá allar hvannir óbitnar að því er virtist. Þó er þess getið í örnefnaskrá Örnefnastofnunar að sauðfé sé oft í svokölluðu Nesi sunnan Fagradalsfjalls. Mun þar átt við áðurnefnt undirlendi. Þar á flatanum hafa Völundur Jóhannesson frá Egilsstöðum og fleiri reist sér ferðaskála (Einarsskáli) og liggur bíslsíð að honum austan frá Sauðárdal og að norðan úr Arnardal og Fagradal.

Sunnan Grágæsadals er móbergshryggur, öldóttur nokkuð, og er hann nafnlaus nema syðsti hnúkurinn sem heitir Grágæsahnúkur. Hér hefur hryggurinn verið nefndur Grágæsahryggur. Upp af vatninu sunnanverðu gengur mikið gil og skuggalegt inn í Grágæsahrygg og má segja að það kljúfi hann í sundur. Þar fæst gott snið í gegnum móbergshrygginn og undirstöðu hans og sjást þar miklir og sérkennilegir stuðlasveipir í bergen. Gil þetta nefna Héraðsmenn Grettisgil eftir einum félaga sínum, Einari Ólafssyni frá Bingmúla, en hann hafði viðurnefnið Grettir. Einarsskáli er og kenndur við hann (Völundur Jóhannesson, munnl. uppl.).

Sunnan Grágæsahnúks gengur um 7 km langur dalur, Kverkárdalur, til suðausturs að Brúarjökli og fellur Kverká frá honum út dalinn og út í farveg Kreppu sem áður segir.

2.1.5 Laugarvalladalur

Austan Hvannstóðsfjalla er langur og mjór dalur sem Laugarvalladalur heitir. Reyndar heitir efri hluti hans Sauðárdalur og munu skilin vera þar sem Laugarvalladalur fer að þrengjast og hækka að marki.

Dalurinn er vel gróinn og hlýlegur yfir að líta. Laugarvalladalsá bugðast út dalinn til norðurs og eru upptök hennar á Sauðárdal. Graslendisvellir eru um miðjan dal að vestanverðu við ána og nefnast þeir Stóri- og Litli-Hringur. Á Stóra-Hring var býli til forna og hét það Hringsstaðir (Þorvaldur Thoroddsen, 1913; Helgi Valtýsson, 1940). Nokkru innar er vallendisbali sem heitir Laugarvellir. Þar var reist nýbýli árið 1900 en það fór í eyði 1906. Jarðhiti er nokkur þarna og dregur staðurinn nafn af honum. Þorvaldur Thoroddsen (1913) mældi hitann í uppsprettunum og mældist sú heitasta 60°C . Heitar uppsprettur eru einnig í ánni neðan Laugarvalla. Leitarmannakofi er nú þar sem bærinn var áður og er bílsléð að honum yfir Háls frá Vesturdal.

Austan að dalnum liggur allbrattur háls og hefur hann ýmis nöfn, en Skógarháls er samheiti á honum. Austan Skógarháls er komið að Jöklu og verða þar með ánni ein hin mestu gljúfur hérlandis, 160 m djúp, en því svæði hafa verið gerð skil annars staðar (Hjörleifur Guttormsson og fleiri, 1981).

3 JARÐFRÆÐI

3.1 FYRRI RANNSÓKNIR

Brúaröræfi og þó einkum vestasti hluti þeirra, Krepputunga, hafa lengst af verið með fáförulustu svæðum landsins. Sagnir eru um gagnkvæm ítök jarðanna Skaftafells og Möðrudals fyrr á öldum og virðist ýmislegt benda til þess að einhver samgangur hafi verið á milli bæjanna um Vatnajökul eða Klofajökul eins og hann hét þá (þorvaldur Thoroddsen, 1913; Þórður Tómasson, 1980).

Að öðru leyti virðast menn hafa sneitt hjá Brúaröræfum í ferðum sínum á milli landshluta og lágu leiðir flestra, sem fjallveg fóru til Norðurlands og Suðurlands, um Jökuldalsheiði og Möðrudal. Má í því sambandi benda á ferð Sáms á Leikskálum er hann reið á Bingvöll um Ódáðahraun (Hrafnkelsaga). Löngu síðar, sumarið 1618, reið Arni Oddsson úr Vopnafirði til Bingvalla (Jón Espolin, 1827) og mun margt benda til þess að hann hafi farið frá Brú um Brúaröræfi og yfir Jökulsá á Fjöllum suður undir Dyngjujökli. Sé það haft í huga að Arni hafði knappan tíma til fararinnar og burfti nauðsynlega að komast til þings á réttum tíma hlýtur að mega álykta að hann hafi þekkt þessa leið, annað hvort af eigin raun eða af afspurn. Heimildir eru til sem benda til þess að Skálholtsbiskupar hafi farið þessa leið áður en Arni fór áðurnefnda ferð (Gísli Oddsson, 1942).

Arið 1794 var fyrst farið um Brúaröræfi vestur yfir Jökulsá á Fjöllum svo vitað sé með vissu. Þar var á ferð Pétur Brynjólfsson úr Fljótsdal og var hann sendur til að leita að fárum leiðum frá Austurlandi til Suðurlands (Sveinn Pálsson, 1945).

Næst er ekki getið um ferðir vestur um Brúaröræfi fyrr en 1833 að Pétur Pétursson frá Hákonarstöðum á Jökuldal fór að tilhlutan Fjallvegafélagsins til þess að kanna færar leiðir af Austurlandi á Sprengisand og varð mönnum þá fyrst kunnugt um Hvannalindir (Páll Melsteð, 1834). Eftir þetta verða ýmsir til þess að fara um Brúaröræfi, m.a. Björn Gunnlaugsson, 1838 og þorvaldur Thoroddsen, 1882 (í Laugarvalladal) og 1884 (í Krepputungu).

Eftir aldamótin síðustu fjölgar ferðum verulega á Brúaröræfi, bæði lærðra manna og leikra. Fyrir jarðfræðina eru merkastar ferðir jarðfræðiprófessorsins Max Trautz 1910 og 1912, Pálma Hannessonar 1933 og Ólafs Jónssonar 1941. Hafa þeir allir ritað greinargóðar lýsingar á vestasta hluta Brúaröræfa. Þá hafa bresku jarðfræðingarnir F. W. Anderson og G. W. Tyrrell lýst jarðfræði Austur-Kverkfjalla og upptakasvæði Kreppu (Anderson, 1949; Tyrrell, 1949). Að síðustu árum hefur Orkustofnun látið gera margháttar rannsóknir á Brúaröræfum sem einkum hafa miðað að vatnafræðilegum mælingum og kortlagningu berggrunnsins (Guttormur Sigbjarnarson o. fl., 1971; Guttormur Sigbjarnarson, óbirt skýrsla). I tengslum við þær rannsóknir hefur Kristinn J. Albertsson (1972) skrifad ritgerð til B.S.-prófs í jarðfræði við Háskóla Íslands og fjallar hún einkum um svæðið umhverfis Fagradal. Að lokum skal þess getið að Bessi Ádalsteinsson, Orkustofnun, hefur unnið að jarðfræðiskýrslu um Brúaröræfi.

Ekki verður frekar fjölyrt um ferðir og rannsóknir á Brúaröræfum en vísað í nákvæma lýsingu Olafs Jónssonar (1945) í riti hans "Ódáðahraun"

3.2 BERGGRUNNUR

Jarðsögulega séð tilheyrir berggrunnur Brúaröræfa síðkvartera tímanum, nema vestasti hlutinn, Krepputunga, sem er að stórum hluta þakinn hraunum frá nútíma.

Elstu jarðmyndanir er að finna austast á svæðinu. Það eru hlýskeiðshraun og bólstraberg við Sauðá sem eru öfugt segulmögnuð, þ.e. frá Matuyama segulskeiði. Þau ættu því að vera eldri en 700 þúsund ára. Annað berg er rétt segulmagnað og því tilheyrandi Bruhnesh segulskeiði, nema reyndar bólstrabreksía nyrst í Hatti, sem gaf öfuga segulstefnu.

Jarðlagagfræði þessa svæðis er nokkuð flókin og veldur því einkum óregluleg upphleðsla, misgengi og strjálar opnur og stuttar. Tílkun jarðлага er einnig varasöm vegna staðháttar, t.d. er varlegt að túlka öll jökulbergslög sem sérstök jökluskeið þar sem nálægð jökla hefur trúlega atíð verið fyrir hendi á hlýskeiðum, a.m.k. á kaldari tímabilum þeirra.

A 3. mynd eru sýnd helstu jarðlagasnið sem tekin voru (sjá staðsetningu á 2. mynd). Vafalítið er víða hægt að finna fleiri opnur en þar koma fram og þá hugsanlega að fá öruggari tengingar.


Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu jarðmyndunum svæðisins og þær teknar fyrir eftir aldursröð eins og hún er túlkuð hér.

3.2.1 Sauðárdalur

Helstu opnur eru í Sauðárfossi, Grýttalæk og Vesturdalslæk. Í Sauðárfossi eru tvö öfugt segulmögnuð hraunlög. Hraunlögin eru dulkornótt og ummynduð enda er greinilega gamalt jarðhitasvæði á þessum slóðum. Hraunlögin tilheyra líklega sömu syrpum og kemur fram efst í börmum Dimmugljúfra. Bessi Ádalsteinsson (1974) telur að þau tilheyri Matuyama segulskeiði og að rétt segulmögnuð lög sem liggja ofar í Lambafelli séu frá Jaramillo segultímabili. Þetta getur komið heim við þær athuganir sem gerðar voru innar með Sauðá. Þar finnst jökulberg neðst í gili, sem hér er kallað Grýttilækur, og liggur það ofan á öfugt segulmagnaða basaltinu í Sauðárfossi. Ofan á jökulberginu liggur 5 m þykkt rétt segulmagnað basaltlag, dulkornótt og ummyndað. Það er sennilega af sama aldrí og rétt segulmagnaða basaltið í Lambafelli, þ.e. frá Jaramillo.

Ofan á basaltið kemur um 10 m þykkt jökulberg og þar ofan á 50 m þykkt kubbabergslag, öfugt segulmagnað. Í gegnum kubbabergið skerst um 1 m þykkur gangur og er hann einnig öfugt segulmagnaður.

Innar á dalnum og vestar á Brúaröræfum er allt berg rétt segulmagnað nema móbergsbreksía nyrst í Hatti. Ekki fékkst örugg tenging milli þessara öfugt segulmögnuðu myndana en gengið er út frá því að þær séu frá sama segultímabili þ.e. síðast á Matuyama.



2. mynd. Staðsetning berglagasnýða.

Hædirnar í nágrenni Grýttalæks eru þakar plagioklasdílóttu basalti. Þau lög má finna í flestum hæðum allt inn að Kverká. Miðað við útlit bergsins í handsýni má ætla að fjöldi hraunlaga í hæðunum innan Vesturdalslækjar sé a.m.k. 3 og nokkuð líklega eru þau öll frá sama hlýskeiði.

Hægt er að rekja hraunlögin vestur að Grágæsadal en þar hverfa þau undir móbergið í Grágæsahrygg. Líklega má þó finna þau í Kverkárnesi, en þangað var ekki farið. Plagioklasdílótt basalt finnst aftur á móti austast í Krepputungu við Kverká og gæti það hugsanlega verið sama myndun.

3.2.2 Háumýrar

Berggrunnur Háumýra má heita algerlega þakinn lausum jarðlögum og þ.a.l. er mjög lítið um opnur. Nyrst á mýrunum sést í 4 basaltlög. Tvö þau neðstu mynda fossbrúnir tveggja fossa í Háumýrakvísl og eru þau bæði rétt segulmögnum og nokkuð ummynduð. A milli þeirra er lagskiptur sandsteinn og völuberg, u.p.b. 5 m að þykkt.

Í hæðunum sem afmarka Háumýrar að norðan eru tvö þykk og fremur fínkornótt basaltlög, hið neðra plagioklasdílótt. Þau eru bæði rétt segulmögnum og. Ekki sést hvort setlag er á milli þeirra né heldur undir þeim. Virðist liggja beinast við að álykta að þessi lög séu þau sömu og finnast í hæðunum inn af Vesturdalslæk, enda í svipaðri hæð.


Vestast á Háumýrum taka við móbergsmyndanir sem ætla má að séu eldri en hraunlögin. I farvegi Háumýrakvíslar norðan við Hatt er rétt segulmagnað kubbaberg og virðist líklegast að hraunlögin á Háumýrum hafi runnið upp að því.

Um 1 km sunnan við kubbabergsopnuna er skálaga sandsteinn í 675 m hæð í austurhlíð Hatts og liggur hann líklega ofan á kubbaberginu. Ekki sést hve þykkur sandsteinninn er. Ofar í Hatti, í 760 m hæð, sést í smádfílóttu móbergsbreksíu sem mældist öfugt segulmögnum. Rétt ofan við hana tekur svo við stuðlað basaltlag, rétt segulmagnað, og myndar það m.a. Hattinn. Bergið er fremur gróft og mjög dílótt og hefur öll einkenni dyngjubasalts. Hægt er að rekja það spölkorn suður eftir Hatthrygg.

3.2.3 Grágæsadalur

I Grettisgili fæst gott snið gegnum Grágæsahrygg og jarðlögin undir honum. Neðst í gilinu er nokkuð ummyndað plagioklasdílótt basaltlag, rétt segulmagnað. Ofan á það leggst 5-10 m þykkt völuberg og víxllaga sandsteinn, en þar ofan á kemur 10 m þykkt jökulberg. Yfirborði basaltlagsins hallar lítillega til norðurs eða norðvesturs og virðist sandsteinninn fleygast inn á móti hallanum.

Ofan á jökulbergið leggst móbergið í Grágæsahrygg. I miðju hryggsins eru miklir stuðlasveipir og kubbaberg sem ganga yfir í bólstraberg og breksíu utar (ljósmynd; sv.hv. 21-22). Mesta þykkt móbergsins er um 130 m í Grágæsahnúk.



Austan í hryggnum sést hvar kubbabergið leggst yfir dílabasaltið sem þekur hæðirnar austar og áður var minnst á. Móbergsmyndunin er því klárlega yngri en basaltsyrpan sú.

3.2.4 Fagradalsfjall

Fagradalsfjall er gert úr a.m.k. 3 gosmyndunum og er þá átt við allt fjallendið á milli Fagradalsárs og Kreppu. Í gljúfri Fagradalsár er bólstrabreksíá með innskotslögum og er sú myndun a.m.k. 25 m þykkt. Ofan á breksiuna leggst jökulberg u.p.b. 20 m þykkt. Í lækjarskörningum í vesturhlíðinni, nokru sunnan við gljúfrið, sést hvar jökulbergið gengur inn undir kubbabergssveipi úr smádfilóttu basalti. Ofan á kubbabergið kemur síðan breksíán í Fagradalshálsi og verður að álíta að það sé ein og sama gosmyndunin.

Vestan Sandadals virðist Fagradalsfjall gert úr tveimur gosmyndunum með jökulbergslagi og vatnaseti á milli. Í Grágæsalal vestanverðum er lagskipt völuberg og sandsteinn neðst en ofar kemur kubba- og bólstraberg. Jökulberg liggur síðan yfir öllu saman. Vestur við Kreppu er völuberg neðst en ofan á það kemur túff og breksíá og þá jökulberg. Ofar má sjá bólstraberg klætt breksíukápu að utan og efsti hluti Fagradalsfjalls virðist gerður úr breksíu eingöngu.

Samkvæmt athugunum Kristins J. Albertssonar (1972) er neðsti hluti Fagradalsfjalls úr jökulbergi sem kemur fram á tveim stöðum í vesturhluta fjallsins en síðan kemur móberg, þá jökulberg og lokks móbergið í efri hluta fjallsins.

Efra jökulbergið segir Kristinn að komi fram í botni Sandadals og í gilið nyrst í Fagradalshálsi. Væntanlega er það þá sama jökulbergið og fram kemur undir kubbaberginu innar í vesturhlíð Fagradals.

3.2.5 Fagradalsgrjót

Að mestum parti virðast Fagradalsgrjót mynduð af dyngjuhraunum, enda kallaði Guttormur Sigbjarnarson (óbirt skýrsla) svæðið Álfadalsdyngju. Meðfram vestanverðum Álfadal og sunnan Arnardals gægist móberg upp úr dyngjunni á nokkrum stöðum. Bendir allt til þess, að dyngjuhraunin hafi runnið upp að móbergshrygg, sem legið hefur vestan við Álfadal, og kaffært hann að miklu leyti. Að sömu niðurstöðu hefur Kristinn J. Albertsson (1972) komist.

Basaltið í dyngjunni er beltað og fremur gróft í korni svo sem títt er um slíkar myndanir. Sunnan Arnardals er ás eða hvalbak úr stórstuðluðu og mjög grófkornóttu basalti. Visast er þar um að ræða sérstakt storknunarfyribær í dyngjunni. Guttormur og Kristinn gera ráð fyrir að þarna sé um að ræða innskot sem síðan hefur rofist ofan af. Minnir bergið mjög á lag sem sést syðst í Sauðafellsöldu (Einar Bórarinsson, 1981).

Dyngjuhraunin má rekja vestur að Kreppu þar sem þau hverfa undir aura hennar. Tilsýndar virðast hraunin koma fram undan móberginu í Lónshnúki handan árinnar, en það þarf þó að athuga betur. Til suðurs nær dyngjan að Fagradal og má rekja hraunin frá Kreppu inn að gili því sem hér hefur verið nefnt Krækla. Þar hverfa hraunin við misgengi en

við tekur lagskipt völuberg - a.m.k. 15 m þykkt. Líklegt má telja að þar sé um sama setið að ræða og finnst neðst á Sandadal. Ekki fundust ógögjandi merki um hvort setið er yngra eða eldra en dyngjan.

Vestast á dyngjunni eru móbergskollar en undir þeim er jökulberg. Dyngjan er mjög rofin og höggud af misgengjum. Bendir hvort tveggja til þess að hún sé allgömul. Kristinn Albertsson (1972) telur að hún sé frá Elliðavogshlíðskeiði en Guttormur Sigbjarnarson (óbirt skýrsla) telur að hún sé að öllum líkindum eldri. Ljóst er að hún er eldri en Lónshnúkur og þar með neðri móbergsmyndunin í Fagradalsfjalli. Yngri myndunin í Fagradalsfjalli er trúlegast frá næst síðasta jökulskeiði (Nauthólvíkurskeið) og eldri myndunin frá þriðja síðasta jökulskeiði (Artúnshöfðaskeið) ásamt Kreppuhrygg og Lónshnúki. Þar með er Alftadalsdyngjan ekki yngri en frá þriðja síðasta hlýskeiði (Svínafellsskeið).

3.2.6 Krepputunga

Eins og áður hefur verið getið er berggrunnur Krepputungu mjög þakinn hraunum frá nútíma, en austast gægist þó gamli berggrunnurinn undan þeim. Þannig kvíslast Lindahraun milli hæða sem að mestu leyti eru úr plagioklasdílóttu bólstra- og kubbabergi, mjög blöðróttu og ummynduðu. Austur við Kreppu er mjög ferskt, plagióklasdílótt basalt og finnst það væntanlega einnig austan árinnar í Kverkárnesi. Ekki er ólíklegt að það sé í att við plagióklasdílóttu hraunlögin austur í Kverkárhæðum. Norður með Kreppuhrygg, þar sem Kreppa fellur í þrengslin, sést í basaltlag austan árinnar. Ekki er vitað hvort um sama lagið er að ræða en líklegt verður það að teljast.

Norðan Kreppuhryggjar taka við grágrýtisöldur og er bergið í þeim fremur gróft í korni en díla- og blöðrulaust. Nokkurrar ummyndunar gætir í því. Sunnan við Kreppuháls eru grágrýtishædir úr plagioklasdílóttu, smáblöðróttu og fremur grófkornóttu basalti. Miðað við hæð ætti það að vera yngra en bergið norðan Kreppuhryggjar en sú ályktun er þó hæpin vegna þess hve litlu munar. Ofan á áðurnefndum grágrýtislögum liggur móbergið í Kreppuhrygg og Kreppuhálsi. Sé haft í huga það sem áður var sagt um aldur á Kreppuhálsi og Lónshnúki ætti aldur grágrýtislagnaða að vera frá Svínafellsskeiði eða svipaður og Alftadalsdyngju.

Kreppuhryggur er að því er virðist einvörðungu gerður úr bólstrabergi. Bergið er plagióklasdílótt og ummyndað. Dílar eru dreifðir og fremur smáir, varla yfir 5 mm í þvermál. Í handsýni sést að grunnnassinn er alsettur örmjóum plagióklasstöfum, u.p.b. 1 mm á lengd.

Kreppuháls er að langmesti leyti gerður úr bólstrabergi. Bergið er alsett smádílum úr plagioklasi með þvermál u.p.b. 1-2 mm, en stakir stærri dílar sjást einnig.

Lónshnúkur er gerður úr bólstrabergi nema efsti hlutinn sem er úr breksíu. Þunn kápa úr túffi er utan á ytri hnúknum. Bergið er áþekkt neðri mynduninni í Fagradalsfjalli enda er líklegast um sömu gosmyndun að ræða.

Yfir grágrýtinu og móberginu liggur víða vel harðnað jökulberg. Góða

opnu er að finna í það við Kreppu um 4 km suður af Sjónarhæð þar sem taumur úr Lindahrauni hefur runnið niður að ánni (ljósmýnd; sv.hv. 11). Jökulbergið er barna a.m.k. 4 m þykkt, laust í sér hið efra en kolhart neðan til. Ekki var hægt að sjá nein glögg skil á milli lausa hlutans og hins harða, þannig að um aðskildar myndanir væri að ræða. Því liggur beinast við að álykta að setið sé frá lokum síðasta jökulskeiðs.

Kverkfjallarani er sem fyrr segir úr móbergi. Virðist mega greina ranann í nokkra hryggi sem vestast hafa norðlæga eða jafnvel norðvestlæga stefnu en hún breytist þegar austar kemur og austast stefna hryggirnir til norðausturs. Raninn er fjölbreytilegur í útliti og þar má finna flest stig móbergsmýndunar. Flestir hryggirnir eru gerðir úr bólstrabergi og kubbabergi. Túff þekur nyrsta hlutann, Lindafjöll, og sömuleiðis munu syðstu fellin vera klædd túffi. Þá er túffkápa efst á Rifnahnúk. Bergið í Kverkfjallarana er yfirleitt stakdílótt basalt en dæmi um þéttadílótt berg finnast þar einnig. Næsta vist er að flestir hryggirnir og fellin eru mynduð við gos undir jöklí á síðasta jökulskeiði.

3.3 Gosmyndanir frá nútíma

Eins og áður er vikið að er Kverkfjallarani mjög eldbrunninn og hraun hafa runnið út á sléttlendið beggja vegna ranans svo og um hann sjálfan. Ekki var unnt að gera neinar nákvæmar athuganir á legu eldstöðva né heldur rekja útbreiðslu einstakra hrauna frá þeim og er ekki vitað til að það hafi nokkurn tímann verið gert. Guttormur Sigbjarnarson og félagar (1971) hafa að vísu kortlagt hraun og eldstöðvar umhverfis Kverkfjallarana en alveg vantar kortlagningu á rananum sjálfum. Pálmi Hannesson (1958) getur um 3 eða hugsanlega 4 gossprungur vestantil í rananum og 3 austan við hann. Miðað við fjölda þeirra hrauna sem runnið hafa frá Kverkfjallarana er þó líklegt að fjöldi þeirra sé nokkru meiri.

Auk hraunanna úr Kverkfjallarana hafa mikil hraun komið frá svæðinu vestan Jökulsár á Fjöllum og flætt um allan ytri hluta Krepputungu norðan Lindafjalla og Hvannalinda (Guttormur Sigbjarnarson, óbirt skýrsla). Þau skera sig úr hraunum frá Kverkfjallarana í því að þau eru mjög plagioklasdílótt.

Yngstu hraunin eru vafalaust Lindahraun og Lönguhlíðarhraun, en það síðarnefnda hefur runnið norður milli Lönguhlíðar og Lindafjalla. Þau eru bæði dulkornótt apalhraun með stökum plagioklasdílum eins og flest Kverkfjallaranahraunin.

Lindahraun er eins og áður er að vikið komið úr 3 km langri gígsprungu austan við Kverkfjallarana og er Svarthyrna syðsti hluti þeirrar sprungu. Hraunið hefur þwælst um öldótt landið á milli ranans og Kreppu uns komið er norður fyrir Sjónarhæð. Þaðan rennur það í einum taumi norður með Kreppuhrygg að vestanverðu allt til Hvannalinda. Mesta lengd hraunsins er um 15 km og áætlað flatarmál er um 22 km^2 . Þykkt hraunsins er víða 3 - 5 m og gæti rúmmálið þá numið 0,1 km³.

Lönguhlíðarhraun er komið úr gossprungu sem liggur um vestanvert Kverkhnúkaskard og virðist aðalgígurinn vera skammt sunnan við

skarðið. Meginhraunið hefur runnið norður um skarðið á milli Lönguhlíðar og Lindafjalla og mjór taumur úr því hefur raunar runnið til austurs með Lindafjöllum að norðanverðu. Flatarmál Lönguhlíðarhrauns virðist svipað og Lindahrauns, en það er mun þykkara og gæti rúmmál þess numið 0,2-0,3 km².

Lönguhlíðarhraun hefur runnið yfir misgengi þar sem orðið hefur nokkurra metra sig í gömlu hraununum undir. Greinilega hefur lítil hreyfing átt sér stað á þessum misgengjum eftir að hraunið rann og styður það ásamt útliti fullyrðingu um ungan aldur. Unglega hrauntauma má einnig sjá suður með vesturhlíðum Kverkfjallarana.

Af öðrum eldstöðvum og hraunum skal aðeins minnst á Kreppuhraun. Það er syðst í Krepputungu niður undir Kreppu. Hraunið er lítið, aðeins 4-5 km². Það sem er sérkennilegt við þessa myndun er gossprungan, en hún hefur nokkurn veginn austur-vestur stefnu. Slík stefna er ekki einsdæmi en samt óvanaleg. Brúarjökull hefur gengið yfir eldstöðvarnar og hluta hraunsins, líklegast í framhlaupinu 1894.

4 LANDMOTUN

Með hugtakinu landmótun er átt við hvernig ýmis öfl móta ásýnd landsins. Þau öfl sem að verki eru má flokka í tvennt: Ytri öfl, sem eru í eðli sínu niðurbrotsöfl eins og t.d. ár og jöklar, og innri öfl, sem oftast eru byggjandi eins og t.d. eldgos.

Um þátt innri afla hefur þegar verið fjallað í kaflanum um berggrunninn þar sem upphleðslu og höggun er lýst. Því verður hér í þessum kafla eingöngu fjallað um þátt ytri aflanna í mótnum Brúaröræfa. Valin hefur verið sú leid að lýsa áhrifum hvers landmótunarþáttar fyrir sig í stað þess að taka hvert landsvæði fyrir. Þeir þáttir sem fjallað verður um eru: landmótun jöklar, vatns, frosts og vindar.

Með hugtakinu rof er hér átt við svörfun bergs og brottflutning þess, en veðrun er hér eingöngu notað um niðurbrot bergsins.

4.1 LANDMOTUN JÖKLA

Jöklar valda stórkostlegum breytingum á landi því sem þeir fara um. Þegar þeir hafa náð ákveðinni þykkt, skríða þeir undan eigin þunga líkt og seigfljótandi tjara. Skriðhraðinn er einkum háður halla landsins og þykkt jöklusins. Þar sem saman fer bratti og mikil jökulþykkt má búast við miklu rofi. Að Brúararfum liggja tveir stærstu skriðjöklar landsins, Brúarjökull og Dyngjujökull. Báðir aka þeir fram miklu efni eins og sjá má í jökulgörðum og aurum framan við þá. Báðir eru þeir því virkir í rofi á landi því sem þeir bekja. Þá er Kverkjökull mjög virkur í greftrinum og er Kverkin einkar glöggt dæmi um rofform jöklar.

Flestir stærri dalir á Íslandi hafa myndast við rof af völdum jöklar á ísöld. Að Brúararfum eru dalirnar ýmist myndaðir við jökulrof eða vegna upphleðslu langra móbergshryggja við gos undir jöкли. Stundum

fer þetta tvennt saman. Jökuldalur og Sauðárdalur eru dæmi um jöklusorfnar dali en dalirnir í Kverkfjallarana eru hins vegar myndaðir við upphleðslu móbergshryggja. Laugarvalladalur, Fagridalur og Alftadalur eru svo aftur blanda þessara tveggja gerða.

Jökulurd er dæmi um algengar jökulmenjar en hún þekur gamla berggrunninn víðast hvar. Þykkt hennar er breytileg, frá nokkrum tugum sentimetra í u.p.b. 5 metra. Allvíða er hún orðinn vel samlímd og mætti því með réttu kallast jökulberg.

Jökulgardar eru fremur sjaldséðir ef frá eru taldir þeir gardar sem áðurnefndir skridjöklar hafa myndað. Greinilegur garður er innarlega á Fagradal. Sá liggur niður hlíðina vestanverða og skáhallt úteftir en sveigir síðan yfir Fagradalsá rúnum kílómetra innan við gljúfrið. Annar garður, fremur óljós, liggur sunnan við Hatt og teygir sig langleiðina niður undir Vesturdalsá. Þá eru einnig miklir gardar með dauðísvötnum og malarásunum efst á Laugarvalladal. Ekki er ólíklegt að allir þessir gardar séu af sama aldri.

Miðja vegu milli Sandadalsvatns og Skammadalstjarnar er Jökulgardur sem liggur í boga yfir dalverpið á milli vatnanna. Annar liggur upp frá vesturbakka Skammadalstjarnar og er hann mjög máður og ógreinilegur. Að lokum skal getið jökulgardsstubbs í mynni Sandadals, líklegast leifar frá jöкли á Sandadal. Hugsanlega er hann af sama aldri og garðurinn á Fagradal.

Aðrar menjar jöкла á svæðinu en að framan greinir eru jökulrispur. Yfirleitt fylgja þær landslagi, þ.e. stefnu dala og hryggja. Á utanverðum Fagradalsgrjótum fundust jökulrispur með stefnu 330 gráður réttvisandi. Er það nokkru vestlægari stefna en búast mætti við fyrirfram. Hugsanlega hefur sveigja Alftadals valdið einhverri truflun á rennsli jöklusins í lok síðasta jökluskeiðs og beint honum nokkuð til vesturs.

Kristinn J. Albertsson (1972) lýsir tvöföldu kerfi jökulráka á Alftadalsdyngju (hér nefnd Fagradalsgrjót). Eldra rákakerfið segir hann að stefni nálægt norðri en að hið yngra stefni nær norðvestri. Gæti yngra kerfið passað við þá stefnu sem mæld var á Fagradalsgrjótum.

4.2 LANDMÓTUN VATNS

Eins og fram kemur í landlýsingunni í kafla 1 renna allmikil vatnsföll um rannsóknarsvæðið. Ahrif þeirra á landmótunina eru einkum gróftur farvega og framburður. Hversu stórbrotin slík ummerki verða ræðst einkum af straumhraða og vatnsmagni. Þar sem Brúaröræfi eru fremur hallalítill, ef á heildina er lítið, er lítið um djúpa og mikla farvegi. Dimmugljúfur í Jöklusá á Dal sker sig algerlega úr hvað þetta snertir.

Stórárnar renna yfirleitt á aurum og eru lítt afgerandi í greftri. Nokkur snotur rofform vatnsfalla finnast þó á svæðinu og verður þeim nú stuttlega lýst:

Grettisgil liggur þvert í gegnum Grágæsahrygg innanverðan. Hann hefur grafist af affalli uppistöðulóns sem myndast hefur sunnan

hryggjarins í lok síðasta jökluskeiðs. Í farveginum má sjá snið gegnum móbergshrygg og undirstöðu hans. Fylgja má hvernig hryggurinn bróast úr kubbabergssveipum í miðju yfir í bólstraberg, breksíu og túff út til jaðranna. Einnig er í farveginum um 30 m hár foss og er umgerð hans öll hin sérstæðasta; mikil hvelfing úr stuðlabergssveipum og allstór hylur undir. Má hiklaust skipa þessum fossi í röð hinna sérstæðustu sem finnast af þessu tagi. Síðsumars er lækurinn í gilinu lítill og þornar jafnvel alveg í þurrkatíð (ljósmynd; sv.hv. 21).

Fagradalsgljúfur er um 2 km langt og 15 m djúpt gljúfur á miðjum Fagradal. Fagradalsá hefur grafið það gegnum bólstrabrotaberg og er sléttur botninn þakinn ármöl. Gangar og innskotslög sjást í þverskornum börmum gilsins og þar getur að líta ýmsar kynjamyndir (ljósmynd; sv.hv. 17). Myndun þess hefur trúlega átt sér stað í lok síðasta jökluskeiðs þegar Fagradalsá hefur verið jökulvatn frá hörfandi jökuljaðri (sbr. jökulgarðinn sunnan gljúfursins). Ohætt er að fullyrða að gljúfrið eykur verulega á verndargildi dalsins.

Krækla. Það er gil við utanverðan Fagradal að norðanverðu. Nafnið er gefið vegna lögunar gilsins sem minnir helst á kræklótta grein. Það er um 1 km á lengd þar sem það er lengst og 5 - 10 m djúpt. Í gilinu fæst gott snið gegnum setlög þau sem liggja að dyngjunni í Fagradalsgrjótum (Alftadalsdyngju). Lítill lækur rennur um gilið til Fagradalsár og á hann upptök í tjörn nokkru ofan við gilið. Miðað við farveginn sem að gilinu liggur má ætla að hann geti vaxið verulega, t.d. í leysingum, og er líklegast að þá fari gröftur þess aðallega fram.

Sandadalsgljúfur eru í reynd tvö, annað nokkru neðan við miðjan dal en hitt yst í dalnum. Ekki gafst tími til að skoða nema ytra gljúfrið sem er tæpur 1 km á lengd og innan við 10 m djúpt. Í börmum þess er basaltlag sem gengur yfir í kubbaberg efst en undir liggur lagskipt árset og myndar það botn gljúfursins (ljósmynd; sv.hv. 18). Eftir loftmyndum og korti að dæma er syðra gljúfrið mun dýpra en nokkuð svipað að lengd. Pálmi Hannesson (1958) talar um djúpt gljúfur grafið í rósaberg með molabergi undir. Pálmi segir gljúfrið vera neðst á Sandadal en hann hlýtur þó að eiga við innra gljúfrið.

Kreppuhrygg. Austan við Kreppuhrygg hefur Kreppa myndað mikla aura sem liggja í skeifu austur fyrir Kverkáröldu þvert fyrir mynni Grágæsadals. Þar sem farvegurinn sveigir til austurs í átt til Grágæsadals hefur Kreppa brotið sér leið þvert í gegnum berghaft nokkurt sem liggur á milli Kreppuhryggjar og Kverkáröldu. Hvenær það hefur gerst er ekki vitað nákvæmlega. Þegar Pétur Pétursson frá Hákonarstöðum á Jökuldal fór um öræfin 1833 var Kreppa í 6 kvíslum á þessu svæði og hafði vestasta kvíslin brotist í gegnum "hraunháls nokkurn" (Páll Melsted, 1834). Augljóst er samkvæmt lýsingu Péturs að Kreppa hefur þá nýlega verið farin að renna yfir hálsinn þar sem aðeins ein kvísl af sex lá þar um.

Astæðan fyrir þessari hegðun Kreppu er trúlegast sú að áin hefur hækkað farveg sinn verulega austan Kreppuhryggjar með framburði þannig að ekki hefur þurft verulega mikið að gerast til þess að hún gæti brotist yfir haftið milli Kreppuhryggjar og Kverkáröldu. Hugsanlega hefur klakastífla við Kverkáröldu samfara flóði í Kreppu nægt til þess að það gerðist.

Við það að brjótaast yfir haftið hefur Kreppa grafið um 10 m djúpt og innan við 10 m breitt gil, Kreppuþróng (ljósmynd; sv.hv. 13). Gilið virðist grafið eftir misgengi, en ekki er ólíklegt að lækjarfarvegur hafi verið þar fyrir. Gilið ber með sér að um unga myndun er að ræða. Það er grafið í völuberg að mestum hluta og er ljóst að rof í slíku bergi gengur hratt fyrir sig, einkum þegar um er að ræða vatnsfall með jafnmikinn rofmátt og Kreppa.

Sem dæmi um rofhraðann má nefna að þegar Pálmi Hannesson kom að Kreppu 1933, einni öld eftir að Pétur á Hákonarstöðum fór þar um, var gilið aðeins um 3 m á breidd og fyllti án það upp á barma (Pálmi Hannesson, 1958). 21 ári síðar, 1954, var lögð göngubrú yfir Kreppu og var hún 6 m löng. Má þá gera ráð fyrir að breidd gilsins hafi verið um 4 m. Þá brú tók af en 13-14 árum síðar var brúin endurnýjuð og þurfti þá að lengja hana um 2 m (Völundur Jóhannesson, munnl. uppl.).

Miðað við þennan rofhraða verður því vart trúad að Kreppa hafi runnið um Kreppuþróng að staðaldri í marga áratugi. Þessu til stuðnings má benda á að Þorvaldur Thoroddsen (1913), sem kom í Hvannalindir 1884, lýsir Kreppu þannig, að hún hefur á þeim tíma runnið austur fyrir Kverkáröldu og Kverká fallið í hana á bugnum áður en hún kemur að Grágæsal. Þýski prófessorinn Trautz fór um Hvannalindir 1910 og 1912 og teiknaði jarðfræðikort af svæðinu (Trautz, 1919). Á því korti liggur Kreppa austast á aurunum suðaustan við Kreppuhrygg og rennur umhverfis Kverkáröldu. Ekki er ein einasta kvísl látin renna um Kreppuþróng og þar er ekki einu sinni merktur inn lækjarfarvegur. Því verður ekki trúad að um villu sé að ræða hjá Trautz þar sem hann gekk eftir Kreppuhrygg og hefur því séð vel yfir svæðið, enda ber honum saman við lýsingu Þorvaldar. Því má gera ráð fyrir að það sé ekki fyrr en um og eftir 1920 sem Kreppa fer að renna af fullum þunga um Kreppuþróng, en samkvæmt lýsingu Péturs á Hákonarstöðum er þó ljóst að kvíslar úr Kreppu eru farnar að slá sér norður yfir ölduna miklu fyrr.

Hlaupfarvegur Jökulsár á Fjöllum. Sem fyrr segir renna jökulárnar að mestum hluta á aurum á athugunarsvæðinu. Þannig er um Jökulsá á Fjöllum. Aurar hennar ná frá jaðri Dyngjujökuls norður undir Vaðöldu. Fornir aurar og farvegir eru þó miklu víðáttumeiri. Vestan og norðan við Rifnahnúk eru hraunin mjög rofin, greinilega af vatnsgangi, og þar eru þau einnig þakin hnallungum og stórgryti. Naggar og stabbar úr hrauni standa upp úr aurnum og vitna um hraunlag sem án hefur að mestu grafið burt. Norðar í Krepputungu eru víða flóðfarvegir í hraununum og eru þeir t.d. mjög glöggir þar sem án hefur runnið fram af hraunköntum. Miðað við víðáttu auranna og rof hraunanna er ljóst að um mikil flóð hefur verið að ræða í Jökulsá.

Rannsóknir á heimildum um hlaup í Jökulsá benda til þess að án hafi oft hlaupið og þá yfirleitt í tengslum við gos í Dyngjujökli eða Kverkfjöllum (Sigurður Þórarinsson, 1950; Sigurjón Páll Ísaksson, 1984). Þessi hlaup gætu skýrt aurburðinn á hraununum en tæplega rofið.

Fram hafa komið hugmyndir um eitt eða jafnvel tvö gífurleg flóð í Jökulsá, svokölluð hamfarahlaup, sem meðal annars hafi grafið Jökulsárgljúfur og Asbyrgi (Haukur Tómasson, 1973; Kristján Sæmundsson, 1973). Aldur seinna hlaupsins er áætlaður um 2500 ár. Samkvæmt útreikingi Hauks Tómassonar (1973) hefur heildarvatnsmagn

vart verið undir 10 km^3 og þó líklega talsvert meira. Rennsli í hámarki hefur að hans mati vart verið verið undir $400.000 \text{ m}^3/\text{s}$ eða sem næst 2.000 falt meðalrennsli þjórsár. Hvort heldur þetta eru of háar tölur eða ekki, þá er augljóst út frá rofinu að um gífurlegt flóð hefur verið að ræða.

Vesturdalslækur. Forn farvegur, á að giska 20 m breiður, liggur frá efstu drögum Vesturdalsár austur að Sauðá. Ofan til er farvegurinn burr en nokkru áður en hann beygir niður til Sauðár kemur lækur fossandi í einni bunu út úr eystri bakkanum í u.p.b. 2 m hæð yfir farvegsbotninum. Bakinn er úr jökulbergi og virðist lækurinn buna út úr sprungu eða misgengi í því. Ekki fundust sambærileg fyrirbæri annars staðar á Brúaröræfum.

4.2.1 Fossar

Eins og áður hefur komið fram eru Brúaröræfi hallalítill og þar af leiðandi er ekki við því að búast að stórir eða miklir fossar finnist í ánum þar. Sú er og raunin ef frá eru taldir fossarnir í þverám Jöklu, en þeim hefur verið lýst annars staðar (Einar Þórarinsson, 1981).

Af smærri fossum er fossinn í Grettisgili tvímælalaust sá merkilegasti og hefur honum verið lýst hér að framan. Tveir fossar eru í Háumýrakvísl þar sem hún fellur af Háumýrum niður til Vesturdalsár. Þeir eru þó báðir litlir, u.p.b. 5 m háir og ekki þannig útlits að þeir hafi eitt hvert sérstakt verndargildi. Sama má segja um þrengsli í Vesturdalsá og hávaða í þeim nokkru neðan við ármótin við Háumýrakvísl.

4.2.2 Stöðuvötn

Stöðuvötn eru nokkur á suðurhluta Brúaröræfa en flest eru þau smá, vart annað en tjarnir. Stærstu vötnin eru Báruvatn (Gæsavatn), Grágæsavatn og Kreppulón.

Báruvatn er stærst þessara vatna, um 3 km^2 , og líklega dýpst. Það liggur í kvos milli móbergshryggja suður af Alftadalsfjalli. Vatnið er í rauninni 3 vötn tengd saman með mjóum sundum. A milli tveggja syðri vatnanna myndast mjótt eiði þegar lítið er í vatninu, en vatnsborðssveiflur eru verulegar eins og sjá má á strandlinum í fjörunni umhverfis vatnið. Ekkert stöðugt rennsli er í vatnið á yfirborði og ekki heldur frárennsli. Allt umhverfi vatnsins er þakið jökulurð og er vita gróðurlaust.

Grágæsavatn er í kvos (Grágæsadál) á milli Grágæahnúks og Fagradalsfjalls (ljósmynd; litur 11). Upphaflega hefur vatnið náð yfir alla kvosina, líklega allt að Kverkáröldu, en nú hafa Kverká og Kreppa fyllt upp í það utanvert með aur. Kvíslar úr Kverká renna inn í vatnið og valda því að það fær á sig jökkullit. Stundum er jökulgormurinn svo mikill í vatninu að helst minnir á ýmis jökulvötn eins og t.d. Lagarfljót. Brátt fyrir jökulgorminn í vatninu er lífríki furðu mikið, m.a. tölувert af silungi. Vatnið er um $0,8 \text{ km}^2$ að flataarmáli, 1,5 km á lengd og 700 m á breidd þar sem það er breiðast.

Kreppulón liggur í skarðinu á milli Lónshnúks og Kreppuháls. Stærð þess er um $0,5 \text{ km}^2$; 250 m breitt og 2 km langt. Hraun liggur að vatninu norðanverðu og hefur það líklega stíflað uppi vatnið þegar það rann á sínum tíma. Áður hefur Kreppa líklega runnið norður um skarðið til Jökulsár, en hún er aðeins um 3 km vesturundan.

Þegar hraunið stíflaði Kreppu hefur rennsli árinnar beinst til austurs á milli Fagradalsfjalls og Lónshnúks. Þar hefur trúlega verið skard eins og oft er milli hnúka í bólstrahryggjum og nærtæk dæmi eru til um eins og t.d. Grýttgil í sunnanverðu Fagradalsfjalli. Kreppa hefur svo víkkað gilið enda eru barmarnir úr tiltölulega auðgræfu efni, bólstrabergi. Síðan hefur Kreppa hlaðið undir sig auri í farveginum meðfram Fagradalsfjalli og nokkuð inn í suðurhluta Kreppulóns. Að því leyti er ástandið svipað og við Grágæsavatn.

W. L. Watts lýsir á sem kemur að austan og fellur í Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga og gerir Ólafur Jónsson ráð fyrir að þar sé um að ræða kvísl úr Kreppu sem renni gegnum Kreppulón (Ólafur Jónsson, 1945). Augljós merki eru um verulegar vatnsborðssveiflur í lóninu og er hugsanlegt að í mestu flóðum í Kreppu geti runnið einhverjar lénur úr því vestur í Jökulsá. Trautz (1919) teiknar inn á kort sitt flóðfarveg úr lóninu norðvestur í Jökulsá suðaustan undir Upptyppingum.

Önnur vötn á athugunarsvæðinu eru litil og fátt við þau áhugavert landmótunarlega séð. Þó má benda á tjarnirnar í Fagradal en þær eru margar hverjar með 30-50 cm upphleyptan, gróinn garð umhverfis sig. Gardarnir virðast að mestu gerðir úr mjög sendnum jarðvegi og bendir það til þess að þeir hafi myndast við sandfok. Er líklegt að hávaxinn gróður á tjarnarbakkanum hafi veitt sandinn úr fokinu. Pálmi Hannesson (1958) telur að garðarnir hafi myndast við upprót úr botni tjarnanna í aftaka veðrum. Það sem gæti mælt á móti því er að bakkarnir eru mjög brattir að vatninu en afliðandi frá því. Hugsanlega getur þensla lagnaðariss eitthvað hafa komið við sögu í myndun garðanna, en vert væri að þessi fyrirbæri væru athuguð frekar.

Þá má nefna jökultunguvötnin við jaðar Brúarjökuls í Kverkárnesi sem vert væri að lýsa nánar, eins og t.d. Kverkárlón, en úr því koma hlaup í Kverká, síðast í júlí 1984, og lækkaði þá yfirborð þess um 40-50 m (Völundur Jóhannesson, munnl. uppl.). Ekki varð þangað komist að þessu sinni enda Kverkárnesið utan okkar athugunarsvæðis og verður því lýsing á vötnunum þar að bíða betri tíma.

4.3 LANDMÓTUN FROSTS

Áhrifa frostsins gætir mest á hálandi landsins. Það vinnur á margvíslegan hátt að mótu jarðaryfirborðsins. Má þar nefna til frostveðrun bergs þegar frostið sprengir sundur steina og kletta við það að vatn og raki í holrými bergsins þenst út við frystinguna. Einnig veldur frostið ýmsum þenslufyrirbærum í lausum jarðlöögum. Má þar t.d. nefna melatíglu og fleygsprungur á melum og söndum en þúfur, flár og rústir á grónu landi.

Af þessum fyrirbærum skal aðeins minnst á flárnar og rústirnar. Þær er helst að finna nordarlega á Háumýrum þar sem myrlendast er. Þær er að finna rústir sem summar hverjar eru allstórar, 1-2 m á hæð og 10-20

m um sig. Nokkrar eru sprungnar í kollinn og blásnar, en aðrar eru algrónar. Ekki náðist að mæla dýpið á frerann í þeim, en geta má þess að sumarið 1979 mældist 60 cm dýpi á frerann í rústum á Vesturöræfum (Einar Þórarinsson, 1981).

Aðeins sást votta fyrir rústum á blautasta svæðinu í Fagradal.

4.4 LANDMÓTUN VINDS

Ahrifa vinds gætir verulega í landmótun Brúaröræfa. Aðallega er þar um að ræða flutning á efni í formi foksands og ryks. Mest gætir þessa í þurru landáttunum, sunnan og suðvestan, og feykist þá fínasta efnið af aurum jökulvatnanna, einkum Jökulsár á Fjöllum, yfir Brúaröræfi (ljósmynd; sv.hv. 15). Fínasta rykið berst oft langar leiðir, t.d. niður á Austfirði. Mikill sandur hefur borist yfir hraunin í Krepputungu, þ.e. þau sem ekki voru þegar kaffærð í aur af völdum hlaupanna í Jökulsá. Alls staðar þar sem skjól skapast, svo sem við hraunkanta, hædir og fell, hlaðast upp miklir sandskaflar. Ekki má gleyma gróðrinum en í skjóli hans safnast fyrir sandur og má í því sambandi nefna víðihóla í Hvannalindum og melhóla við nordanvert Kreppulón. Austan Krepputungu gætir sandsins ekki eins mikið. Jarðvegur er þar þó mjög sandborinn.

Önnur áhrif vindsins er svörfun jarðaryfirborðsins. Beirra áhrifa gætir þó fremur lítið á Brúaröræfum. Helst er að finna ummerki svörfunar í móberginu í Krepputungu og viða má sjá vindslípaða steina þar, t.d. á Rifnahnúk.

Af sérstökum fyrirbærum tengdum vindinum skal hér minnst á eitt sérstaklega, en það eru "vatnsaugun" í Fagradal og Grágæsadal (ljósmynd; sv.hv. 19). Þetta eru hólar, allt að 1-2 m á hæð, grónir allt um kring og vellur vatn upp um toppinn á þeim. Beir virðast mest megnis gerðir úr sandi og eru beir líklegast myndaðir við sandfok líkt og melhólarnir og tjarnargardarir í Fagradal. Gróðurinn umhverfis uppsprettuna stöðvar sandinn þegar sandfok er en við það hækkar bakkinn umhverfis uppsprettuaugað og smám saman myndast hóll eða hæð með lindina í miðju.

GRÖÐURFAR Á BRÚARÖRÆFUM

Kristbjörn Egilsson

Náttúrufræðistofnun Íslands

СОВЕРШАНИЯ В РАБОТАХ

КО ТЕХНОЛОГИИ СИНЕТЕЗА

ПОЛУЧЕНИЯ ПОЛИМЕРОВ

5 FYRRI GRÓÐURATHUGANIR

Fram að þessu hafa aðeins óverulegar rannsóknir verið gerðar á náttúrufari Hvannalinda, Fagradals, Grágæsadals og Háumýra. Ástæðan er m.a. sú að svæðin eru langt frá byggð, umlukin eyðisöndum og jökulám sem hafa einangrað þau, sérstaklega meðan hestar voru einu farartækin. Ekki hefur heldur verið auðvelt að afla fjár til slíkra rannsóknarferða. Tveir leiðangrar hafa verið farnir á svæðin eftir 1930, en fram að þeim tíma er ekki vitað um neinar athuganir á gróðri. Stór leiðangur var farinn á Vatnajökul og svæðið norðan hans árið 1932. Þessi leiðangur var nefndur "The Cambridge Expedition to Vatnajökull 1932" (Roberts 1933, Aderson og Falk 1935). M.a. var dvalið í nokkra daga í Hvannalindum í júlíímánuði og skráði Falk þar plöntur og athugaði gróðurfar. Steindór Steindórson (1945) fór sumarið 1933 á Brúaröræfi og kom m.a. við í Hvannalindum, Fagradal og Háumýrum. Meginmarkmið þessara ferða var að safna upplýsingum um hin ymsu gróðurlendi hálandisins. Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) hefur með hendi gerð gróðurkorta af öllum rannsóknarsvæðunum. Lokid er grunnteikningu þeirra, en útgáfu hefur verið frestað vegna nýrrar stefnumótunar um grunnkort.


6 GAGNASÖFNUN OG ÚRVINNSLA

Farnir voru brír leiðangrar á rannsóknarsvæðin á árunum 1980-1982, sjá nánar í inngangi. Svæðinu var skipt niður í reiti (10×10 km) sem byggjast á reitaskiptingu Íslands, fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna (Hördur Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970), sjá 4. mynd. Hverjum 10×10 km reit var síðan skipt niður í 2×2 km reiti (hringir á útbreiðslukorti). Þessi reitarstærð er notuð við gerð útbreiðslukorta fyrir háplöntur, og láglöntur (sjá síðar). Alls voru gengnir 71 2×2 km reitir. Heildarstærð rannsóknasvæðisins er því 284 km^2 . Skipting reita milli svæða er sýnd í töflu 1.

TAFLA 1

Skrá yfir fjölda reita og stærð rannsóknasvæðis í km^2

Jökulsá á Fjöllum	6 reitir	24 km^2
Hvannalindir	18 "	72 "
Kreppa	21 "	84 "
Grágæadalur	3 "	12 "
Fagridalur	10 "	40 "
Háumýrar	11 "	44 "
Laugarvalladalur	2 "	8 "
Samtals	71 reitur	284 km^2



4. mynd. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðunum og reitaskipting þeirra.

Skráðar voru háplöntu í hverjum reit og safnað eintökum af mosum, fléttum, sveppum og vafaeintökum háplantna. Einnig var metin þekja háplöntutegunda í hinum ýmsu gróðurfélögum, sem á svæðinu eru, skráð lýsing á þeim svo og gönguleiðum er farnar voru. Tafla 2 sýnir fjölda sniða þar sem gróðurþekja var metin. Hvert snið var 10 m bein lína og var annar hver metri þekjumetinn. Að baki hvers sniðs voru því 5 gróðurreitir, $1 \times 0,33 \text{ m}$ hver reitur með flatarmálið $1/3 \text{ m}^2$. Þekja er skilgreind sem sá hluti yfirborðs (jarðvegs), sem er í löðréttum skugga af hverri plöntutegund. Þekja var metin í prósentum (%). Heildarþekja gróðurs verður gjarnan meiri en 100 % sökum þess að hann getur verið lagskiptur. Mosalag er neðst, þá kemur lag með blómplöntum, grösnum og runnum. Þar sem víðir er hávaxinn bætist briðja lagið við.

TAFLA 2

Skrá yfir fjölda gróðursniða

	snið
Hvannalindir	7
Grágæsalur	2
Fagridalur	12
Háumýrar	8
Samtals	29


Snið sem notuð voru til að meta gróðurþekjuna eru stutt og reitirnir því fáir, vegna þess að tíminn við útivinnu var knappur. Landsvæði sem ganga þurfti um í hverri ferð er geysistórt. Því varð að finna fljóttlega aðferð til að meta gróðurfélög, sem gæfi þó sæmilegt yfirlit um gróðurfar svæðanna. Með þessu móti náðust mikilsverðar upplýsingar um tegundasamsetningu í hinum ýmsu gróðurfélögum á tiltölulega stuttum tíma.

Þekja hverrar háplöntutegundar var metin fyrir sig, enda auðgreindar á vettvangi. Sama er að segja um fléttur. Vafategundum var safnað og þær greindar síðar. Þekja mosu var metin í heild, en eintökum af þeim var safnað og þeir síðan greindir undir smásjá. Til tegundargreininga á háplöntum voru notuð ritin Flóra Íslands (Stefán Stefánsson 1948) og Íslensk ferðaflóra, (Áskell Löve 1970). Um latneskar nafngiftir er að mestu farið eftir Flora Europaea I-V (Tutin o.fl. 1964-1980) og Norsk og Svensk Flora (J. Lid 1974). Nafngiftir fléttna eru samræmdar eftir lista Harðar Kristinssonar (1979): Preliminary list of Icelandic lichens. Nafngiftir mosu eru samræmdar eftir lista Bergþórs Jóhannssonar (1977): Skrá um íslenskar mosategundir í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands (endurskoðað handrit). Nöfn sveppa eru yfirleitt þau sömu og hjá Gams (1967). Latneskum nöfnum háplantna er sleppt í megin texta, en þau eru notuð í töflum og útbreiðslukortum ásamt íslensku nöfnunum.

7 GRÓÐURFAR

7.1 Svæði við Jökulsá á Fjöllum

A 5. mynd er afmarkað svæði, um 24 km^2 , sem rannsakað var við Jökulsá á Fjöllum. Landið er allt gróðurlaust yfir að líta. Sandorpín hraun, vikurflákar og melar. Gróður er mjög strjáll. Adeins plöntur hér og þær. Sem dæmi um auðnina má nefna að á einni gönguleiðinni sem var um kílómetars löng fannst ekki ein einasta planta. Þær tegundir sem helst er að finna eru bæði purrk- og vindþolnar. Eftirtaldar tegundir voru algengastar í hrauninu: Melskriðnablóm, geldingahnappur og lambagras.



5. mynd. Rannsóknasvæðið við Jökulsá á Fjöllum.

TAFLA 3

Tegundir er vaxa í hrauni og á Rifnahnúk.

í hrauni Rifnihnúkur

<i>Arenaria norvegica</i>	skeggsandi	x
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm	x
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör	x
<i>C. nardina</i>	finningsstör	x
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	x
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur	x
<i>Draba nocvegica</i>	hagavorblóm	x
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	x
<i>Leymus arenarius</i>	melgresi	x
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	x
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra	x
<i>Oxyria digyna</i>	ólafssúra	x
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	x
<i>P. glauca</i>	blásveifgras	x
<i>P. pratensis</i>	vallarsveifgras	x
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	x
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	x
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir	x
<i>S. lanata</i>	loðvíðir	x
<i>Saxifraga caespitosa</i>	þúfusteinbrjótur	x
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur	x
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	x
<i>S. maritima</i>	holurt	x

I töflu 3 er að finna lista yfir tegundir er vaxa í sandorpnunum hraunum á svæðinu. Einnig er þar að finna tegundir er fundust þegar gengið var á Rifnahnúk, en tegundum fjölgar nokkuð þegar komið er upp úr sandfokinu. Meðfram Jökulsá er að finna gróður þar sem vatn seitlar fram. Vestast á svæðinu koma upp lindakvíslar og falla þær í Jökulsá. Bakkar kvíslanna eru vaxnir grávíði, en þegar lengra kemur frá minnkar víðirinn og sandorpnar flesjur vaxnar bjúgstör taka við. Ofar með kvíslunum verður gróður enn minni, ber þar talsvert á hrossanál og skriðlíngresi. Þar sem lindirnar koma upp er talsvert af hnúskakrækli. Við Jökulsá fundust auk þess þessar tegundir: Skeggsandi snækrækill, grasvíðir og gulvíðir. Handan Jökulsár við fossana í Svartá eru gróðurvinjar og greindum við þar úr sjónauka ætihvönn.

Niðurstöður um gróðurfar

I heild má segja að svæðið sé gróðursnauð eyðimörk, þar sam mest ber á sandorpu hrauni. Smá græður finnast aðeins þar sem lindir eru meðfram jökulánni.

7.2 Hvannalindir

A 6. mynd er afmarkað það svæði sem hér er talið til Hvannalinda. Alls eru þetta 72 km^2 og er meirihluti svæðisins berir meler og sandorpin hraun, eða alls um 69 km^2 . Gróður land telst hins vegar vera tærir 3 km^2 (unnið eftir óprentuðum gróðurkortum RALA). Af þessu sést að aðeins um 4,2 % svæðisins eru algróin.

Stærsta gróðurvinin er í Hvannalindunum sjálfum sem liggja í 640 m hæð. Lindaá og kvíslar hennar ásamt uppsprettum undan Lindahrauni veita svæðinu nægan raka. Grávíðiflesjur eru nokkuð áberandi auk blómlegs hvannagróðurs við hraunjaðarinn og meðfram lækjum.

Hér á eftir verður greint frá helstu gróðurlendum sem finnast á svæðinu og tegundum er í þeim vaxa. Fyrst verður fjallað um þurrustu svæðin þ.e. mela, hraun og sanda, og síðast þau blautstu, mýrar og tjarnir.

Melar


Mela er að finna á öllu svæðinu. Stærstu samfelliðu melarnir eru á NA hluta þess, milli Lindaár og Kreppu í 600-640 m hæð. Kreppuhryggur (780 m) er allur smágrýttur melur. Vestar á svæðinu eru melar á milli Lindafjalla og hraunsins er liggur meðfram þeim endilöngum. Einnig standa melöldur hér og þar upp úr hrauninu vítt og breitt um rannsóknasvæðið.

Melarnir einkennast af lítilli þekju gróðurs, en veðraður jökulruðningur, steinar og grjót þekja yfirborð. Mest áberandi háplöntutegundir eru lambagras, holurt, melskriðnablóm og geldingahnappur. Vægi hverrar tegundar er misjafnt eftir aðstæðum á hverjum stað. Algengustu fléturnar eru öræfaostur (Stereocaulon arcticum) og hrúðurfléttur á steinum. Litið finnst af mosum. Helst eru það mosar er vaxa á steinum t.d. Andrea rupestirs, Grimmia affinis, Racomitrium sudeticum og á melnum sjálfum t.d. R.canescens.

A tveimur stöðum voru háplöntur skráðar sérstaklega á melum. Í töflu 4 er listi yfir þessar tegundir.

Melur a: Staðsetning á 6. mynd. Smágrýtt jökulurð með stórum steinum á milli. Lítt gróinn. Algengustu tegundir: Lambagras, blásveifgras og geldingahnappur.

Melur b: Staðsetning á 6. mynd. Smágrýttur með stórum steinum á milli. Algengustu tegundirnar eru: Blásveifgras, lambagras, holurt og geldingahnappur. Nálægð melsins við gróskumikinn gróður við Lindaána veldur því að smávaxnar plöntur af ætihvönn vaxa hér og hvar á melnum. Þær ná þó ekki þeim þroska að blómstra. Einnig er nokkuð af grávíði á melnum, sem verður gróskumeiri þegar nær dregur aðliggjandi gróðurlendi, þ.e. grávíðiflesjum, enda liggur melurinn þar lægra og er því rakari.



6. mynd. Rannsóknasvæðið í Hvannalindum.

TAFLA 4

Gróður á melum í Hvannalindum
 Melur a (6251-17)
 Melur b (6251-22)
 8.8.1980.

Plöntulisti		Melur b	Melur a
<i>Angelica archangelica</i>	ætihvönn	x	
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	x	x
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi		x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm	x	x
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör	x	
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	x	x
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur	x	x
<i>Equisetum variegatum</i>	beitieski	x	x
<i>Erigeron uniflorum</i>	fjallakobbi	x	x
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	x	x
<i>Galium normanii</i>	hvítmaðra	x	
<i>Juncus trifidus</i>	móasef	x	
<i>Luzula spicata</i>	axhæra		x
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra		x
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	x	x
<i>P. glauca</i>	blásveifgras	x	x
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	x	
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	x	x
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir	x	
<i>Saxifraga caespitosa</i>	þúfusteinbrjótur	x	
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur	x	x
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	x	x
<i>S. vulgaris</i>	holurt	x	
<i>Thymus arcticus</i>	blóðberg	x	
Samtals tegundir		21	15

Á mel a voru skráðar 15 tegundir og á mel b 21 tegund. Þetta er sá tegundafjöldi sem búast má við þegar skráð er á þróngu svæði (20 x 20 m). Þarna vantar þó ýmsar tegundir sem finnast á melum í svipaðri hæð annarsstaðar á svæðinu, en nálægð mela við önnur gróðurlendi hefur alltaf nokkur áhrif á hvaða tegundir vaxa á þeim.

Hraun og sandar

Stærstur hluti rannsóknarsvæðisins er telst til Hvannalinda er hraun og sandar. Víðáttumikil hraunbreiða nær frá norðurmörkum svæðisins og suður undir Hvannalindir, og frá Lindafjöllum í austri að Lindaá í vestri. Að sunnan taka við miklar sandauðnir og suður af þeim verða svo aftur fyrir úfin hraun (Lindahraun) með melöldum á milli svo langt sem rannsóknarsvæðið nær.

Hraunið og sandarnir einkennast af gróðurleysi. Plöntur finnast á stangli hér og þar, annaðhvort í skjóli við steina eða í lægðum þar sem meira skjól og raka er að fá. Hraunið er veðrað, vindblásið og fyllir fingerður sandur í allar smugur, lægðir og lautir og myndar víða skafla. Sandurinn er allur á hreyfingu í minnsta vindu og háir sandfokið gróðrinum mjög ásamt vatnsleysinu.

Mest áberandi háplöntutegundir eru: Melskridnablóm, lambagras, geldingahnappur, túnvingull og melgresi. Mosar eru fáir og smáir, helst er þá að finna á grjóti og beru hrauni t.d. Andrea rupestris og Racomitrium canescens. Á stöku stað þar sem hraunið slútir fram eru liframosar t.d. Anthelia julacea. Helstu fléttur eru, hraunostur (Stereocaulon vesuvianum), öræfaostur (S.arcticum), tröllaskegg (Usnea sulphurea) og geitaskófir (Umbilicaria spp.).

I töflu 5 eru skráðar háplöntur frá þremur stöðum í hrauninu.

Hraun a: Vestan við Lindasel (6. mynd). A göngu um hraunið, samtals 12 km² svæði, voru aðeins skráðar 12 tegundir, allar purrk- og vindþolnar.

Hraun b: I Lindahrauni við Hvannalindir, rétt innan við hraunbrúnina (6. mynd). Sandlautir eru í hrauninu. Fjöldi tegunda var 23 og hér eru tegundir sem ekki sjást innar í hrauninu t.d. gráviðir, grasvíðir, loðvíðir, blóðberg, krækilyng, kornsúra og beitieski.

Hraun c: Lindahraun. Hraunbrún ofan við sjálfar lindirnar. Hér voru skráðar 34 tegundir. Dæmigerðar hrauntegundir eru hinar sömu og áður var getið, en auk þess fjölgar tegundum er eiga uppruna sinn í ýmsum gróðurfélögum í lindunum t.d. ætihvönn, smjörgras, tungljurt, lindadúnurt, hrafnavífia, fjallafoxgras, klukkublóm og túnfiflar. Raki er meiri í hraunjarðrinum, og skilyrði því betri en innar á hrauninu,

TAFLA 5

Gróður í hraunum við Hvannalindir
 a. Vestan við Lindasel (6250)
 9.8.1980.
 b. Lindahraun (6251-22), inni á hrauninu
 c. Lindahraun (6251-22), hraunbrúnin
 8.8.1980.

Hraun		a	b	c
<i>Angelica archangelica</i>	ætihvönn			x
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	x	x	x
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras			x
<i>Botrychium lunaria</i>	tungljurt			x
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	x	x	
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm	x	x	
<i>Carex maritima</i>	bjústör	x		
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	x	x	x
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur			x
<i>Draba norvegica</i>	hagavorblóm			x
<i>Dryas octopetala</i>	holtasóley		x	
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng		x	x
<i>Epilobium alsinifolium</i>	lindadúnurt			x
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting			x
<i>E. variegatum</i>	beitieski		x	x
<i>Erigeron uniflorum</i>	fjallakobbi		x	x
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	hrafnaffífa			x
<i>Euphrasia spp</i>	augnfró			x
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	x	x	x
<i>F. vivipara</i>	blávingull		x	x
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál			x
<i>Kobresia myosuroides</i>	þursaskegg			x
<i>Leymus arenarius</i>	melgresi	x	x	
<i>Luzula spicata</i>	axhæra		x	x
<i>Phleum alpinum</i>	fjallafoxgras			x
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	x	x	x
<i>P. glauca</i>	blásveifgras	x	x	x
<i>P. pratensis</i>	vallarsveifgras		x	x
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra		x	x
<i>Pyrola minor</i>	klukkublóm			x
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir		x	x
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir		x	x
<i>S. lanata</i>	loðvíðir		x	x
<i>Saxifraga caespitosa</i>	þúfusteinbrjótur			x
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur	x	x	
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	x	x	x
<i>S. vulgaris</i>	holurt	x		
<i>Taraxacum spp.</i>	túnífilar	x		
<i>Thymus arcticus</i>	blóðberg		x	x
<i>Trisetum spicatum</i>	lógresi	x	x	

Víðimör

Stór hluti gróins lands í Hvannalindum er vaxinn víði að meira eða minna leyti. Oftast er grávíðir ríkjandi tegund en einnig er loðvíðir algengur á nokkrum stöðum. Vægi víðisins í gróðrinum er misjafnt eftir aðstæðum á hverjum stað, en rakinn í jarðveginum skiptir þar mestu. Hér á eftir verður lýst nánar nokkrum gróðurlendum þar sem víðir er ríkjandi eða áberandi tegund.

Víðir í sandhólum

A 6. mynd er sýnd staðsetning athugunarsvæðis (þekja 2 og 3). Niðurstöður gróðurmats eru í töflum 6 og 7. Svæðið er u.p.b. $0,1 \text{ km}^2$. Þegar litið er yfir landið verða fyrir augum sandhólar vaxnir víði, aðallega grávíði og loðvíði. Viðiplöntur voru á öllum æfiskeiðum, allt frá ungum plöntum upp í fullþroska plöntur og svo plöntur á hrörnunarskeiði, hálfþeysknar og aldaða einstaklingar. Viðirinn safnar sandinum að sér og myndar hóla. Þegar hann deyr og ræturnar halda sandinum ekki lengur saman, blása hólarnir burt. Undirgróður er þar alltaf fátæklegur vegna þess að hinari smærri plöntur hafa ekki nágu djúpt rótarkerfi til að ná nægilegum raka sér til líffsviðurværis. Ekki er gott að segja til um hvort viðiplöntur deyja vegna vatnsskorts þegar hólarnir hafa náð ákveðinni hæð eða aldurs. Í töflu 6 er að finna þekjumat í einum slíkum sandhóli.

TAFLA 6

Víðir í sandhólum

Hvannalindir (6251-21)

8.8.1980.

þekja metin í %

+ 1% þekja

(- þekja ekki metin)

þekja 2

HÁPLÖNTUR

Salix lanata	loðvíðir	40
Festuca rubra	túnvingull	+
Poa alpina	fjallasveifgras	+
P. glauca	blásveifgras	+
Silene acaulis	lambagras	+

SANDUR 95

Í þessu tilviki er loðvíðir ríkjandi tegund og er með um 40% þekju. Undirgróður er sáralítill en laus sandur er með 95% þekju. Lambagras og túnvingull vaxa aðallega utan í hólunum. Sumarvöxtur víðisins reyndist ná allt að 20-25 cm lengd. Alls fundust 5 tegundir háplantna í sniðinu. A milli sandhólanna eru sandlautir. Þær er tegundafjöldi meiri, en plönturnar ná þær hvergi þekju sem nokkru nemur (tafla 7). Alls fundust 11 tegundir háplantna í sniðinu.

TAFLA 7

Gróður í sandlautum milli víðihóla	þekja metin í %
Hvannalindir (6251-21)	+ 1% þekja
8.8.1980.	(- þekja ekki metin)

þekja 3

HÁPLÖNTUR

<i>Arenaria norvegica</i>	skeggsandi	+
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	+
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	+
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör	1
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	1
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	+
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	1
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	+
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	+
<i>Sagina intermedia</i>	snækrækill	+
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	1

MOSAR +

SANDUR 100

Flöt mosapemba með víði.

A 6. mynd er sýnd staðsetning athugunarsvæðis (þekja 1). Hér er um að ræða flata mosapembu við bakka vestari Lindakvíslar, þar sem mosinn Aulacomnium palustre er ríkjandi ásamt grávíði (tafla 8). Alls fundust 5 tegundir háplantna í sniðinu og 5 tegundir mosa.

TAFLA 8

Flöt mosapemba	þekja metin í %
Hvannalindir (6251-17)	+ 1% þekja
Við bakka Lindár.	(- þekja ekki metin)
7.8.1980.	

þekja 1

HÁPLÖNTUR

Salix callicarpaea	grávíðir	8
Euphrasia spp.	augnfró	1
Festuca rubra	túnvingull	1
Poa pratensis	vallarsveifgras	1
Polygonum viviparum	kornsúra	1
Salix herbacea	grasvíðir	1

MOSAR 100

Aulacomnium palustre	-
Calliergon stramineum	-
Drepanocladus uncinatus	-
Oncophorus virens	-
Pohlia filum	-

SVEPPIR

Utan við reit voru Empetrum nigrum (krækilyng) og Juncus arcticus (hrossanál) á blettum.

Víðisnjóðæld

A 6. mynd er sýnd staðsetning sniðs (þekja 4). Þar er péttur og ber jarðvegur, þar sem snjómosi (*Anthelia julacea*) nær mestri þekju 20% ásamt grasvíði 4% og grávíði 3%. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 10 og mosategundir eru 6. Vottur er af fléttum og mold þekur 80% (tafla 9, sjá litmynd 6).

TAFLA 9

Gróður í víðisnjóðæld Hvannalindir (6251-22) 8.8.1980.	þekja metin í % + 1% þekja (- þekja ekki metin)
--	---

þekja 4

HÁPLÖNTUR

<i>Salix herbacea</i>	grasvíðir	4
<i>S. callicarpaea</i>	grávíðir	3
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	1
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör	1
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	1
<i>Euphrasia</i> spp.	augnfró	1
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	1
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál	+
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	+
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	1
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	1

MOSAR

<i>Anthelia julacea</i>	20
<i>Campylium polygamum</i>	-
<i>Dichodontium pellucidum</i>	-
<i>Distichium capillaceum</i>	-
<i>Pohlia filum</i>	-
<i>Polytrichum piliferum</i>	-

FLÉTTUR

<i>Peltigera</i> spp.	-
-----------------------	---

MOLD	80
------	----

Hálfdeig viðiflesja.

Staðsetning á 6. mynd (þekja 7). Ríkjandi tegundir eru broddastör með 7% þekju, grávíðir með 6% og loðvíðir með 2%. Alls fundust 9 tegundir háplantna og 3 tegundir mosa í sniðinu. Mold þekur 30% (tafla 10, sjá litmynd 5).

Hraunjaðar

Norðurjarðar Lindahrauns er um 1 km á breidd og hæð hans nálgst 5 metra að meðaltali. Undan hraunjaðrinum streyma uppsprettur, sérstaklega austast. Auk þess renna vestari Lindakvísl og Hraunkvísl sitt hvoru megin við hrauntunguna og sameinast síðan norðar í Lindunum. Sjá afstöðu á 6. mynd.

Gróður í skjóli við hraunbrúnina, sem fær nægilegan raka vegna lindanna, er sá gróskumesti á svæðinu. Þetta eru hinar eiginlegu Hvannalindir. Hraunjaðarinn í heild sinni telst ekki sérstakt gróðurfélag, enda þótt hér verði fjallað um hann sérstaklega.

TAFLA 10

Gróður í hálfdeigri viðiflesju Hvannalindir (6251-16) 8.8.1980.	þekja metin í % + 1% þekja (- þekja ekki metin)
---	---

þekja 7

HAPLÖNTUR

Carex microglochin	broddastör	7
Salix callicarpaea	grávíðir	6
S. lanata	loðvíðir	2
Calamagrostis stricta	hálmgresi	1
Carex bicolor	hvítstör	+
Equisetum arvense	klóelfting	+
E. variegatum	beitieski	+
Euphrasia spp.	augnfró	+
Polygonum viviparum	kornsúra	1
Salix herbacea	grasvíðir	1

MOSAR

60

Campylium polygamum	-
Drepanocladus uncinatus	-
Oncophorus virens	-

MOLD

30

TAFLA 11

Listi yfir tegundir í hraunjaðri
Hvannalindir (6251-22)
8.8.1980.

Plöntulisti

HÄPLÖNTUR

<i>Angelica archangelica</i>	ætihvönn
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur
<i>Draba norvegica</i>	hagavorblóm
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng
<i>Epilobium alsinifolium</i>	lindadúnurt
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting
<i>E. variegatum</i>	beitieski
<i>Erigeron spp.</i>	jakobsfíffill
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	hrafnaffífa
<i>Euphrasia spp.</i>	augnfró
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull
<i>F. vivipara</i>	blávingull
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál
<i>Kobresia myosuroides</i>	þursaskegg
<i>Luzula spicata</i>	axhæra
<i>Leymus arenarius</i>	melgresi
<i>Phleum alpinum</i>	fjallafoxgras
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras
<i>P. glauca</i>	blásveifgras
<i>P. pratensis</i>	vallarsveifgras
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra
<i>Pyrola minor</i>	klukkublóm
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir
<i>S. lanata</i>	loðkvíðir
<i>Saxifraga caespitosa</i>	þúfusteinbrjótur
<i>Silene acaulis</i>	lambagras
<i>Taraxacum spp.</i>	túnfíflar
<i>Thymus arcticus</i>	blóðberg
<i>Trisetum spicatum</i>	lógresi

Austast er hraunjaðarinn vel gróinn. Mest áberandi er ætihvönn. Hana er allsstaðar að finna við uppsprettur og meðfram lækjum. Hún er stórvaxin og blómstrar vel, enda er engin sauðfjárbeit á svæðinu. Við uppsprettur er einnig að finna lindadúnurt. Hrossanál og grávíðir eru víða áberandi. Mosar þekja gróðursvörðinn. Í dældum finnast snjódældategundir t.d. klukkublóm, fjallafoxgras og túnfíflar. Um miðjan jaðarinn verður nokkur breyting á góðurfari. Ástæðan er sú að þar seitlar vatn ekki lengur undan hrauninu. Betta hefur strax áhrif á tegundasamsetningu og gróður verður fábreyttari. Melgresi verður áberandi í sandhólum sem hafa myndast í jaðrinum. Vestast í hraunjaðrinum þar sem Hraunkvísl rennur eykst gróðurinn aftur og nær sömu grósku og austast í jaðrinum. Alls voru 33 tegundir skráðar í hraunjaðrinum (tafla 11).

Þó gróðurfar í hraunjaðrinum sé gróskumikið á köflum, eru tegundir mun færri en ætla mætti að óreyndu. Líklega er um að kenna einangrun lindanna, fjarlægð beirra frá öðrum gróðurvinjum. Stöðugt sandfok meirihluta sumarsins á eflaust einnig sinn þátt í því að ýmsar tegundir eiga erfitt uppdráttar.

Hálfdeigjur (Jaðar)

Hálfdeigjur koma víða fyrir á öllu lindasvæðinu á mörkum votlendis og burrlendis. Helstu tegundir háplantna eru, hálmgresi, hrossanál og grávíðir. Sumstaðar koma fyrir svæði þar sem broddastör er algeng, sjá töflu 12. Jarðvegur í jaðrinum er oft sendinn og harður og gróðurinn gisinn.

Votlendi

Lítið fer fyrir eiginlegu votlendi á svæðinu. Það stafar m.a. af því að jaðvegur er sendinn og sífellt áfok hindrar myndun myra. Örlitla "fífuflóa" er að finna á stalli við Lindaá. Þar eru bæði klóffifu- og hrafnafífuflákar með um 60% þekju. Á milli vex hálmgresi, grávíðir og kornsúra. Mosapekja er 100% nema þar em fífan er þéttust, þar ríkir hún ein.

Stærsta (þó lítið sé), og eina regluleg votlendissvæði í Hvannalindum, er að finna þar sem þekja 5 var metin (6. mynd). Barna er blautur flói við tjörn. Vatn er ökladjúpt og mosinn þykkur(litmynd 7). Ríkjandi tegund er hálmgresi með 10% þekju en einnig vaxa þar klóffifa og hrafnafifa í litlum mæli. Mosar þekja 100% og eru Calliergon stramineum og Drepanocladus exannulatus ríkjandi. Hér vantart starir sem venjulega einkenna myrasamfélög.

TAFLA 12

Gróður í jaðri
Hvannalindir (6251-17)
8.8.1980.

þekja metin í %
+ < 1% þekja
(- þekja ekki metin)

þekja 6

HÁPLÖNTUR

<i>Carex microglochin</i>	broddastör	5
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál	3
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	3
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	1
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	+
<i>E. variegatum</i>	beitieski	+
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klóffífa	1
<i>Euphrasia</i> spp.	augnfró	+
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	1
<i>Salix lanata</i>	loðvíðir	+

MOSAR 100

<i>Aulacomnium palustre</i>	-
<i>Calliergon sarmentosum</i>	-
<i>C. stramineum</i>	-
<i>Campylium polygamum</i>	-
<i>Catoscopium nigritum</i>	-
<i>Drepanocladus exannulatus</i>	-
<i>Meesia uliginosa</i>	-
<i>Philonotis fontana</i>	-
<i>P. tomentella</i>	-
<i>Anthelia julacea</i>	-
<i>Barbilophozia quadriloba</i>	-
<i>Cephalozia bicuspidata</i>	-
<i>Cephaloziella hampeana</i>	-
<i>Scapania irrigua</i>	-
<i>Tritomaria polita</i>	-

TAFLA 13

Gróður í flóa
Hvannalindir (6251-17)
8.8.1980.

þekja metin í %
+ < 1% þekja
(- þekja ekki metin)

þekja 5

HÁPLÖNTUR

Calamagrostis stricta	hálmgresi	10
Eriophorum angustifolium	klófífa	+
E. scheuchzeri	hrafnaffífa	+
MOSAR		100
Bryum pseudotriquetrum		-
Calliergon stramineum		-
Drepanocladus exannulatus		-

Tjarnir

Fáar tjarnir eru á svæðinu. Hér verður sagt frá gróðurfari í og umhverfis fjórar þeirra. Fyrst verður lýst nokkuð stórum tjörnum syðst á rannsóknarsvæðinu. Krikatjörn og Löngutjörn og síðan tveim smátjörnum sem eru rétt norðan við hraunjaðarinn í Hvannalindum. Sjá staðsetningu á 6. mynd.

Krikatjörn

Smágrýtt tjörn þríhyrningslaga um 300 m á kant í 675 m hæð. Hraunjaðar liggur að henni austanverðri. Annars liggja að henni melar. Gróin allt um kring. Að kafi í tjörninni vaxa lónasóley og bráðnykra. Vatnsbakkinn er víðast þakinn mosanum Philonotis fontana. Innan um hann vaxa ýmsar háplöntutegundir t.d. hálmgresi, túnvingull, fjallapuntur og hrossanál. Síðan hækkar landið snögglega og eru þar sandhóla, vaxnar grávíði. Í suðurenda tjarnarinnar fellur lækur. Þar eru sandflesjur vaxnar hálmgresi og hrossanál. Í töflu 14 er listi yfir tegundir fundnar við tjörnina.

TAFLA 14

Gróður í og við tjarnir
Krikatjörn (6251-14)
Langatjörn (6251-14 og 15)
6.8.1980.

Plöntulisti		Krika- tjörn	Langa- tjörn
HÄPLÖNTUR			
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	x	x
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	x	x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm	x	x
<i>Carex bicolor</i>	hvítstör	x	x
<i>C. bigelowii</i>	stinnastör	x	
<i>C. maritima</i>	bjúgstör	x	x
<i>Catabrosa aquatica</i>	vatnsnarfagras		x
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	x	x
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur	x	x
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	x	
<i>Epilobium anagallidifolium</i>	fjalladúnurt	x	
<i>E. latifolium</i>	eyrarós	x	
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	x	x
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klóffifa		x
<i>E. scheuchzeri</i>	hrafnafifa		x
<i>Euphrasia</i> spp.	augnfró	x	
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	x	x
<i>F. vivipara</i>	blávingull		x
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál	x	x
<i>J. biglumis</i>	blómsef		x
<i>Leymus arenarius</i>	melgresi	x	x
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	x	x
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra		x
<i>Oxyria digyna</i>	ólafssúra		x
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	x	x
<i>P. glauca</i>	blásveifgras	x	x
<i>P. pratensis</i>	vallarsveifgras	x	x
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	x	x
<i>Potamogeton filiformis</i>	þráðnykra	x	
<i>Ranunculus hyperboreus</i>	trefjasóley		x
<i>R. trichophyllum</i>	lónasóley	x	x
<i>Sagina intermedia</i>	snækrækill	x	x
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	x	x
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir		x
<i>S. lanata</i>	loðvíðir	x	x
<i>Saxifraga nivalis</i>	snæsteinbrjótur		x
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarblóm		x
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	x	x
<i>S. vulgaris</i>	holurt	x	
<i>Taraxacum</i> spp.	túnfíflar	x	x
Samtals tegundir		27	31

Langatjörn

Hún er í um 710 m hæð. Melöldur liggja að henni allstaðar nema að norð-austan en þar er hraun. Uppsprettur eru við tjörnina sunnanverða. Gróður er umhverfis hana þar sem raki í jarðvegi leyfir (litmynd 8). I töflu 14 er að finna lista yfir tegundir sem fundust í og við tjörnina. Fjölbreyttast er gróðurfarið þar sem hraunið nær fram á vatnsbakkann. Helstu tegundir þar eru: Grávíðir, grasvíðir, hrossanál, túningull, fjallasveifgras og vallarsveifgras. Þar sem melar ná að vatninu er hálmgresi algengasta tegundin ásamt mosanum Philonotis fontana. Einnig vex þar vatnsnarfagras.

Tjarnir við jaðar Lindahrauns

Tvær grunnar tjarnir eru rétt norðan við hraunjaðarinna í Lindunum (litmynd 8 og sv-hv. 1). I þeim vex mikil af slíyi (grænbörungum), Nostoc spp. (bláþörungum) og lónasóley. Vatnsbotninn er hardur og sandborinn. Tjarnarbakkarnir eru vel grónir.

Tjörn I. Norðurbakki hennar er hærri og burrari en landið umhverfis. Þar er víðisnjóðæld, svipuð og var skráð í þekju 4 (töflu 9). Aðrir hlutar tjarnarbakkans eru lágir og aflíðandi með 100% mosabekju. Hvannir eru við innrennsli og útfall tjarnarinnar.

Tjörn II. Lágir bakkar og ógróinn sandur sumstaðar með fjörubordi. Út í tjörnina ganga rindaraðir með hálmgresi og hrafnavifa vex í brúskum.

Niðurstöður um gróðurfar

Hér hefur verið fjallað um gróðurfar í Hvannalindum og nágenni, greint frá helstu gerðum gróðurfélaga á svæðinu og tegundum er í þeim vaxa. Aberandi eru hin stóru svæði sem eru nær gróðurlaus (melar, sandar og hraun) og tegundafædin í lindunum sjálfum. Hvannalindir eru aðalgróðurvínin og byggist það á staðháttum. Svæðið stendur nokkuð lágt og streymir vatn upp undan Lindahrauni er liggur sunnan við þær, auk þess sem Lindakvíslar og Hraunkvísl renna meðfram hrauninu og sameinast svo norðar í Lindunum. Gróður meðfram hrauninu er gróskumikill og blómlegur, t.d. hvannir enda er engin sauðfjárbeit á svæðinu. Þegar lengra kemur frá hrauninu verður landið flatt, misblautt og sendið. Víðiflesjur og jaðarsvæði ýmiskonar eru þar aðalgróðurélögir. I Hvannalindum eru góð dæmi um gróðurfar sem er í jafnvægi við mjög erfið ytri skilyrði. Beit sauðfjár og umferð manna truflar ekki vöxt og viðgang gróðurfélagann. Slikir staðir eru nú fáir eftir á Íslandi. Hér er því um að ráða gróðurfar sem mótaðast einungis af veðurfari og náttúrulegum staðháttum. Fjarlægð frá öðrum gróðurlendum torveldar nýjum tegundum að berast til staðarins. Vatnsskortur og sandfok sem stöðugt vofir yfir þegar vindar, jafnvel stuttu eftir úrkomu, hefur takmarkandi áhrif á viðkomu gróðurs. Það eru því aðeins harðgerðstu plöntur sem dafna við þessi skilyrði.

7.3 Svæði við Kreppu

A 7. mynd er afmarkað svæði um 84 km², sem rannsakað var austan við Kreppu. Nær allt svæðið er melar, ávalar jökulöldur með ljósum vikurflákum og sandar. Í og við farveg Kreppu eru miklar leirur og áreyrar.

Allt er svæðið ógróíð að kalla. Á melum vaxa dæmigerðar melaplöntur. Algengustu tegundirnar eru: Lambagras, melskriðnablóm, blásveifgras, mísareyra, túnvingull, beitieski, grávíðir, og grasvíðir (tafla 15). Sandarnir eru eyðimörk. Helst er að finna gróður á eyrum meðfram Kreppu, í giljum og slökkum er snúa að ánni og í lautum þar sem snjór liggur lengi fram eftir vori.


TAFLA 15

Melar
Við Kreppu (6349-15)
10.8.1980.

Plöntulisti

HÄPLÖNTUR

<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör
<i>C. nardina</i>	finningsstör
<i>Cerastium alpinum</i>	mísareyra
<i>Draba norvegica</i>	hagavorblóm
<i>Epilobium latifolium</i>	eyrarós
<i>Equisetum variegatum</i>	beitieski
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull
<i>F. vivipara</i>	blávingull
<i>Luzula spicata</i>	axhæra
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra
<i>Oxyria digyna</i>	ólafssúra
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras
<i>P. glauca</i>	blásveifgras
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra
<i>S. callicarpaea</i>	grávíðir
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir
<i>Saxifraga caespitosa</i>	búfusteinbrjótur
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur
<i>Silene acaulis</i>	lambagras
<i>Thymus arcticus</i>	blóðberg
<i>Trisetum spicatum</i>	lögresi



7. mynd. Rannsóknasvæðið við Kreppu.

Hér á eftir verður sagt frá helstu gróðurteygingum er urðu á vegi okkar þegar gengið var um svæðið.

Gróðurblettir vestan Kreppu

Bakkar Lindaár rétt áður en hún fellur í Kreppu eru sémilega grónir. Mest ber á grávíði, eyrarós, hrossanál og ætihvönn. Á einum stað fannst gulvíðibrúskur um 1 m í þvermál. Rétt við ármótin eru votlendisblettir með tjörnum. Þar vaxa klóffifa, hálmgresi og myrástör eða myrástarabastardur. Mosar bekja svörð. Barna var gróður mikið bitinn af gæsum. Norðan við ármótin eru áreyrar allgrónar. Þar ríkja, hálmgresi, hrossanál, eyrarós og ætihvönn. Grávíðir og holurt eru hér og hvar. Bessar eyrar fara á kaf þegar mest er í Kreppu í sumarleysingum og standa þá hæstu hvannirnar aðeins upp úr kolmórauðum vatnselgnum. Með ánni vestanverðri, svo langt sem rannsóknasvæðið nær, er mjó gróin rönd, með sömu tegundum.

Austan í Kreppuhálsi eru grýttar skriður. Talsvert vex þar af holtasóley og beitieski. Í slökkum er holurt oft kraftmikil þrátt fyrir sandfok og í giljadögum eru grávíðir og beitieski helstu tegundir. Við lónið nyrst á svæðinu er mikill foksandur. Í honum vaxa melgrastoppar.

Norðan í Lónshnúk er velgróin mosabrekka. Áberandi tegundir þar eru, kornsúra, grávíðir og lágresi.

Gróðurgeirar austan Kreppu

Í gili syðst í Fagradalsfjalli (6350-9) verður fyrir dullítill myri og er talsvert gróid umhverfis hana. Þar finnst t.d. hvítstör, kornsúra, fjallapuntur, ætihvönn, gullbrá og hálmgresi. Í þessu sama gili eru einnig snjódældarblettir með fjallafoxgrasi, túnfíflum og fjalladeplu. Á einum stað fannst fjallasmári og bláberjalyng. Skriðurnar sem vísa að Kreppu eru nokkuð fastar og talsvert grónar, einkum í skorningum. Þar vaxa m.a. holtasóley, grávíðir, grasvíðir, beitieski og lambagras. Á hryggjum milli skorninganna er fléttan öræfaostur áberandi.

Nokkrar græður eru í árgiljum norðan í Fagradalsfjalli (6350-8). Þar eru áberandi, eyrarós, hrossanál, túnfíflar, grávíðir, rjúpustör, grasvíðir og kornsúra ásamt ýmsum snjódældamosum. Af sjaldséðari tegundum má nefna: Geldingahnapp, hálmgresi, bjúgstör, mísareyra, fjallapunt, klóelftingu, beitieski, boghæru, axhæru, ólafssúru, fjallasveifgras, snæsteinbjrjót og lambagras. Slíkar græður með líkri tegundasamsetningu finnast í öðrum giljum sem við fórum um á þessum slóðum.

Neðst í hlíðum Fagradalsfjalls er snýr norður að Kreppu eru gróðurgeirar. Þar eru skorningar með mosa í botni, en grávíði á bökkum. Svæðin milli skorninga eru m.a. vaxin holtasóley, grávíði, túnvingli, hærum og fléttunni Stereocaulon sp. Niðri við ána í brekkurótum er nokkuð af melgresi. Á áreyrum vaxa m.a. eyrarós og ætihvönn.

Þar sem Fagradalsá fellur í Kreppu er nokkuð vel gróðið. Allstaðar meðfram Kreppu eru gróðurflesjur 10-20 m breiðar aðallega vaxnar

grávíði. A stórgryttu nesi stuttu nordar, sem gengur nokkuð út í ána er gróðurfar annað en fyrr var lýst. A grjótinu er mikið um fléttuna Umbilicaria spp. A milli er sandur og ber þar sérlega mikið á holtasóley, en grávíðir, grasvíðir og túnvingull eru auk þess áberandi. Einnig fundust kornsúra, lambagras, krækilyng, mísareyra og fléttan Stereocaulon alpinum (grábreibiskingur).

I gildrögum á þessum slóðum er sumstaðar talsvert fjölbreyttur gróður miðað við sambærileg svæði vestan ár. Grávíðir er hér mest áberandi. Hvergi er þó um samfelldan gróður að ræða heldur gróðurgeira.

Vestan undir Fagradalsgrjótum (reitur 6349-18) eru nokkuð grónar flesjur við Kreppu. Þar sem án hefur skilið eftir um meters kanta er gróðurfarið fjölbreyttast. Ríkjandi tegundir eru: Grávíðir, loðvíðir, eyrarós, fjallapuntur, hrossanál og túnvingull. Sjá nánar í töflu 16.

TAFLA 16

Gróður í sandkanti
Við Kreppu (6349-18)
25.7.1981.

Plöntulisti

HAPLÖNTUR Ríkjandi tegundir

<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur
<i>Epilobium latifolium</i>	eyrarós
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir
<i>S. lanata</i>	loðvíðir

Fylgitegundir

<i>Agrostis stolonifera</i>	skriðlingresi
<i>Angelica archangelica</i>	ætihvönn
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras
<i>Carex krausei</i>	toppastör
<i>Cerastium alpinum</i>	mísareyra
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting
<i>Luzula spicata</i>	axhéra
<i>Minuartia biflora</i>	fjallanóra
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras
<i>Sagina intermedia</i>	snækrækill
<i>Salix herbacea</i>	grasvíðir
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur
<i>Silene acaulis</i>	lambagras
<i>Trisetum spicatum</i>	lögresi

A sléttum áreyrum utan við kantana eru mest áberandi tegundir: Skriðlíngresi, túnvingull, fjallapuntur og hrossanál. Sjá nánar í töflu 17

TAFLA 17

Gróður á áreyri
Við Kreppu (6349-18)
25.7.1981.

Plöntulisti

HÁPLÖNTUR
Ríkjandi tegundir

<i>Agrostis stolonifera</i>	skriðlíngresi
<i>Deschampsia alpina</i>	fjallapuntur
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál

Fylgitegundir

<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur
<i>Carex maritima</i>	bjúgstör
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir
<i>Saxifraga nivalis</i>	snæsteinbrjótur
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur

Niðurstöður um gróðurfar


Segja má að svæðið við Kreppu sé að mestu gróðurvana eða gróðurlitlir meler. Gróður er helst að finna þar sem raki er í giljum og áreyrum.

7.4 Grágæsalalur

A 8. mynd er afmarkað svæði, um 12 km^2 , sem rangsakað var í Grágæsalal og umhverfis hann. Af því eru rúmir 8 km^2 fjöll og melaöldur og u.p.b. 2 km^2 leirur og áreyrar. Gróður land er innan við $0,3 \text{ km}^2$. Grágæsavatn er um $0,6 \text{ km}^2$. Rannsóknarsvæðið er því mestallt gróðurvana. Helstu græður er að finna umhverfis Grágæsavatn og gróðurtorfa, svokallað Nes, er meðfram NA hluta þess í 640-650 m h.y.s. (litmynd 11). Á melum vaxa dæmigerðar melaplöntur, lambagras, mísareyra, grávíðir og túnvingull ásamt fléttunni Stereocaulon alpinum (grábreiskingur). Grágæsahnúkur er ógrónar melaöldur. Í giljadögum utan í honum er þó að finna snjóðeldagróður á stöku stað. Meðfram Kverká eru gróðurflesjur. Þar vaxa m.a. hrossanál,

fjallapuntur og grávíðir. Nær allsstaðar meðfram Grágæsavatni eru grónar eyrar, þar vaxa t.d. ætihvönn, hrossanál, hálmgresi, grávíðir, hrafnafífa og rauðstör. Hvönnin er allsstaðar mikið bitin og skemmd af sauðfé. Þegar mikið er í Kreppu hækkar í vatninu og stórá hluti eyranna fer á kaf. Kaffærast þá gróðurinn þannig að aðeins stærstu hvannir standa upp úr vatnselgnum. Við norður og norðaustur enda vatnsins á Nesinu, er aðal gróðurtorfan, samfellt undirlendi u.p.b. 100 m á breidd og nær 0,3 km² að flatarmáli. Gróðurtorfan er þykk og sundurgrafin af lækjum er falla úr hlíðinni ofan við hana. Gilskorningarnir verða allt að mannhæðardjúpir neðst. Bessi gil eru öll vel gróin og blómleg með snjódældasvip. Þar vaxa m.a. ætihvönn, blágresi, bláberjalyng og fjalladepla. A milli skorninganna kemur einnig sumstaðar upp vatn í lindum. Gróskumikið er á milli lækjanna, spildur með mismunandi gróðurfélögum eftir aðstæðum. Efst í gróðurtorfunni er þurrast. Þar skiptast á krækilyngs-, stinnastara- og grávíðimóar, eftir því hversu raki er mikill á hverjum stað. I töflu 18 er listi yfir tegundir skráðar í krækilyngsmó. Mest áberandi tegundir eru krækilyng með 70% þekju og grávíðir með 5% þekju. Alls fundust 15 tegundir háplantna í sniðinu auk mosa og fléttina.

Þar sem er aðeins rakara tekur við stinnastaramór (tafla 19 þekja 20). Þar er stinnastör ríkjandi (30%) og grávíðir er nokkuð áberandi (2%). Alls fundust 11 tegundir háplantna og 15 tegundir mosa í sniðinu. Tegundir voru ekki skráðar í víðimó, en þar er tegundasamsetning svipuð nema hvað grávíðir er ríkjandi tegund. Neðar er landið blautara. Þar eru mest áberandi stinnastör, hengistör og grávíðir. Blautstu svæðin eru brokflóar (klófífa) og finnast á litlum blettum. Bessu til viðbótar eru hálfgrónar spildur með svipað rakastig og hrossanálaþrarnir, þar sem hvítstör, toppastör, gullbrá og kléelfting láta helst að sér kveða.



8. mynd. Rannsóknasvæðið í Grágæsadal.

Niðurstöður um gróðurfar

Af ofangreindu má sjá að gróðurlendi er lítið í Grágæsadal. Hins vegar er gróðurinn tiltölulega gróskumikill og vel proskadur þar sem hann fær skilyrði til að vaxa. Umferð manna er lítil og skemmdir af völdum umferðar engar utan einn vegaslöði. Svo virðist sem dalurinn hafi verið laus við sauðfjárbeit fram til þessa. Það hefur nú breyst. Nú sáust a.m.k. 12 ár með lömbum. Hefur vera þeirra þegar haft neikvæð áhrif á ætihönnina sem er stórvöxnust og mest áberandi plantan á svæðinu. Allar hvannir stórar og smáar eru nú bitnar og standa oftast aðeins berir stönglarnir eftir, blómgun er hindruð og um leið fræmyndun, sem þýðir að hvannirnar endurnýjast ekki. Má því búast við að þær verði horfnar að mestu af svæðinu innan nokkurra ára ef áfram verður beitt. Auk þess mun mikil beit hafa slém áhrif á gróðurfar staðarins, þar sem hann er mjög viðkvæmur vegna hæðar yfir sjó.

TAFLA 18

Krækilyngsmór
Grágæsadalur (6351-11)
8.8.1980.

þekja metin í %
+ < 1% þekja
(- þekja ekki metin)

þekja 21

HÄPLÖNTUR

<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	70
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	5
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	+
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras	1
<i>Dryas octopetala</i>	holtasóley	+
<i>Equisetum arvense</i>	kílælfiting	1
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	1
<i>Kobresia myosuroides</i>	pursaskegg	1
<i>Pinguicula vulgaris</i>	lyfjagras	1
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	1
<i>Salix herbacea</i>	grasvíðir	1
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	+
<i>Tofieldia pusilla</i>	sýkigras	1
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng	1

MOSAR 35

FLETTUR 1

Peltigera spp +
Stereocaulon alpinum +

Tegundir fundnar rétt utan við athugunarreit : *Carex bigelowii* (stinnastör), *Trisetum spicatum* (lógresi).

TAFLA 19

Stinnastaramór
Grágæsalur (6351-11)
29.7.1981.

þekja metin í %
+ 1% þekja
(- þekja ekki metin)

þekja 20

HÄPLÖNTUR

<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	30
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	2
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	1
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	1
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	1
<i>E. variegatum</i>	beitieski	+
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klóffifa	+
<i>Pinguicula vulgaris</i>	lyfjagras	1
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	1
<i>Salix herbacea</i>	grasvíðir	1
<i>Tofieldia pusilla</i>	sýkigras	1

MOSAR

<i>Campylium stellatum</i>	-
<i>Catoscopium nigrith</i>	-
<i>Cinclidium stygium</i>	-
<i>Dichodontium pellucidum</i>	-
<i>Distichium inclinatum</i>	-
<i>Drepanocladus revolvens</i>	-
<i>Fissidens osmundoides</i>	-
<i>Oncophorus wahlenbergii</i>	-
<i>Polytrichum alpinum</i>	-
<i>Sphagnum teres</i>	-
<i>Splachnum vasculosum</i>	-
<i>Tritomaria polita</i>	-
<i>Barbilophozia quadriloba</i>	-
<i>Blepharostoma trichophyllum</i>	-
<i>Cephalozia pleniceps</i>	-

Tegundir fundnar rétt utan við rannsóknarreit : *Saxifraga hirculus* (gullbrá), *Bartsia alpina* (smjörgras).

7.5 Fagridalur

A 9. mynd er Fagridalur og nánasta umhverfi sýnt. Þar af er rannsóknarsvæðið um 40 km^2 . Samkvæmt óbirtu gróðurkorti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er meirihluti þess melar (um 34 km^2), sem liggja að dalnum á alla vegg og ná víðast langt niður í dalshlíðarnar. Gróð land er samtals um 6 km^2 , eða 15 % rannsóknasvæðisins og er nær allt niður í sjálfum dalnum.

Dalbotninn liggur í um 605 m hæð og er allur sérstaklega vel gróinn. Fagradalsá, sem er lygn bergvatnsá, liðast eftir honum miðjum. Í grófum dráttum má segja að gróðurfar dalbotsins skiptist á eftirfarandi hátt: Fyrir innan miðjan dal eru þurrar víðiflesjur ríkjandi. Meðfram ánni eru þó hálfeigjur og votlendisræmur sitt hvoru megin við þær. Utan við miðjan dal er votlendi ríkjandi beggja megin árinnar og nær það út að ósum hennar þar sem hún fellur í Kreppu. Votlendið á þessum slóðum er afar fjölbreytt þar sem skiptast á flóar, mýrar og tjarnir.


Í dalsmynninu nær gróður lítið sem ekkert upp í hlíðarnar. Við Stóragil í austanverðum dalnum, nær hann einna hæst upp, en fer svo aftur lækkandi inn eftir dalnum. Jarðvegur í austurhlíðinni er víðast bykkur og blásin börð í henni ofanverðri. Uppsprettur eru í miðjum hlíðum á nokkrum stöðum í dalnum vestanverðum og eru hlíðarnar þar umhverfis og fyrir neðan velgrónar. Innst í dalnum er 6-8 m djúpt gljúfur er nefnist Fagradalsgljúfur. Daldrögín ofan þess eru að mestu ógróin að undaskilinni mosapembu á stöku stað.

Greint verður frá helstu gróðurlendum í Fagradal og plöntutegundum er í þeim vaxa. Byrjad verður á því að fjalla um þurrstu svæðin, þ.e. mela og endað á votlendinu. A 9. mynd eru merktir þeir staðir þar sem gróðurþekja var metin.

Melar

Meirihluti rannsóknarsvæðisins eru melar. Vestan við dalinn er Fagradalsháls. Þar eru ógrónar melöldur og jökulöldur austan dalsins eru það einnig. Sandadalur er gengur inn úr Fargadal er smágrýttur og gróðurlítill.

Melarnir einkennast af lítilli gróðurþekju, en steinar og grjót þekja yfirborð. Mest áberandi háplöntutegundir eru lambagras, geldingahnappur, grávíðir, mósareyra og túnvingull. Á melum er víða nokkuð af dvergstör og finningsstör. Þá er beitieski hér og hvar. Fléttur eru helstar Stereocaulon spp. og hrúðurfléttur eru víða á steinum. Mosar eru aðallega á steinum t.d. Andrea rupestris og Grimmia affinis.



9. mynd. Rannsóknasvæðið í Fagradal

Gróður á melum var skráður sérstaklega á tveimur stöðum. Í töflu 20 er listi yfir tegundir sem skráðar voru á 20 x 20 m svæði á sléttum smágrýttum mel. Melurinn er það gljúpur að sporar í þegar gengið er um hann. Plöntur eru allar mjög smávaxnar. Engir mosar fundust.

TAFLA 20

Gróður á mel
Fagridalur (6450-1)
28.7.1980.

Plöntulistí

HÄPLÖNTUR

<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melskriðnablóm
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull
<i>Luzula spicata</i>	axhæra
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras
<i>P. glauca</i>	blásveifgras
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir
<i>S. herbacea</i>	grasvíðir
<i>Saxifraga caespitosa</i>	þúfusteinbrjótur
<i>S. oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur
<i>Thymus arcticus</i>	blóðberg

FLETTUR

Stereocaulon alpinum

Tegundir fundnar rétt utan við athugunarreit : *Carex nardina* (finnungsstör), *Galium normanii* (hvítmaðra), *Dryas octopetala* (holtaðley) og *Equisetum variegatum* (beitieski).

I töflu 21 er listi yfir tegundir sem skráðar voru á mel (þekja 11). Melurinn hallar 20° til SV. Hann er smágrýttur en stærri steinar hér og þar. Mest ber á einstaka brúskum af grávíði, grasvíði og holtasóley.

TAFLA 21

Gróður á melum	þekja metin í %
Fagridalur (6350-21)	+ < 1% þekja
28.7.1981.	(- þekja ekki metin)

þekja 11 (4)

HÁPLÖNTUR

Salix herbacea	grasvíðir	2
----------------	-----------	---

Cardaminopsis petraea	melskriðnablóm	+
Cerastium alpinum	músareyra	1
Draba norvegica	hagavorblóm	+
Dryas octopetala	holtasóley	1
Equisetum variegatum	beitieski	1
Festuca rubra	túnvingull	1
Luzula spicata	axhæra	1
Omalotheca supina	grámulla	+
Poa alpina	fjallasveifgras	+
Polygonum viviparum	kornsúra	1
Sagina intermedia	snækrækill	+
Saxifraga oppositifolia	vetrarsteinbrjótur	+
Silene acaulis	lambagras	+
Thymus arcticus	blóðberg	+

MOSAR	2
-------	---

Anthelia julacea	2
------------------	---

FLÉTTUR	1
---------	---

Stereocaulon alpinum	1
----------------------	---

MELAR	100
-------	-----

Tegundir fundnar rétt utan við athugunarreit: Arenaria norvegica (skeggandi), Carex nardina (finningsstör), Empetrum nigrum (krækilyng), Salix callicarpaea (grávíðir) og Saxifraga caespitosa (þúfusteinbrjótur).

burrindi með smárunnum

lauslega áætlað er burrlendi um helmingur gróins lands í Fagradal. Áberandi eru flesjur með víði og krækilyngi. Þessi gróðurlendi eru oftast slétt eða smáþýfð. Þau er aðallega að finna á bökkum Fagradalsár frá miðjum dal og inn í dalbotn, meðfram lækjum og auk þess á nokkrum stöðum sem standa hærra í votlendinu.

Algengasta tegundasamsetningin er sú að grávíðir, krækilyng og stinnastör eru ríkjandi til skiptis eftir aðstæðum á staðnum og þá aðallega rakastigi. Áðrar áberandi tegundir eru hvítstör, toppastör, hrossanál og stundum lyfjagras. Talsvert af broddastör finnst á blettum.

I brekkum í miðjum austanverðum dalnum eru svæði vaxin grávíði. Jarðvegur er þar grunnur eða enginn. Virðist uppblástur hafa verið þar í eina tíð. A þessum slóðum eru einnig blásin börð. I lausasandinum neðan við þau eru grávíðir, eski og ljósberi áberandi ásamt fléttum af ættkvíslinni Stereocaulon. Þekja var metin á fjórum stöðum og er þar að finna dæmi um tegundasamsetningu í helstu gróðurlendum burrlendis.

Krækilyngs og víðiflesja (tafla 22, þekja 8)

Sjá staðsetningu á 9. mynd. Flatur árbakki: Krækilyng með 30% þekju og grávíðir með 6% þekju eru mest áberandi ásamt gisinni stinnastör. Hrossanál er sumstaðar í flákum. Anthelia julacea er algengasti mosinn. Alls fundust 13 tegundir háplantna í sniðinu, 8 tegundir mosa og 1 tegund fléttna.

Flöt víðiflesja með snjómosa (töflur 23 og 24)

þekja 10, (9. mynd): Snjómosi (*Anthelia julacea*) er ríkjandi tegund með 80% þekju og er gróðurlendið brúnt yfir að líta. Af háplöntum ber mest á grávíði (6%) og hrossanál (1%). Einneig eru flákar með krækilyngi áberandi, þótt það komi ekki inn í þekjumatið svo orð sé á gerandi. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 19 og mosategundir eru 10.

þekja 18, (9. mynd): Meirihluti svæðisins er dökk Antheliuflesja (90%), þar sem hvítstör (1%) er mest áberandi ásamt grávíði (6%), grasvíði, krækilyngi og klóelftingu (1% hver). Alls fundust 19 háplöntutegundir í sniðinu, 9 mosategundir og 1 fléttutegund.

þekja 19, (9. mynd): Hér er landið u.p.b. 1 metra lægra, en þar sem þekja 18 var metin og er því rakara. Inn koma rakakærar tegundir eins og broddastör með 2% þekju og gullbrá. Hrossanál verður meira áberandi og grávíðibrúskarnir eru stærri og jafndreifðari en fyrr. Alls fundust 20 tegundir háplantna, 8 tegundir mosa og 1 tegund fléttna í sniðinu.

TAFLA 22

Krækilyngs- og víðiflesjur
Fagridalur (6450-3)
27.7.1981.

þekja metin í %
+ < 1% þekja
(- þekja ekki metin)

þekja 8

HÄPLÖNTUR

<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	30
<i>Salix callicarpaea</i>	grávíðir	9
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi	1
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	1
<i>C. microglochin</i>	broddastör	+
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	1
<i>E. variegatum</i>	beitieski	1
<i>Euphrasia</i> spp.	augnfró	+
<i>Festuca rubra</i>	túnvingull	1
<i>Parnassia palustris</i>	mýrasóley	1
<i>Pinguicula vulgaris</i>	lyfjagras	1
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	+
<i>Polygonum viviparum</i>	kornsúra	1
<i>Tofieldia pusilla</i>	sýkigras	+

MOSAR

90

<i>Aulacomnium palustre</i>	-
<i>Distichium capillaceum</i>	-
<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-
<i>Homalothecium nitens</i>	-
<i>Anthelia julacea</i>	-
<i>Blepharostoma trichophyllum</i>	-
<i>Cephalozia pleniceps</i>	-
<i>Nardia geoscyphus</i>	-

FLÉTTUR

+

<i>Peltigera</i> spp	-
<i>Stereocaulon alpinum</i>	-

TAFLA 23

Víðiflesja með snjómosa
Fagridalur (6350-22)
27.7.1981.

þekja metin í %
+ 1% þekja
(- þekja ekki metin)

þekja 10

HÄPLÖNTUR

Salix callicarpaea	grávíðir	6
--------------------	----------	---

Calamagrostis stricta	hálmgresi	1
Carex bicolor	hvítstör	+
C. krausei	toppastör	+
C. maritima	bjúgstör	+
C. microglochin	broddastör	1
Empetrum nigrum	krækilyng	1
Betula nana x pubescens ?

Ein planta fannst í Fagradal.




Botrychium lunaria (L.) Sw.
Tungljurt.

Hér og hvar í mólendi og börðum.




Calamagrostis stricta (Timm)
Hálmgresi.

Áður *C. neglecta*. Mjög algengt í
mórlendi, hálfdeygu og á áreyrum.




Cardamine nymanii Gand.
Hrafnaklukka.

Bár og hvar í myrnum, hálfdeygjum og
tjörnum sem oft þorna síðsumars.




Carex bicolor All.
Hvítstör.

Algeng í flötu smáþýfdu mólendi.




Carex bigelowii Torr.
Stinnastör.

Algeng í ýmsum gróðurfélögum
purrlendis og votlendis.




Carex glacialis Mack.
Övergstör.

Hér og hvar á melum og klapparholum.




Carex krausei Boeck.
Toppastör.

Hér og hvar í deigu mólendi,
einkum flagmó.




Carex lachenalii Schkuhr.
Rjúpustör.

Algeng í snjódældum og hér og
hvar í hálfdeigju.




Carex lyngbyei Hornem.
Gulstör.

Vex í og við tjarnir þar sem
mjög blautt er.




Carex maritima Gunn.
Bjúgstör.

Hér og hvar á melum og í sandi.




Carex microglochin Wahlenb.
Brøddastör.

Algeng í deiglendi og vína í
mýrum.




Carex nardina Fr.
Finnungsstör.

Hér og hvar á melum.




Carex nigra (L.) Reich.
Myrastör.

Hér og hvar í myrlendi, aðallega
við tjarnir.




Carex norwegica Retz.
Fjallastör.

Sjaldgæf í móleni.




Carex rariflora (Wahl.) Sm.
Hengistör.

Algeng í flóum og mýrum.




Carex rostrata Stokes.
Tjarnastör (ljósastör).

Umhverfis og í nokkrum
breiðum við tjarnir í Fagradal.




Carex rufina Dreyer.
Rauðstör.

Hér og hvar í mýrajöðrum og græðum
skammt frá tjörnum.




Carex rupestris All.
Móastör.

Hér og hvar í móleni, einkum
flagmóum, svo og á melum.




Carex saxatilis L.
Hrafnstör.

A einum stað í Háumýrum.




Cataesosa aquatica (L.) Beauvois.
Vatnsnarfágras.

Hér og hvar við lindir og á
áreyrum.




Cerastium alpinum L.
Músareyra.

Algengt í mólendi og á melum.




Cerastium cerastoides (L.) Britton.
Lækjáfráhyrna

Algengt í dældum, grafningum og gjilum.




Cerastium fontanum Baumg.
Vegarfí.

Sjaldgæfur á melum.




Coeloglossum viride (L.) Hartm.
Barnarót.

Sjaldgæft í mólendi í Fagradal.




Cystopteris fragilis (L.) Bernh.
Tófugras.

Sjaldgæft í klettaskorum.




Deschampsia alpina (L.) R&Sch.
Fjallapuntur.

Viða í röku mólendi og hálf-deigju.




Deschampsia caespitosa (L.) Beauv.
Snarrótarpuntur.

Viða í gömlu túni og hér og hvar utan þess í Laugarvalladal.




Deschampsia flexuosa (L.) Trin.
Bugúpuntur.

Sjaldgæfur í mólendi og skjól-sælum lyngbrekkum.




Draba incana L.
Grávorblóm.

Fannst við "gamla bæinn" í Laugarvalladal.




Draba norvegica Gunn.
Hágavorblóm.

Hér og hvar í móum og á melum.




Dryas octopetala L.
Holtasóley.

Hér og hvar á melum og í mólendi.




Empetrum nigrum L.
Krakklyng.

Viða í mólendi. Sjaldgæft á melum og örðum gráþurlendum.




Epilobium alsinifolium Vill.
Lindadúnurt.

Sjaldgæf við lindir og læki.




Epilobium anagallidifolium Lam.
Fjalladúnurt.

Viða í dældum og við læki.




Epilobium collinum Gmel.
Klappadúnurt.

A einum stað í grjóti við læki.




Epilobium hornemannii Rchb.
Heiðadúnurt.

Hér og hvar við læki, uppsprettur og í dældum.




Epilobium lactiflorum Hausskn.
Ljósadúnurt.

Sjaldgæf í dældum og gildrögum.




Epilobium latifolium L.
Eyrarós.

Hér og hvar á áreyrum og í gildrögum.




Epilobium palustre L.
Mýradúnurt.

Sjaldgæf í deiglendi.




Equisetum arvense L.
Klöelfting.

Viða í ýmsum gróðurfélögum
purrlandis og rakklandis.




Equisetum hyemale L.
Eskí.

Hér og hvar í sendinni jörð í
Fagradal.




Equisetum palustre L.
Mýrelfting.

Hér og hvar í mýrlandi.




Equisetum pratense Ehrh.
Vallelfiting.

Sjaldgæf í mólendi.




Equisetum variegatum Schleich.
Beitieski.

Hér og hvar í mólendi, sendnum
hálfdeigjum og á melum.




Erigeron borealis (Vier.) Simmons.
Jakobsfifill.

Hér og hvar í mólendi.




Erigeron humilis R.C.Grahm.
Snækobbi.

A tveimur stöðum í þurrum mó-
lendisbrekkum í Fagradal og
Háumýrum.




Erigeron uniflorus L.
Fjallakobbi.

Hér og hvar í mólendi.




Eriophorum angustifolium Honck.
Klöfífa.

Algeng í myrlendi og flóum.




Eriophorum scheuchzeri Hoppe.
Rrafhnafifa.

Algeng í myrlendi og á grónum
blautum áreyrum.




Euphrasia spp.
Augnfró.

Víða í mólendi, einkum börðum.




Festuca rubra L.
Tunvingull.

Algengur í ýmiskonar purrlendi.




Festuca vivipara (L.) Sm.
Blávingull.

Hér og hvar í mólendi og á
melum. Einnig á áreyrum og
sendnum viðiflesjum.




Galium normanii O.C.Dahl.
Hvítmaðra.

Hér og hvar á melum og í mólendi.




Galium verum L.
Guimaðra.

Algeng í mólendi í Laugarvalladal
en hér og hvar í Fagradal.
Fannst hæst í 605 m y.s.




Gentiana nivalis L.
Dýragras.

Hér og hvar í dældum og í
mólendi.




Gentianella aurea (L.) H.Sm.
Gullvöndur.

Hér og hvar í mólendi.




Gentianella tenella (Rottb.) Börner
Maríuvendlingur.

Hér og hvar í mólendi.




Geranium sylvaticum L.
Blágresi.

Hér og hvar í blómdaldum er sná móti suðri og suðvestri.
Fannst hæst í 650 m y.s. í Grágasdal.




Hieracium L.
Undafiflar.

A gróðursælastu stóðunum í Fagradal og Grágasdal.




Hierochloë odorata (L.) Beauv.
Reyrgresi.

Hér og hvar í skjósælum brekkum.




Hippuris vulgaris L.
Löfotur.

I nokkrum tjörnum í Fagradal.
í 605 m y.s.




Juncus alpinus Vill.
Myrasef.

I flagi við heita uppsprettu í Laugarvalladal.




Juncus arcticus Willd.
Hrossanál.

Hér og hvar í hálfdeigju (jöðrum)




Juncus biglumis L.
Flagasef.

Hér og hvar í rökum flögum og áreyrum.




Juncus trifidus L.
Móasef.

Hér og hvar í mólendi og mosabænum.




Juncus triglumis L.
Blómsef.

Hér og hvar í rökum flögum.




Kobresia myosuroides (Vill.) Fiori.
Dursaskegg.

Víða í purrlendi.




Koenigia islandica L.
Naflagras.

Hér og hvar í flögum og áreyrum.




Leontodon autumnalis L.
Skarifífill.

Viða í gömlu túni í Laugar-valladal.




Leymus arenarius (L.) Hochst.
Melgras.

Áður Elymus are... Hér og hvar í foksandi




Loiselleuria procumbens (L.) Desv.
Sjaldgæfur.

Sjaldgæfur í burru mólendi í Fagradal. f 605 m y.s.




Luzula arcuata Swartz.
Fjallhára, boghára.

Hér og hvar á melum og í mosapembum.




Luzula multiflora (Retz.) Lej.
Válhára.

Sjaldgæf í mólendi. Fannst í 650 m y.s. í Grágásadal.




Luzula spicata (L.) DC.
Axhára.

Viða í mólendi og á melum.




Lychnis alpina L.
Ljóssteri.

Sjaldgæfur á melum og mólendi í Fagradal. f 605 m y.s.




Minuartia biflora (L.) Sch&Theell.
Fjallnóra.

Viða í rökum rofum, í mólendi og á melum.




Minuartia rubella (Wahlenb.) Hiern.
Melánóra.

Viða á melum, og í mólendi.




Montia fontana L.
Ískjagrýta.

Sjaldgæfur við laki.




Malotheca supina (L.) DC.
Grámulla

Áður Gnaphalium sup.
Viða í snjóðeldum.




Oxyria digyna (L.) Hill.
Ólafssúra.

Hér og hvar í jöklurðum, í skriðum og í sandi.




Parnassia palustris L.
Mýrasóley.

Hér og hvar í mórlendi og deiglendi. Fannst í 650 m y.s. í Grágásadal.




Pedicularis flammea L.
Tröllastakkur.

Hér og hvar í róku mórlendi og mosapembum.




Phippias alpina (Col.) B.L.B.
Gránarvagrás.

Óx við hálfþornata tjörn.




Phleum alpinum L.
Fjallafoxgras.

Áður *P. commutatum*. Viða í dældum og hálfdeygjumóum.




Pinguicula vulgaris L.
Lyfjagras.

Hér og hvar í róku mórlendi og mórum.




Platanthera hyperborea (L.) Lindley
Fríggjargras.

Sjaldgæft í vel grónum mórlendisbrekkum. Í 650 m y.s. í Grágásadal.




Poa alpina L.
Fjallasveifgras.

Algengt í öllum burrlendisgróður-félögum t.d. melum, mosapembum, mórlendi og dældum.




Poa flexuosa Sm.
Lotsveifgras.

Hér og hvar á melum og í skridum.




Poa glauca Vahl.
Blásveifgras.

Hér og hvar á melum, sendnum áreyrum flesjum, hraunum og móum.




Poa pratensis L.
Vallarsveifgras.

Viða í mórlendi og hálfdeygju.




Polygonum viviparum L.
Kornsúra.

En tengi í flórum örðum lengur.




Petasites tripartitus Pers.
Bráðnykra.

Tveimur tígum í Hvammalindum ór Fasradal, í 650 m y.s.




Potentilla palustris (L.) Scop.
Engjarös.

Hér og hvar í myrlendi. Fannst í
605 m y.s. í Fagradal.




Prunella vulgaris L.
Blákkolla.

Hér og hvar í valllendi í
Laugarvalladal.




Pyrola minor L.
Klukkublóm.

Hér og hvar í snjóðældum.




Ranunculus acris L.
Brennisöley.

Hér og hvar í snjóðældum.




Ranunculus hyperboreus Rottb.
Trefjasöley (sefbrúða)

Sjaldgæf í tjörnum, síkjadrögum
og blautum flögum. Fannst í 685 m;
í Hvannalindum.




Ranunculus reptans L.
Flagasöley.

A einum stað í tjörn í Fagradal.




Ranunculus trichophyllum Chaix.
Lónasöley.

Sjaldgæf í tjörnum. Fannst í 685 m
y.s. við Lóngutjörn, Hvannalindum.




Rhodiola rosea L.
Burnirót (svæfia).

Áður Sedum roseum. Sjaldgæf í
klettum.




Rumex acetosa L.
Túnssura.

Víða í dældum giljadögum.




Sagina intermedia Fenzl.
Snækrekkill.

Hér og hvar á áreyrum, melem og
dældum.




Sagina nodosa (L.) Fenzl.
Hnúskakrækkill.

Hér og hvar í rökum sendnum
jarðvegi.




Sagina procumbens L.
Skammkrækkill.

Hér og hvar í dældum og hálfdeigjum.




Sagina saginoides (L.) Karsten
Langkrækkill.

Hér og hvar í dældum og brekkum.




Salix callicarpaea Trautv.
Grávíðir.

Algengur í ýmsum gróðurlendum.
Síst í mjög blaутum flóum.




Salix herbacea L.
Grasvíðir.

Mjög algengur í flestum gróður-
lendum, en síst í myrlendi.




Salix lanata L.
Loðvíðir.

Víða í burru mólendi og sendnum
viðflesjum.




Salix phyllicifolia L.
Gullvíðir.

Sjaldgæfur meðfram lækjum eða
þar sem deigja er í jörðu.




Saxifraga caespitosa L.
Þufusteinbrjótur.

Víða á melum og í móum.




Saxifraga cernua L.
Laukasteinbrjótur.

Hér og hvar í giljum og dældum.




Saxifraga hirculus L.
Gullbrá

Víða í hálfdeigju og rökum móum.




Saxifraga hypnoides L.
Mosasteinbrjótur.

Hér og hvar á melum og í urðum.




Saxifraga nivalis L.
Snæsteinbrjótur.

Sjaldgæfur í klettum og á melum.




Saxifraga oppositifolia L.
Vetrarsteinbrjótur.

Hér og hvar á melum.




Saxifraga rivularis L.
Lækjasteinbrjótur.

Hér og hvar í dældum og drögum.




Saxifraga stellaris L.
Stjórnusteinbrjótur.

Hér og hvor í dældum og við lindir.




Sedum villosum L.
Flagahnöri.

Hér og hvor í flögum og við lindir.




Selaginella selaginoides (L.) Link.
Mosajafni.

Víða í mólendi í Laugarvalladal,
en sjaldgæfur í mólendi og
dældum í Fagradal og Grágæsadal.




Sibbaldia procumbens L.
Fjallasmári.

Hér og hvor í dældum.




Silene acaulis (L.) Jacq.
Lambagrás.

Víða á melum, í mólendi og
dældum.




Silene vulgaris (Moench.) Garcke,
Holurt.

Hér og hvor á melum og söndum.




Taraxacum G.Web.
Túnfíflar.

Algengir í dældum.




Thalictrum alpinum L.
Brjóstastrágras.

Víða í mólendi, mosapembum og
dældum. Fannst hæst í 650 m y.s.
í Grágæsadal.




Thymus praecox Opiz.
Blóðberg.

Víða á melum og í mólendi.




Trifoliodia pusilla (Michx.) Pers.
Sýkigras.

Hér og hvor í dældum og í
mólendi.




Triisetum spicatum (L.) Richt.
Lögresi.

Hér og hvor í mólendi og á
melum.




Vaccinium myrtillus L.
Áðalbláberjalyng.

A einum stað í snjóðals í
Fagradal. í 605 m y.s.




Vaccinium uliginosum L.
Bláberfalyng.

Viða í mólendi og stundum í
þýfðum myrum.



Veronica alpina L.
Fjalladepla.

Viða í dældum og gildrögum.



Viola palustris L.
Mýrfjóla.

Sjaldgæf í hálfdeigju.

8.2 MOSAR

Safnað var eintökum af mosum á rannsóknarsvæðunum og gerði það Kristbjörn Egilsson. Bergþór Jóhannsson á Náttúrufræðistofnun Íslands greindi þá til tegunda.

Alls fundust 128 tegundir mosa, þar af voru 97 tegundir blaðmosa og 31 tegund liframosa.

TAFLA 46

Fjöldi mosategunda eftir svæðum

	Liframosar	Blaðmosar	Samtals
Jökulsá á Fjöllum	0	28	28
Hvannalindir	9	60	69
Kreppa	11	50	61
Grágæsalur	16	49	65
Fagridalur	19	61	80
Háumýrar	15	68	83
Laugarvalladalur	9	22	31

Mosinn er mikilvægur undirgróður hvarvetna þar sem um samfellið gróðurlendi er að ræða. Einkum á þetta við um votlendi, hálfdeigjur, mólendi og snjódældir. A þessum stöðum er þekja mosa oftast mikil, allt að 100%.

Stór hluti lands þess sem rannsakað var er hinsvegar gróðurlitlir melar, sandorpin hraun og áreyrar. Mosar á þessum stöðum ná aldrei verulegri þekju, finnast aðallega með öðrum gróðri þar sem raki er, svo og á klettum og steinum og í klettaskútum.

Eftirtaldar 6 mosategundir fundust í meira en helming reitanna á útbreiðslukortum :

Liframosar : *Anthelia julacea*.

Blaðmosar : *Dichodontium pellucidum*
Distichium capillaceum
Drepanocladus uncinatus
Philonotis tomentella
Racomitrium canescens.

Nokkuð er um sjaldgæfar tegundir á svæðinu, (finnast í 1-3 reitum). Tvær þessara tegunda eru sjaldgæfar fyrir landið, þ.e. Philonotis marchica, sem aðeins hefur fundist á Reykjum í Fnjóskadal áður og Schistidium agarrisii sem fundist hefur á fáum öðrum stöðum á landinu.


Hér á eftir verða taldar sjaldgæfar tegundir blaðmosa á svæðinu, en vísað beint í útbreiðslukortin hvað varðar lifrarmosa. Þeir eru allir sjaldfundnir nema Anthelia julacea sem fer í hóp með tíðustu tegundunum :

Sjaldfundnir blaðmosar :

<i>Amblystegium jungermannoides</i>	<i>Hymenostylium recurvirostrum</i>
<i>Amphidium lapponicum</i>	<i>Hypnum lindbergii</i>
<i>Arctoa fulvella</i>	<i>Hypnum revolutum</i>
<i>Brachythecium reflexum</i>	<i>Lescuraea radicosa</i>
<i>Bryum calophyllum</i>	<i>Meesia triquetra</i>
<i>B. creberrimum</i>	<i>Myurella julacea</i>
<i>B. pallens</i>	<i>Philonotis marchica</i>
<i>B. pallescens</i>	<i>Pottia heimii</i>
<i>Didymodon icmadophilus</i>	<i>Racomitrium fasciculare</i>
<i>Drepanocladus sendtneri</i>	<i>Rhizomnium pseudopunctatum</i>
<i>Encalypta alpina</i>	<i>Rhynchostegium riparium</i>
<i>E. rhaftocarpa</i>	<i>Schistidium agassizii</i>
<i>Fissidens osmundoides</i>	<i>Schistidium rivulare</i>
<i>Grimmia donniana</i>	<i>Splachnum sphaericum</i>
	<i>Tortella fragilis</i>


Hér á eftir fer listi með útbreiðslukortum yfir mosa þá er fundust á svæðinu. Tegundunum er raðað upp í stafrófsröð ættkvísla. Fyrir neðan hvert útbreiðslukort er getið um helstu vaxtarstaði mosanna. Nafngiftir eru samræmdar eftir lista Bergþórs Jóhannssonar (1977). "Skrá um íslenskar mosategundir í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands" (endurskoðað handrit).

BLAÐMOSAR




Amblystegium jungermannoides (Brid.)
A.J.F.Sn.


Vex utan í rökum klettum.




Amphidium lapponicum (Hedw.) Schimp.
Vex á rökum klettum.




Andreae rupestris Hedw.
Vex á þurrum steinum.




Aongstroemia longipes (Somm.) B.S.G.
Vex í rökum sendnum jarðvegi.




Arctoa fulvella (Dicks.) B.S.G.
Vex á mel.




Aulacomnium palustre (Hedw.) Schwaege
Vex í mýrum, á lækjarbökkum og í öðru rakkendi.




Bartramia ithyphylla Brid.
Vex í þurrum og í deiglendi.




Brachythecium groenlandicum (C.Jens.)
Schljak
Vex í snjóðeldum og milli steina
á rökum me lum þar sem snjór liggur
lengi.




Brachythecium reflexum (Starke)
B.S.G.
Vex í snjóðeldum.




Brachythecium rivulare B.S.G.
Vex á lækjarbökkum.




Brachythecium turgidum (Hartm.) Kindl.
Vex í deiglendi og á lækjarbökkum.




Bryoerythrophyllum recurvirostrum
(Hedw.) Chen.
Vex á melum og utan í börðum.




Campylium polygamum (B.S.G.) C.Jens.
Vex í votlendi, á lækjarbökkum
og sendnum áreyrum.




Campylium stellatum (Hedw.) C.Jens.
Vex í myrlendi.




Catescopium nigritum (Hedw.) Brid.
Vex í myrlendi og umhverfis
tjarnir.




Coratodon purpureus (Hedw.) Brid.
Vex í þurru mólendi oft sendnu.




Cinclidium stygium Sw.
Vex í myrum.




Climacium dendroides (Hedw.) Wet &
Mohr.
Vex á lækjarbökkum, tjarnargörðum,
mólendispúfum og víbar.




Dichodontium pellucidum (Hedw.)
Schimp.
Vex í ýmiskonar gróðurlendum, þó
mest við læki, á áreyrum við
tjarnir og stundum í snjóðeldum.




Dicranella subulata (Hedw.) Schimp.
Vex í rökum sandi, áþufum, í myrlendi,
í víðiflesjum og í snjó-
dældum.




Dicranoweisia crispula (Hedw.) Milde.
Vex á steinum.




Didymodon icmadophilus (Müll.) K.Satic
Vex á grjóti og klettum.



Distichium capillaceum (Hedw.) B.S.C.
Vex í ýmiskonar þurrandi t.d.,
í móum, á melum og børðum.




Distichium inclinatum (Hedw.) B.S.G.
Finnst á röku sendnu landi og á
áreyrum.




Bryum callophyllum R.Br.

Vex á rökum sendnum áreyrum.




Bryum creberrimum Tayl.

Áður Bryum affine. Vex á sendnum jarðvegi.




Bryum inclinatum (Brid.) Bland.

Vex í mólendi.




Bryum pallens Sw.

Vex í röku sendnu landi t.d. áreyrum.




Bryum pallescens Schwaegr.

Vex í röku mólendi.




Bryum pseudotriquetrum (Hedw.) Garetn., Meyer & Scherb.

Vex í myrum og á lækjarbökkum.




Bryum purpurascens (R.Br.) B.S.G.

Vex á rökum áreyrum og við tjarnir.




Bryum weigelii Spreng.

Vex á rökum stöðum t.d. lækjarbökkum




Calliergon giganteum (Schimp.) Kindb.

Vex í tjörnum, flóum og mjög blautum myrum, oft alveg á hafi í vatni.




Calliergon richardsonii (Mitt.) Kindb.

Vex í flóum, myrum og við tjarnir.




Calliergon sarmentosum (Wahlenb.)

Kindb.
Finnst oftast í myrum.




Calliergon stramineum (Brid.) Kindb.

Áallega í myrum, en stundum í flóum og við tjarnir.




Ditrichum flexicaule (Schwaeg.)
Hampe.

Vex í mólendi oft þýfðu.




Drepanocladus aduncus (Hedw.) Warnst.
Vex í og við tjarnir og lækí.




Drepanocladus exannulatus (B.S.G.)
Warnst.


Finnst í myrum og flóum, oft á kafi í vatni.



Drepanocladus revolvens (Sw.) Warnst.
Vex í flóum og myrum.




Drepanocladus sendtneri (Schimp.)
Vex við tjarnir.




Drepanocladus tundrae (H. Arnell.)
Loeske.

Vex í flóum og tjörnum, stundum í myrum.




Drepanocladus uncinatus (Hedw.)
Warnst.


Finnst í flestum gróðurlendum, bæði þurrum og rökum.




Encalypta alpina Sm.
Vex utan í klettum.




Encalypta rhabdocarpa Schwaeg.
Vex í klettum.




Eurhynchium pulchellum (Hedw.) Jenn.
Vex utan í klettum.



Fissidens osmundoides Hedw.
Vex í raka t.d. lækjarbökkum.




Grimmia affinis Hornsch.
Vex á steinum.




Grimmia donniana Sm.

Vex á steinum.




Helodium blandowii (Web. & Mohr.) Warnst.

Vex í myrlendi.




Homalothecium nitens (Hedw.) Robins.

Vex í myrum. Einnig á rínum og þúfum. Er líka oft nefndur Tomentypnum nitens.




Hygrohypnum ochraceum (Wils.) Loeske.

Vex á steinum í lænjum, á kafi í vatni.




Hymenostylium recurvirostrum (Hedw.) Dix.

Vex í klettum.




Hypnum lindbergii Mitt.

Vex við lækí.




Hypnum revolutum (Mitt.) Lindb.

Vex á steinum.




Leptobryum pyriforme (Hedw.) Wils.

Vex í rökum sendnum jarðvegi t.d. áreyrum, árbökkum og víðiflesjum.




Lescurea radicosa (Mitt.) Moenk.

Vex í snjóðeldum.




Meesia triquetra (L.) Aongstr.

Vex í blautum myrum og við tjarnir.




Meesia uliginosa Hedw.

Vex í myrum og á áreyrum.




Mnium thomsonii Schimp.


Vex á klettum.




Myurella julacea (Schwaegr.) B.S.G.
Vex á rökum klettum.




Oncophorus virens (Hedw.) Brid.
Vex í mýrum, á lækjarbökkum og
áreyrum.




Oncophorus wahlenbergii Brid.
Vex í sendnum jarðvegi t.d. á grónum áreyrum og viðiflesjum.




Paludella squarrosa (Hedw.) Brid.
Vex í myrum og flóum.




Philonotis fontana (Hedw.) Brid.




Philonotis marchica (Hedw.) Brid.
Vex i jarðhita.




Philonotis tomentella Mol.




Plagiomnium ellipticum (Brid.) Kop
Vex i myrum.




Polygonatum urnigerum (Hedw.) Beuw.
Vex í sendnu þurrlendi eða á
melum og móum.




Pohlia cruda (Hedw.) Lindb.
Vex á melum, í móum, þurrum
þrækkum og viðar.



Pohlia drummondii (L.Muell.) Andr.
Vex í snjóðældum, lækjarbökkum
og á áreyrum.




Pohlia filum (Schimp) Maort.
Vex í snjódældum, á áreyrum
og þúfnarínum í mýrum.




Pohlia wahlenbergii (Web & Mohr.) Andr.

Vex við tjarnir og læki.




Polytrichum alpinum Hedw.

Vex í margskonar gróðurlendum t. þurrum móum, snjódalnum, grónum áreyrum og á þúfum í mýrlendi.




Polytrichum juniperinum Hedw.

Vex í ýmiskonar þurrlendi.




Polytrichum piliferum Hedw.

Vex í þurrlendi.




Pottia heimii (Hedw.) Hampe.

Vex í sandi.




Pseudobryum cinctidioides (Hueb.) Kop.

Vex í mýrum og við læki og tjarnir.




Racomitrium canescens (Hedw.) Brid.

Vex á melum, í móum, áþurrum bérðum, á mýrabúfum og í snjódalnum.




Racomitrium fasciculare (Hedw.) Brid.

Vex í qrjóti.




Racomitrium lanuginosum (Hedw.) Brid.

Vex á melum og steinum.




Racomitrium sudeticum (Funck) B.S.G.,
Vex á steinum.




Rhizomnium pseudopunctatum (Bruch & Schimp.) Kop.

Vex við læki og í mýrum.




Rhynchostegium riparioides (Hedw.) Crad.


Vex í lækjum.




Schistidium agassizii Sull. & Lesq.
Vex á steinum og í lækjum.




Schistidium apocarpum (Hedw.) Limpr.
Vex í burrlendi, á steinum og melum.




Schistidium rivulare (Brid.) Podp.
Vex á steinum í lækjum.




Scopidium scorpioides (Hedw.) Limpr.
Vex aðallega á kafi í flóum og tjörnum. Finnst einnig í myrum.




Scopidium turgescens (T. Jens.) Loeske
Vex í tjörnum og í flóum.




Sphagnum teres (Schimp.) Aongstr.
Vex í myrum og flóum. Er oft aðalmosategundin þar.




Sphagnum warnstorffii Russ.
Vex í myrum, en er aldrei í eins miklu magni og *S. teres*.




Splachnum sphaericum Hedw.
Vex í myrum.




Splachnum vasculosum Hedw.
Vex í myrlendi.




Tayloria lingulata (Bicks.) Lindb.
Vex í myrum.



Tortella fragilis (Brook & Wilts.) Limpr.
Vex í skjóli við steina á berangri.
















Tortula ruralis (Hedw.) Gaertn.,
Meyer & Schreb.
Vex í burrlendi t.d. melum.



Timmia austriaca Hedw.
Vex í margskonar burrlendi.


LIFRAMOSAR






Jungermannia obovata Nees.

Vex við lækki í raka.




Jungermannia polaris Lindb.

Vex í snjóðældum.




Jungermannia subelliptica (Kaal.) Lev.

Vex í snjóðældum.




Lophozia heterocolpos (Hartm.) Buch.

Vex í sandi oft innan um mosann Blepharostoma spp.




Lophozia sudetica (Hueb.) Crolle

Vex í snjóðældum.




Lophozia ventricosa (Dicks.) Dum.

Vex í móum og raklendi innan um blaðmosa.




Marchantia alpestris (Nees.) Burgeff.

Vex í lækjarbökkum og í snjóðældum




Marsupella brevissima (Dum.) Grolle

Vex í snjóðældum og berum móum.




Nardia geocyphus (DeNot.) Lindb.

Vex í rökum sendnum jarðvegi.




Plagiochila porelloides (Torrey) Lindb.

Vex þar sem líttill raki er innan um blaðmosa.




Preissia quadrata (Scop.) Nees.

Vex í jaðri snjóðælda oft í halla.




Sauteria alpina (Nees) Nees.


Vex í skútum og í skjóli undir steinum.



Scapania irrigua (Nees) Gott.
Vex í votlendi.




Scapania lingulata Buch.
Vex í klettum.




Scapania obcordata (Berggr.)
S.Arnell.


Vex á snjóðeldarsvæðum oft með
liframosanum Anthelia julacea.



Scapania undulata (L.) Dum.
Vex á kafi í lækjum eða við þá.




Tritomaria polita (Nees) Joerg.
Vex við lækí.



Tritomaria quinquedentata (Huds.)
Buch.

Vex í mýrum og rökum móum.



Tritomaria scitula (Tayl.) Joerg.
Vex í rökum klettum.

8.3 FLÉTTUR

Safnað var eintökum af fléttum þ.e. runna og blaðfléttum og hrúðurfléttum á jarðvegi.

Kristbjörn Egilsson safnaði fléttunum en Hörður Kristinsson Líffræðistofnun Háskólangs greindi þær til tegunda. Alls fundust 47 fléttutegundir.

TAFLA 47

Fjöldi fléttutegunda eftir svæðum.

Jökulsá á Fjöllum	16	tegundir
Hvannalindir	20	"
Kreppa	22	"
Grágæsalur	16	"
Fagridalur	31	"
Háumýrar	22	"
Laugarvalladalur	8	"

Fléttur eru hvarvetna fáséðar, bæði hvað viðkemur magni (þekju) og tíðni þeirra á hverjum stað. Flestar hafa mjög litla heildarútbreiðslu á svæðinu. Lífsskilyrði fyrir fléttur virðast því vera óhentug. Orsökin er sú að loftslag er tiltölulega burrt auk þess sem sandrok er títt að sumrinu á stórum hluta rannsóknarsvæðisins. En fléttur eru algjörlega háðar loftraka hvað viðkemur upptöku vatns.

Flestar tegundirnar vaxa á steinum og berum jarðvegi. Allar tegundirnar finnast við svipuð skilyrði annars staðar á landinu.

Samkvæmt útbreiðslukortunum finnast aðeins þrjár tegundir í fleiri en 50% reitanna. Það eru : Peltigera rufescens, Stereocaulon arcticum og Umbilicaria cylindrica.


30 tegundir finnast aðeins í 4 eða færri reitum. Þetta er nokkuð hátt hlutfall eða 70% af heildarfjölda tegundanna, sem stafar eflaust af erfiðum vaxtarskilyrðum. Engin þessarra tegunda eru sjaldgæfar fyrir landið :

Sjaldgæfar tegundir fléttina á svæðinu

<i>Caloplaca cinnamomea</i>	<i>Ochrolechia inaequatula</i>
<i>C. tiroliensis</i>	<i>Pannaria pezizoides</i>
<i>Candellariella vitellina</i>	<i>Parmelia alpicola</i>
<i>Cetraria agnata</i>	<i>P. saxatilis</i>
<i>C. islandica</i>	<i>Peltigera leucophlebia</i>
<i>Cladonia chlorophaea</i>	<i>P. spuria</i>
<i>C. pocillum</i>	<i>Physcia dubia</i>
<i>C. pyxidata</i>	<i>Physconia muscigena</i>
<i>Cornicularia aculeata</i>	<i>Pseudephebe minuscula</i>
<i>Lecanora epibryon</i>	<i>Psoroma hypnorum</i>
<i>L. polytropa</i>	<i>Stereocaulon glareosum</i>
<i>Lecidea assimilata</i>	<i>Thamnolia subuliformis</i>
<i>L. decipiens</i>	<i>Xanthoria elegans</i>
<i>L. rubiformis</i>	


Hér á eftir fer listi með útbreiðslukortum yfir fléttur er fundust á svæðinu. Tegundunum er raðad upp í stafrófsröð ættkvísla. Fyrir neðan hvert kort er getið í hvers konar landi tegundin vex helst.

Nafngiftir eru samræmdar eftir lista Harðar Kristinssonar (1979) "Preliminary list of Icelandic lichens".




Caloplaca cinnamomea (Th.Fr.)
Oliv.

Vex á mosa.




Caloplaca tiroliensis Zahlbr.

Vex á jarðvegi.




Candellariella vitellina
(Ehrh.) Müll.Arg.

Vex á grjóti.




Cetraria agnata (Nyl.) H.Krist.
Vex á grjóti.




Cetraria delisei (Boly) Th.Fr.
Mundagrös.

Vex í mólendi.




Cetraria hepaticzoides (Ach.) Vain.

Vex á steinum.




Cetraria islandica (L.) Ach.
Fjallagrös.

Vex í mosapembu og þurru og
rökum mólendi.




Cladonia spp.




Cladonia chlorophcea (Somm.)
Spreng.


Vex í mólendi.



Cladonia pocillum (Ach.) O.Rich.
Vex á jarðvegi.




Cladonia pyxidata (L.) Hoffm.
Vex á jarðvegi.




Cornicularia aculeata (Schreb) Ach.
Kræða.


Vex á jarðvegi.




Lecanora epibryon (Ach.) Ach.
Vex á mosa á klettum.




Lecanora polytrypa (Linné)
Rabenh.
vex á grjóti.




Leucidea assimilata Nyl.
Vex í mólendi.




Lecidea decipiens (Hedw.) Ach.
Vex á moldarjarðvegi.




Leucidea rubiformis (Ach.) Wahlenb.
Vex á moldarjarðvegi.




Ochrolechia spp.




Ochrolechia inaequatula (Nyl.) Zahlbr.




Pannaria pezizoides (Web.) rev.




Parmelia alpicola Th. Fr.
Vex á steinum.




Parmelia saxatilis (L.) Ach.
Vex á steinum.



Peitigeria spp.




Feltigera canina (L.) Willd.
Vex í grónu landi.




Peltigera leucophlebia (Nybl.)
Gyeln.

Vex í grónu landi.




Peltigera occidentalis (Dahl.)
Krist.

Vex í brekkum og snjóðældum.




Peltigera polydactyla (Neck) Hoffm.

Vex í mólendi.




Peltigera rufescens (Weiss.)
Humb.

Vex í mólendi, dæidum, á melum
og á þúfum og í þurrari hluta
mólendis.




Peltigera spuria (Ach.) DC

Vex á jarðvegi og í mólendi.




Pertusaria spp.




Physcia caesia (Hoffm.) Fürnrohr.

Vex á klettum og hrauni.




Physcia dubia (Hoffm.) Lett.

Vex á steinum.




Physconia muscigena (Ach.) Poelt.

Vex á mosa.




Pseudopediastrum minuscula
(Hyl.) Arn., Brodo & Hawksw.

Vex á grjóti.




Pseudopediastrum pubescens (L.) Choisy

Vex á grjóti.




Psoroma hypnorum (Vahl.)
S.F.Gray.


Vex á jarðvegi í mólendi.




Solorina bispora Nyl.
Vex á jarðvegi.




Stereocaulon spp.




Stereocaulon alpinum Lour.
Græbreiskingur
Vex í mólendi.




Stereocaulon arcticum Lyngé
Örfaustur.
Vex á melum.




Stereocaulon glareosum
(Sav.) Magn.
Vex á melum, áreyrum og
jökulmóremum.




Stereocaulon rivulorum H. Magn.
Vex á smásteinum, melum
og áreyrum.




Stereocaulon vesuvianum Pers.
Vex á grjóti.




Thamnolia subuliformis
(Ehrh.) Culb.
Ormagrós.
Vex á meium og grónum þúfum.




Umbilicaria aprina Nyl.
Vex á grjóti.




Umbilicaria arctica (Ach.) Nyl.
Vex á grjóti.



Umbilicaria cylindrica (L.) Del.
Vex á grjóti.




Umbilicaria hyperborea
(Ach.) Hoffm.
Vex á grjóti.




Umbilicaria proboscidea
(L.) Schrad.

Vex á grjóti.




Umbilicaria torrefacta
(Lightf.) Schrad.

Vex á grjóti.



Usnea sulphurea (Kön.) Th. Fr.
Tröllaskegg.

Vex á berangurshæðum.



Xanthoria elegans (Link) Th. Fr.

Vex á grjóti.

8.4 SVEPPIR

Eintökum af sveppum var safnað svo sem kostur var á öllum svæðunum. Kristbjörn Egilsson safnaði, en Helgi Hallgrímsson, Náttúrugripasafnini á Akureyri greindi til tegunda. Alls fundust 15 tegundir basíðusveppa og 2 ættkvíslir er tilheyra asksveppum.

Tafla 48

Fjöldi sveppategunda eftir svæðum.

Jökulsá á Fjöllum	4	tegundir
Hvannalindir	9	"
Kreppa	5	"
Grágæsaldalur	9	"
Fagridalur	5	"
Háumýrar	7	"
Laugarvalladalur	1	"

Hafa ber í huga að sveppir sjást aðeins fáar vikur á ári ofanjarðar á mismunandi tíma eftir tegundum. Sumarhit og úrkoma hafa mikil að segja um hve gott sveppaárið verður. Hér er því um að ræða tegundir sem voru með hattmyndun á þeim tíma sem farið var um hvert svæði. Ljóst er að ýmislegt vantar af algengum sveppum vegna þess hve söfnun fór snemma fram (t.d. vantar belgsveppina alveg).


Af athyglisverðum tegundum má nefna Arrhenia auriscalpium sem er fremur sjaldgæfur, eða a.m.k. sjaldan safnað, líklega vegna smæðar. Sömuleiðis hefur eskisveppnum, Sepultaria spp. lítið verið safnað, þótt þeir séu líklega algengir. Af öðru tegundum sem ekki eru í fyrri skrám frá þessu svæði má nefna Inocybe geophylla, sem þó er ekki örugg greining.

Fjallasveppir eru oft mjög erfiðir í greiningu einkum ættkvíslarnar Cortinarius, Galerina og Inocybe. Mörg eintök voru auk þess illa farin og stundum sandborin (úr Hvannalindum), auk þess sem burkunarskilyrði voru slæm og annar frágangur erfiðleikum háður.


Hér á eftir fer listi yfir sveppi þá er fundust á svæðinu. Tegundum er raðað upp í stafrófsröð ættkvísla. Höfundanöfn eru yfirleitt þau sömu og hjá Gams (1967).

ASKSVEPPIR →
(Ascomycetes)


BASÍÐUSVEPPIR
(Bacidomycetes)




Sepultaria spp.




Scutellinia sp.




Auriscalpium vulgare SF Gray.
Oft talin til Aphyliophorales.




Cortinarius (Telamonia) spp.
Vaxa í móleni og dældum.




Galerina spp.
Vex í myrlendi.




Galerina clavata (Vell.) Kühn
Vex í fiðum og myrum.




Galerina pumila (Fr.) Sing.
Vex í votlendi, flíðum og myrum.




Hebeloma mesophaeum (Fr.) Quel.
Vex í móleni, á melum og snjóðældum.




Inocybe turunda (Fr. ex Fr.) Karst.
Vex í fíðum og móleni.



Inocybe spp.
Vex í móleni, myrlendi og snjóðældum.




Inocybe calmistrata (Fr.) Gillet.
Vex í móleni.



Inocybe dulcamara (Pers.)
Kummer.



Vex í móum, á melum og í
hálfdeigjum.



Inocybe geophylla (Fr.) Kummer.


Inocybe lacera (Fr.) Kummer.

Vex í móum og á melum.




Laccaria laccata (Fr.) B & Br.

Vex í allskonar burrlendi og
háifróku landi.




Lactarius salicinus nom prov.

Bráðabirgðanaðna gefið af
Helga Hallgrímsdóttur. Gæti
líka verið *L. nanus*. Vex í
dældum og mólendi. Fylgir oft
grasvíði (*Salix herbacea*).




Myxarium alpinum (Boud.) Möss.

Sambýliðsvæppur með grasvíði
(*Salix herbacea*). Algeng
fjaliategund.




Omphalina pyxidata (Fr.)
Quélet

Vex á jarðvegi, í rökum
flögum eða á mosa.




Omphalina rustica (Fr.) Quel.

Vex í rökum flögum og í
sandendi.




Psathyrella spp.

Vex á jarðvegi



Russula alpina Möil & Schaeff.

Vex í snjóðældum og mólendi.



Russula spp.

Vex í flestum gróðurlendum

VERNDARMAT, TILLÖGUR UM RANNSÖKNIR, SAMANTEKT
Kristbjörn Egilsson
Einar Þórarinsson

VERNUWANTEL TILPUDUR AN FAMMENDE GANANTEK
KETESEPUH EDZIAGA
ETUZE POUT TAPETE

9 ÞJÓÐMINJAR



Þar sem rannsóknasvæðið er allt í óbyggðum, er við litlu að búast hvað viðkemur mannvistarleifum og þjóðminjum. Sú er og raunin, aðeins í Hvannalindum er að finna rústir eftir búsetu.

Um er að ræða tvo útilegumannakofa og áheldi (fjárrétt) í norðausturbrún Lindahrauns. Stærsti kofinn er í raun þrír samliggjandi kofar ásamt afhýsi og göngum er hafa legið niður að uppsprettu í hrauninu. Um 40 metrum sunnar er áheldið og þar stutt frá er hinn kofinn. A mynd er sýnd afstaða rústanna í hrauninu og á mynd eru nánari upplandrættir af bæjarrústunum (Fengið úr bókinni "Útilegumenn og auðar tóttir" eftir Ólaf Briem). Bök kofanna eru nú löngu fallin.

Mestar líkur eru taldar á að þessar rústir séu leyfar af fylgsni gerðu af Fjalla-Evvindi eftir miðja 18 öld.

Ekki verður hér farið nánar út í útlistun á þessum rústum eða sögu þeirra, enda hafa margir um þær skrifad. Má þar nefna Jón Stefánsson (Þorgils gjallandi) 1881, Steindór Steindórsson 1933, Kristján Eldjárn 1941 og Ólaf Briem 1959.

Rústirnar eru friðlýstar og í umsjá Þjóðminjasafns Íslands.



12. mynd. Uppdráttur af rústum Eyvindarkofa (Ólafur Briem 1959).

Uppdráttur af Hvannalindum.

10 VERNDARMAT

Hér verður í stuttu máli gefið yfirlit um þau svæði og náttúrfyrirbæri sem athyglisverðust teljast og reynt að leggja mat á verndargildi þeirra.

Svæðið sem rannsóknirnar ná yfir er um 280 km^2 að stærð. Aðeins rúmlega 16 km^2 af þessu landi má telja algróna. Hvannalindir 3 km^2 , Grágæsalur $0,3 \text{ km}^2$, Fagridalur 6 km^2 og Háumýrar 7 km^2 . Þetta er aðeins um 6% rannsóknarsvæðisins. Gildi hverrar gróðurvinjar er mikið í því líkri eyðimörk, og því vert að staldra við áður en teknar eru ákvárdanir, sem stuðla að eyðileggingu þeirra.

Krepputunga: Kverkfjallarani er á Náttúruminjaskrá ásamt Kverkfjöllum og Krepputungu allri. Tekið skal undir þau rök sem þar koma fram með friðlýsingu alls svæðisins þar sem Krepputunga er landslagslega ein heild og kjörin til útivistar og náttúruskoðunar. Sérstök áhersla skal þó lögð á verndun Kverkfjalla, Kverkfjallarana og Hvannalinda og að landi verði í engu raskað sunnan línu sem hugsast dregin úr Rifnahnúki í Lindaárós.

Hvannalindir: Hvannalindir eru án efa þekktast þeirra svæða sem könnuð voru. Einkum er það vegna mannvistarleyfa (útilegubyrgi) sem fundust árið 1830, en lindirnar voru fyrst kannaðar árið 1934. Þá er öræfafegurðin í Hvannalindum margrómud.

Hvannalindir voru friðlýstar árið 1973 (Náttúruverndarráð 1984), en með því var sérstaða svæðisins opinberlega viðurkennd. Tekið er undir þessa friðlýsingu og bent á nokkur atriði er styðja hana.

Andstæður í landslagi eru miklar. Annars vegar eru stórkostleg úfin hraun og iðandi svartir sandar, sem tignarleg fjöll standa uppúr. Hins vegar er lítil kyrrlát gróðurvin þar sem hið smágerða í landslagi og lífi nýtur sín vel.

Gróðurinn stendur í sífelldri baráttu við veðurguðina, sandrok, þurk og stutt summar. Hann er að því er best verður séð í jafnvægi og gróska eins mikil og verða má við þessar aðstæður. Í Hvannalindum má sjá hvernig gróðurinn spjarar sig við erfið skilyrði þegar hann fær frið fyrir beit og ágangi manna.

Kverkfjallarani: Stórbrotið og fjölbreytilegt landslag. Margvíslegar jarðmyndanir úr móbergi, eldstöðvar og hraun.

Kverkfjöll: Eitt virkasta háhitasvæði á landinu. Sérstætt samspil jarðhita og jöklar (Ishellir). Stórbrotið landslag og athyglisverð landmótun.

Grágæsalur: Lítil en gróskuleg gróðurvin við Grágæsavatn lítt spillt af umferð manna, en beit hefur nýverið aukist það mikið að á sér gróðri. Varað er við beitinni og lagt til að haldið verði í pennan gróðurblett svo lengi sem verða má.

Fagridalur: Dalurinn dregur trúlega nafn sitt af ríkulegum gróðri sem í honum dafnar. Landslag er einnig fagurt, sérstaklega yst í dalnum þar sem Kverká lokar minni dalsins. Innst í Dalnum er einnig snoturt

gljúfur sem Fagradalsá fellur um áður en hún liðast út eftir honum miðjum.

Fagridalur er án efa gróskumesti staðurinn á rannsóknarsvæðinu. Hann nýtur skjóls af fellunum umhverfis, og gætir sandfoks því minna þar en í öðrum gróðurvinjum. Raki er einnig nægur. Í dalbotninum er 6 km² af velgrónu landi, þar sem skiptast aðallega á gróskulegar mýrar og flóar. Þar ná starir viðlíka þroska og á láglendi og viðiflesjur í ýmsum blæbrigðum setja mikinn svip á dalinn. Þarna má einnig finna ýmis smærri gróðurlendi eins og blómlendisbrekkur, snjódældir, gróður við uppsprettur og melagróður. Í Fagradal og nágrenni fundust 114 tegundir háplantna og 80 tegundir mosa.

Smádýralíf er auðugt: "Fagridalur er augsýnilega ein af tegundaauðugstu vinjum í hálendinu, en það virðist fátítt að vinjar ofar 600 m y.s. hafi svo fjölskrúðugt smádýralíf. Það er ekki aðeins um að ræða margar tegundir, heldur einnig mikinn fjölda sumra þeirra. Til dæmis má benda á að köngulær eru óvenju algengar, en það er að sjálfsögðu háð því að nóg sé af aðgengilegri bráð. Auk þess reyndust vera fleiri tegundir könguláa í Fagradal en flestum öðrum hálendisvinjum sem ég hef kannað. Aðeins í þjórsárverum eru þær fleiri. Ég tel víst að fleiri tegundir smádýra komi í ljós við enn ítarlegri könnun." (Erling Ólafsson 1988).

Gildi þessa dals er mjög mikið fyrir gróður og dýralíf Brúaröræfa. Það hlýtur því að koma til álita að Fagridalur verði lýstur friðland fyrir en seinna og dalurinn og öldur þær er að honum liggja, ásamt útfallinu í Kreppu verði ekki sett undir vatn, mannvirkri eða vegir lagðir.

Háumýrar: Háumýrar standa hæst af gróðurvinjunum á rannsóknarsvæðinu og ber gróðurfarið þess óneitanlega merki. Gróður er þar allur gróskuminni og kyrkingslegri en á hinum stöðunum. Stórar freðmýrarústir setja svip sinn á svæðið þar sem þær standa brúnleitar upp úr votlendinu. Æskilegt væri að kanna þessar rústir frekar, aldur þeirra, myndunartíma, líftíma og gróðurfar á þeim.

Vesturdalslækur: Bent skal á verndun farvegsins, einkum upptök lækjarins sem og hitalindirnar neðst í læknum

11 AHRIF VIRKJANA

Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um það hvernig nýta megi virkjunarmöguleika í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal á sem hagkvæmastan hátt (Almenna verkfræðistofan o.fl., 1978, Þorbergur Þorbergsson og Hörður Svavarsson, 1986).

Þessi könnun er mat á hugsanlegum staðbundnum umhverfisáhrifum einnar leiðar sem hefur verið kynnt til þess að veita Jökulsá á Fjöllum ásamt þveránum Kreppu og Kverká yfir á vatnsvið Jökulsár á Dal. Jökulsá á Fjöllum yrði stíflud við Vaðöldu og veitt í skurði austur í Lindá norðan Hvannalinda. Kreppa yrði stíflud milli Kreppuháls og Lónshnúks og einnig austan Lónshnúks í utanverðu minni Fagradals. Ór lóni í Fagradal yrði vatni veitt um göng til Jökulsár á Dal. Ahrif þessara mannvirkja á náttúrufar yrðu umtalsverð, einkum á landslag og gróðurlendi. Gagnvart landslagi eru þessar breytingar helstar:

- 1.- Jökulsárveita veldur því að Jökulsá á Fjöllum hverfur að mestu leyti úr farvegi sínum neðan við Vaðöldu og Kreppa að sínu leiti neðan Lónshnúks. Eftir verður einungis tært lindavatn. I hárennsli síðsumars gæti áin þó gruggast á ný, eftir því hvernig stæði á í söfnunarlónum.
2. Lítið uppistöðulón myndast við Vaðöldu.
3. Skurður með jökulvatni kæmi þvert yfir aurana og hraunin frá Vaðöldu að norðanverðum Hvannalindum.
4. Miklar jarðvegsstíflur yrðu beggja vegna Lónshnúks.
5. Uppistöðulón myndast í Fagradal (Fagradalslón). Það mundi ná upp eftir farvegi Kreppu skammt inn fyrir ármót við Lindaá og einnig nokkuð upp eftir farvegi Lindár.

Varðandi fyrsta liðinn má minna á að Dettifoss yrði ekki svipur hjá sjón og líklega misstu Jökulsárgljúfrin mikils.

Smálón við Vaðöldu og skurðurinn um þvera Krepputungu hafa trúlega ekki veruleg áhrif á landslag, a.m.k. ekki af jafnsléttu séð. Vætanlega verður þannig frá skurðinum gengið að hann verði ekki áberandi í landslaginu (ruðningar o.p.h.). Nálægðin við Hvannalindir er áhyggjuefni, svo mjög sem það svæði er viðkvæmt fyrir átroðningi.

Mesta röskun á landslagi verður vegna uppistöðulóns í Fagradal. Jarðvegsstíflur þurfa ekki að vera mjög áberandi og geta fallið sæmilega inn í landslagið ef rétt er frá þeim gengið. Áðalbreytingin verður fólgin í því að ytri hluti Fagradals fer undir vatn og þar með gróskumesta gróðurlendið á þessum slóðum. Lónið tæki einnig yfir Kreppulón og farveg Kreppu inn fyrir Lindaá eins og áður er getið. A þessu svæði flæmist Kreppa um aura á milli Fagradalsfjalls og Kreppuháls. Því er vart hægt að tala um verulega röskun á landslagi þar. Má segja að áðalbreytingin sé fólgin í vatnsborðshækkun í Kreppu og Kreppulóni. Stærð lónsins yrði um 35 km^2 eða svipað og Mývatn. Hæsta vatnsborð mun áætlað um 610 m (Almenna Verkfræðistofan hf. o.fl., 1978).

12 TILLÖGUR UM FREKARI RANNSÖKNIR

Samkvæmt þeim athugunum sem gerðar hafa verið og greint er frá í þessari skýrslu og skýrslunni "Könnun á smðýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal" eftir Erling Ólafsson (1988), er það mat okkar að ekki sé ástæða til frekari náttúrufarsrannsókna á því svæði sem athuganir okkar ná yfir, nema til þess komi að einhverri gráðurvininni verði sökkt eða önnur meiriháttar röskun á þeim gerð. Komi til sliks, er talin þörf á eftirfarandi:

1. Nákvæmri kortlagningu á jarðgrunni, þ.e. lausum jarðlögum, þar með töldum jarðvegi.
2. Sérstakri athugun á landmótunarfyrrbrigðum. Eru þá sérstaklega hafðir í huga tjarnargarðar í Fagradal, vatnsaugu í Fagradal og Grágæsadal og rústir á Háumýrum og í Fagradal.

13 SAMANTEKT

13.1 LANDLÝSING

það svæði sem hér er lýst er á suðvesturhluta Brúaröræfa, en þau eru vesturhluti mikillar hásléttu sem liggur milli fjallbálkanna Snæfells í austri og Kverkfjalla í vestri. Í hásléttu þessa eru grafnir grunnir dalir sem flestir hafa norðlæga eða norðaustlæga stefnu. Þeirra mestur er Jökuldalur og skilur hann milli Brúaröræfa vestan ár og Vesturöræfa austan ár.

Brúarjökull, stærsti skriðjökull landsins, gengur fram á hásléttuna í suðri. Frá honum falla nokkrar stórar norður um Brúaröræfi og er Jökulsá á Dal þeirra mest. Í hana falla stuttar en vatnsmiklar þveráir, Kringilsá og Sauðá, sem eiga upptök fyrir miðjum jökli. Skammt vestar kemur Kverká undan jöklínnum og fellur til norðvesturs og sameinast þar Kreppu sem kemur vestast undan Brúarjökli. Kverká fellur síðan um langan veg til norðurs uns hún sameinast Jökulsá á Fjöllum skammt austur af Herðubreið.

Landflæmið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu nefnist Krepputunga. Hún er mjög eldbrunnin og er norður hluti hennar þakinn hraunum. Kverkfjöll tróna syðst í Krepputungu, rúmlega 1900 m há. Norður úr þeim gengur mikill, tindóttur fjallgarður sem Kverkfjallarani nefnist.

Fremur lítið er um örnefni á þessum hluta Brúaröræfa enda var fáförult um þau framan af. Á það einkum við um Krepputungu. T.d. fundust Hvannalindir ekki fyrr en árið 1833. Á þessari öld hefur ferdalögum fjölgað mjög til þessa svæðis og hafa ýmis örnefni orðið til við það. Öll örnefni sem vitað er um á rannsóknarsvæðinu hafa verið sett inn á kort. Þau örnefni sem ekki fundust á örnefnaskrá Örnefnastofnunar eru höfð innan gæsalappa á kortinu.

13.2 JARÐFRÆÐI

Berggrunnur Brúaröræfa er myndaður úr basaltlögum og móbergi frá því síðla á árkvarter fram á nútíma. Elstu jarðlög koma fram við Jökulsá á Dal og Sauðá. Þau eru öfugt segulmögnuð hraunlög og móberg og eru þau talin eldri en Jaramillo-segultími (Bessi Ádalsteinsson, 1974). Yngstu öfugt segulmögnuðu jarðlögin eru í Grýttalæk við Sauðá og nyrst í Hatti. Þau eru því líklega rúmlega 700 þús. ára. Ofan á þeim eru a.m.k. 3 rétt segulmögnuð basaltlög sem öll eru frá sama hlýskeiðinu. Þessi basaltlög þekja flestar hæðirnar inn með Sauðá og leggst móbergið í Grágæsahrygg ofan á þau.

Fagradalsfjall er úr móbergi og virðist neðri hlutinn vera frá þriðja síðasta jökluskeiði ásamt móberginu í Lónshnúki og Kreppuhálsi en efri hluti Fagradalsfjalls er líklega frá næst síðasta jökluskeiði. Fagradalsgrjót (Alftadalsdyngja skv. Guttormi Sigbjarnarsyni og fél., 1971) virðist ganga undir móbergið í Lónshnúki og er þá frá þriðja síðasta hlýskeiði. Um aldur bólstrabergsins í Kreppuhrygg er lítið hægt að fullyrða en líklegt er að það sé nokkuð gamalt, hugsanlega

jafngamalt Kreppuhálsi.

Vestasti hluti Brúaröræfa, Krepputunga, er sem áður segir mest öll þakin hraunum frá nútíma. Þau eru komin úr gossprungum sem liggja eftir endilöngum Kverkfjallarana og einnig úr gossprungum vestan Jökulsár á Fjöllum.

Fellin í Kverkfjallarana eru úr móbergi en hraun þekja víða dalbotnana á milli þeirra. Flest eru móbergsfelli líklega mynduð á síðasta jökulskeiði.

13.3 LANDMÓTUN

13.3.1 Landmótun jöklar

Jöklar hafa haft mest áhrif á landmótunina á Brúaröræfum. Dalir eru ýmist grafnir af jöklum eða þeir eru myndaðir við upphleðslu móbergshryggja í eldgosum undir jöklum. Stefna dalanna tekur mið af tektonik berggrunnsins og er yfirleitt norðlæg eða norðaustlæg. Jökulrákir hafa yfirleitt sömu stefnu. Nokkur dæmi um jökulgarða finnast á svæðinu. Greinilegur jökulgarður liggur þvert yfir miðjan Fagradal og ógreinilegt framhald hans finnst á Háumýrum.

13.3.2 Landmótun vatns

Báttur vatnsfalla í landmótunini er verulegur, einkum vestast á svæðinu. Þar hefur Jökulsá á Fjöllum flætt um mest alla Krepputungu utanverða og valdið verulegu rofi í hraununum. Þetta hefur gerst í geysimiklum flóðum sem líklega hafa orðið við eldgos í Kverkfjöllum eða Dýngjujökli.

Önnur rofform vatnsfalla eru minni í sniðum ef frá eru talin Dimmugljúfur austast á Brúaröræfum, en landmótun á þeim slóðum hefur verið lýst annars staðar (Einar Þórarinsson, 1981). Snotur gil er þó finna í Fagradal (Fagradalsgljúfur og Krækla), Grágæsadal (Grettisgil) og sömuleiðis eru tvö myndarleg gil í Sandadal.

Þá er landmótun við Kreppu mjög áhugaverð. Meðfram Kreppuhrygg rennur áin á víðáttumiklum aurum. Þar sem farvegurinn sveigir til austurs í átt til Grágæsads hefur Kreppa brotist norður yfir berghaft sem liggur frá Kreppuhrygg að Kverkáröldu og kemur síðan aftur inn í sinn gamla farveg við suðurhorn Fagradalsfjalls. A þessum spotta hefur hún grafið þróngt og grunnt gil, Kreppuþróng, í jökulruðninginn. Frá árinu 1933 hefur áin víkkað farveginn úr u.p.b. 3 m í rúmlega 10 m svo að stutt er síðan hún fór að renna barna. Ef marka má ymsar ritaðar heimildir hefur kvísl úr ánni verið farin að renna norður um berghaftið þegar árið 1833 en það er líklega ekki fyrr en um 1920 sem hún fer að renna af fullum þunga í þessum nýja farvegi.

Við norðurenda Kreppuháls hefur hraun runnið þvert yfir farveginn. Við það hefur rennsli árinnar beinst til austurs milli Lónshnúks og Fagradalsfjalls en um $0,5 \text{ km}^2$ stöðuvatn, Kreppulón, hefur myndast við hraunstífluna.

Vötn. Nokkur smávötn er að finna á sunnanverðum Brúaröræfum. Þeirra stærst er Báruvatn eða Gæsavatn öðru nafni, 3 km^2 . Vatnið liggur í jöklusorfinni dæld í gróðurvana umhverfi. Ekkert ofanjarðarrennsli er að eða frá vatninu en strandlínur vitna um talsverðar vatnsborðssveiflur í því. Í Grágæsadal er $0,8 \text{ km}^2$ stöðuvatn, Grágæsavatn. Kverká og Kreppa hafa fyllt upp í ytri hluta þess með framburði sínum. Vatn úr Kverká fellur inn í lónið í flóðum og veldur jökullit á vatninu. Einnig sveiflast vatnsborðið með vatnsmagni Kverkár. Svipaðar aðstæður eru við Kreppulón.

Nokkrar tjarnir á utanverðum Fagradal eru áhugaverðar landmótunarlega fyrir þá sök að umhverfis þær eru grónir garðar sem eru, að því er virðist, að mestu leyti gerðir úr sandi. Myndun þeirra er skýrð á þann hátt að í sandfoki hefur sandur sest í hávaxinn gróður á tjarnarbakkanum og við það hafa smám saman hlaðist upp garðar. Önnur kenning gerir ráð fyrir að garðarnir hafi myndast við rót af botni tjarnanna í hvassviðrum (Pálmi Hannesson, 1958).

13.3.3 Landmótun vindu

Helstu áhrif vindu í landmótuninni er flutningur efnis með sandfoki, einkum frá aurum jökulánna. Mest gætir þessa í sunnan og vestan áttum. Sandfoksins gætir mest í Krepputungu og eru þar víða miklir sandskaflar í skjóli mishæða. Í Brúardölum gætir sandsins minna vegna skjóls af fjöllunum en finasta rykið berst þó þar yfir. Af landmótunarfyrirbærum tengdum vindinum mætti helst nefna ýmis svörfunarform í bergi í Krepputungu og "vatnsaugun" svo kölluðu í Fagradal og Grágæsadal. Það er gróður umhverfis uppsprettur sem veiðir sandinn úr sandfokinu líkt og sagt var frá í tangslum við tjarnirnar í Fagradal hér að ofan, en við það hlaðast upp keilulaga bingir með uppsprettuop í kollinum.

13.4 GRÓÐURFAR OG FLÓRA

13.4.1 Gagnasöfnun

Rannsóknarsvæðinu er skipt niður í $2 \times 2 \text{ km}$ reiti. Gengið var um þessa reiti og háplöntur í þeim skráðar. Mosum, fléttum og sveppum var safnað og greind til tegunda undir smásjá. Útbreiðsla tegundanna var síðan skráð á útbreiðslukort. Gróðurlendi voru einnig skoðuð og þekja metin í flestum þeirra. Vegna knappa tíma í útivinnu varð að nota hraðvirkja aðferð við þekjumatið sem þó gæfi sæmilega mynd af gróðurlendunum. Því var ákvæðið að hvert snið yrði 10 m bein lína, $0,33 \text{ m}$ að breidd, og var annar hver metri þekjumetinn. Að baki hvers sniðs voru því 5 gróðurreitir, $1 \times 0,33 \text{ m}$ hver reitur, eða $1,65 \text{ m}^2$. Með þessu móti náðust mikilsverðar upplýsingar um gráðurlendin á tiltölulega stuttum tíma.

13.4.2 Gróðurfar

Svæðið sem rannsakað var, er samtals um 284 km^2 . Þar af teljast aðeins um 16 km^2 algrónir. Stærstur hluti svæðisins er því nær gróðurvana

mellar, úfin hraun og eyðisandar, sem valda sandroki um leið og hreyfir vind.

Hvannalindir (mynd 6 og töflur 4-14). Gróðurlendið, sem er um 3 km² og í um 640 m y.s., á tilveru sína að pakka lindum sem koma undan Lindahrauni og tveimur litlum ám (Lindá og Hraunkvísl) er renna sitt hvorum megin við hraunið og sameinast síðan nokkru norðan við það.

Gróður meðfram hrauninu er gróskumikill og er ætihvönn (*Angelica archangelica*) mjög áberandi, en Hvannalindir eru kenndar við þessa jurt. Þegar lengra kemur frá hrauninu verður landið flatt misrakt og sendið. Grávíðiflesjur og jaðarsvæði ýmiskonar (*Calamagrostis stricta*, *Juncus arcticus* og *Salix callicarpaea*) verða aðalgróðurfélögini. Lítið fer fyrir votlendi. Í Hvannalindum fundust 70 tegundir háplantna og 69 tegundir mosa.

Gróðurinn á í sífelliðri baráttu við veður; sandrok, þurrk og stutt sumar. Hann er því að því er best verður séð í jafnvægi og gróska eins mikil og verða má við þessar óblíðu aðstæður. Í Hvannalindum má sjá gott dæmi um það hvernig gróður spjarar sig við erfið skilyrði, þegar hann fær frið fyrir beit og ágangi manna.

Hvannalindir voru lýstar friðland 1973.

Grágæsadalur (mynd 8 og töflur 18 og 19). Gróíð land er lítið um, sig aðeins 0,3 km², en tiltölulega gróskumikið. Landið er í 640-650 m y.s.. Mest ber á mólendi ýmiskonar þar sem þurrast er (t.d. *Salix callicarpaea* eða *Empetrum nigrum*). Í deiglendi (jaðarsvæðum) ríkja oft *Juncus arcticus*, *Carex bicolor* og *Saxifraga hirculus*. Sumsstaðar finnast skorningar með snjódældagróðri. Í Grágæsadal fundust 84 tegundir háplantna og 65 tegundir mosa.

Grágæsadalur er lítil en gróskuleg gróðurvin, lítt spilt af umferð manna, en beit hefur nýlega aukist það mikið að á gróðri sér, sérstaklega hvönn.

Varað er við beitinni og áhersla lögð á að reynt verði að halda í þennan gróðurblett.

Fagridalur (mynd 9 og töflur 20-32). Fagridalur er án efa gróskumesti staðurinn á rannsóknarsvæðinu og dregur trúlega nafn sitt af ríkulegum gróðri sem í honum dafnar. Hann nýtur skjóls af fellunum umhverfis, og gætir sandfoks því minna þar en í öðrum gróðurvinjum á þessu svæði. Raki er einnig nægur.

Í dalbotninum sem er í um 605 m y.s. eru 6 km² af vel grónu landi, þar sem skiptast aðallega á gróskulegar mýrar og flóar. Þar nái starir viðlika þroska og á láglendi. Grávíðiflesjur (*Salix callicarpaea*) í ýmsum blæbrigðum setja mikinn svip á dalinn. Þarna má einnig finna ýmis smærri gróðurlendi eins og blómlendisbrekkur, snjódældir, gróður við uppsprettur og melagróður. Í Fagradal og nágrenni fundust 114 tegundir háplantna og 80 tegundir mosa.

Gildi þessa dals er mjög mikið fyrir gróður og dýralíf Brúaröræfa, og gott dæmi um hve gróðursáld getur verið mikil þar sem skilyrði eru sәmileg og ágangur manna og búfjár hefur ekki náð að hafa teljandi áhrif. Bent er á að það kunni að vera full ástæða til að friða dalinn,

bannig að hann verði ekki settur undir vatn, mannvirkri eða vegir lagðir.

Háumýrar (mynd 10 og töflur 33-42). Gróðurlendið er í lægð milli lágra alda. Þar eru efstu drög Vesturdals. Stærð þess er um 7 km^2 og er í um 670 m y.s.. Það stendur því hæst yfir sjó af gróðurvinjunum sem hér er fjallað um. Gróðurfarið ber þess óneitanlega merki. Gróður er þar allur gróskuminni og kyrkingslegri en á hinum stöðunum.

Stærstur hluti gróna landsins eru víðiflesjur (*Salix callicarpaea*) af ýmsum gerðum. Votlendi er nyrst á svæðinu. Stórar rústir setja svip sinn á landið, þar sem þær standa brúnleitar upp úr votlendinu. Á Háumýrum fundust 99 tegundir háplantna og 83 tegundir mosa.

Ætla má að gróðurfar svæðisins sé tiltölulega náttúrlegt, þ.e. umferð manna og sauðfjárbeit hefur ekki náð að spilla því.

13.4.3 Flóra

I skýrslunni eru útbreiðslukort yfir háplöntur, mosa, fléttur og sveppi. Tegundunum er raðað eftir stafrófsröð ættkvísla.

Háplöntur. Alls fundust 147 tegundir háplantna á rannsóknasvæðinu. Af þeim fundust 9 tegundir í meira en helmingi reitanna og teljast mjög algengar: *Armeria maritima*, *Cardaminopsis petrea*, *Carex maritima*, *Cerastium alpinum*, *Poa alpina*, *P. glauca*, *Salix herbacea*, *S. callicarpaea* og *Saxifraga oppositifolia*. Um 40 tegundir má telja sjaldgæfar (fundust í 4 reitum eða færri). Fagridalur er auðugastur af tegundum, þá Grágæsalur, en Hvannalindir fátækur af tegundum.

Mosar. Alls fundust 128 tegundir mosa, þar af blaðmosum og 31 af liframosum. Mosarnir eru mikilvægur undirgróður, þar sem samfelld gróðurlendi finnast og þar er mosapekjan oft 100%. A ógrónu landi finnast þeir aðallega með öðeum gróðri, þar sem raki er, og á steinum og klettum. Sex mosategundir fundust í meira en helmingi rannsóknareitanna: *Anthelia julacea*, *Dichodontium pellucidum*, *Drepanocladus uncinatus*, *Philonotis tomentella* og *Racomitrium canescens*. Tvær tegundir sem eru sjaldgæfar á Íslandi fundust: *Philonotis marcanta* og *Schistidium agarrisii*.

Fléttur. Alls fundust 47 fléttutegundir. Þær eru hvarvetna fáséðar, enda lífsskilyrði fyrir þær óhentug vegna þurrs loftslags og tíðs sandfoks. Flestar tegundirnar vaxa á steinum og berum jarðvegi. Allar tegundirnar finnast við svipuð skilyrði og annarsstaðar á landinu. Þrjár tegundir voru algengar og fundust í meira en helmingi rannsóknareitanna: *Peltigera rufescens*, *Stereocaulon arcticum* og *Umbilicaria cylindrica*.

Sveppir. Eintökum af sveppum var safnað eins og kostur var á öllu svæðinu. Alls fundust 15 tegundir basíðusveppa og 2 ættkvíslir er tilheyra asksveppum.

SUMMARY IN ENGLISH

In 1980-82 an environmental survey of the Brúaröræfi region of Iceland, north of the Vatnajökull glacier, was carried out by the Natural History Museum in Neskaupstadur for the National Energy Authority. The study was aimed at clarifying the possible environmental impact of the harnessing of the large glacial rivers, specifically Kreppa and Jökulsá á Fjöllum together with Jökulsá á Dal.

This report includes description of the landscape, geology and vegetation of the area. A second report will cover insects and some other land-invertibrates (Erling Ólafsson 1988).

DESCRIPTION OF THE LAND

The study area is southwest Brúaröræfi, the western part of a large highland plateau. It is located between Snæfell mountain (east) and the Kverkfjöll mountains (west). Shallow valleys trending north or northeast have been carved into the plateau. The largest of these is Jökuldalur, which separates Brúaröræfi from Vesturöræfi to the east.

Brúarjökull, the largest outlet glacier in Iceland, trends north from the Vatnajökull ice cap. Several glacier rivers, of which the Jökulsá á Dal is the largest, flow from the outlet glacier north across the Brúaröræfi. Two short, but voluminous glacier rivers, Kringilsá and Saudá, are tributaries to Jökulsá á Dal. Their origin is near the centre of the glacierfront. The Kverká river originates a little further west and runs northwest to join with Kreppa, which comes from underneath the glacier still further to the west. Kreppa then flows north through a long channel before joining Jökulsá á Fjöllum just east of Herdubreid.

The area between the rivers Jökulsá á Fjöllum and Kreppa is called Krepputunga. It is of volcanic origin, the northern part being covered with Holocene lava. The Kverkfjöll mountains rise in the southern part of Krepputunga to more than 1900 m. Extending north from Kverkfjöll is a large rugged mountain ridge called Kverkfjallarani.

Few place names exist in this area that has remained unexplored up to the present time. This applies especially to Krepputunga. Hvannalindir, for example was not discovered until 1833. During this century, travelling into the area has greatly increased and various new place names have been introduced.

GEOLOGY

Bedrock: The rock basement of the Brúaröræfi consist of basaltic lavas and hyaloclastites that date from Upper Quaternary to the present time. The oldest strata, exposed by the glacier rivers Jökulsá á Dal and Saudá are lavas and hyaloclastites. They are reversely magnetized and probably predate the Jaramillo magnetic event (Bessi Áðalsteinsson 1974). The youngest reversely magnetized strata are exposed in Grýttilækur by Saudá (south) as well as by the mountain Hattur (north). Therefore, these strata probably are well over 700 thousand years old. On top of these hyaloclastites rest at least three basalt

lavas. They are normally magnetized and from the same interglacial period. These lavas cover most of the hills along the river Saudá and are overlain by hyaloclastites of the Grágæsahryggur Ridge.

Lónshnúkur, Kreppuháls, and the lower part of Fagradalsfjall mountain are composed of hyaloclastites and seem to be from the second last glaciation, but the upper part of Fagradalsfjall is probably from the last glaciation. Álfatadalsdyngja seems to go under the hyaloclastites in Lónshnúkur and is therefore from the third most recent interglacial period. It is not possible to date the pillow lava in the Kreppuhryggur Ridge exactly but it is probably rather old, possibly as old as Kreppuháls.

Krepputunga in the western Brúaröræfi, as noted above is almost completely covered with recent lava flows from volcanic fissures that lie parallel to Kverkfjallarani and also from fissures west of the river Jökulsá á Fjöllum.

The mountain ridge in the Kverkfjallarani consists of hyaloclastites probably from the last glaciation. Lavas have accumulated in between the ridges.

FORCES OF EROSION AND DEPOSITION

Glaciers: The last glaciation was the most powerful agent that shaped the land in Brúaröræfi. The valleys were either formed by glacial erosion or as the result of piling up of subglacial volcanic ridges underneath the ice sheet. The general north to northeasterly trend of valleys follows the regional tectonic pattern. Glacial striae follow roughly the same trend.

There are several examples of terminal moraines in the area. One clear example crosses Fagridalur. Although less well defined, it is seen to continue east into the Háumýrar marsh.

Stream erosion: Stream erosion has played a considerable part in shaping the area, especially the western part. Here, jökulhlaup (glacial bursts) in the river Jökulsá á Fjöllum have caused considerable erosion of the Krepputunga lava field. This event probably accompanied volcanic eruptions in the Kverkfjöll mountains and the Dyngjujökull glacier.

Other erosional features by rivers are less impressive, with the exception of Dimmugljúfur Canyon in the east of Brúaröræfi (Einar Thorarinsson 1981). Beautiful gorges and canyons are in Fagridalur (Fagradalsgljúfur and Krækla), Grágæsadalur (Grettisgil), as well as two picturesque gorges in Sandadalur.

Geologic formations along Kreppa river are also of great interest. The river runs along the Kreppuhryggur ridge across a large outwash plain. The Kreppa river curves to the east towards Grágæsadalur, and has cut north across a rock barrier that runs from Kreppuhryggur to Kverkáralda. It then re-enters its old channel at the southern corner of Fagradalsfjall. At this spot called Krepputhróng, the river has cut a narrow gully, through the glacial moraine. Since 1933 the river has widened its channel from about 3 m to over 10 m. Thus it has clearly been flowing here only for a short time. According to written accounts

a small part of the river was already flowing north through the rock barrier in 1833. It was, however probably not until 1920 that most of the flow had shifted over to this new channel.

At the northern end of Kreppuháls the lava has flowed across the channel, directing the water flow eastward between Lónshnúkur and Fagradalsfjöll mountains. A lake, Kreppulón, about 0.5 km^2 , has been dammed behind the lava.

Lakes: Several small lakes are found in the southern part of the Brúaröræfi, the largest of which is Báruvatn (also called Gæsavatn. 3km^2). This lake lies in depression carved by the glacier and is surrounded by vegetation. No surface streams run into or from the lake, but old shoreline indicate clearly considerable fluctuations of the watertable. In Grágæsadalur there is a 0.8 km^2 lake called Grágæsavatn. The upper part of this lake has been partly filled with sediment by the rivers Kverká and Kreppa. In times of flood, water from the Kverká runs into the lake or lagoon, giving it the milky-white colour of glacial silt. The lake level changes also in response to the water volume in the Kverká. Similar conditions prevail in the Kreppulón.

Several ponds at the lower end of Fagridalur are also interesting with regard to erosion and deposition. Surrounding them are overgrown barriers which seem, for the most part, to be composed of sand. Their formation can be explained as the result of sandstorms that have deposited sand in the vegetation on the pond banks. A second hypotheses assumes that the sand barriers are built up of material carried from the bottom during windy periods (Pálmi Hannesson 1958).

Wind: The greatest influence of wind in shaping the land lie in transport of material. This applies mainly to glacial outwash material that has been carried in sandstorms, especially in the south and west. For example, in Krepputunga, large sand drifts are widely scattered on the leeward side of the uneven ground. In Brúardalir the sand is less obvious because of the sheltering effect caused by the mountains there. However, the finest loess particles form deposits in the valleys. Attention should also be given to the erosional patterns in the Krepputunga lava and the so-called "water eyes" in Fagridalur and Grágæsadalur.

As explained above, vegetation may form similar patterns around springs as it does around ponds in Fagridalur. Cone-shaped mounds are built up around the spring with water issuing through an opening at the top.

VEGETATION AND FLORA

Data collection

The study area was divided into $2 \times 2 \text{ km}$ plots, each of which was surveyed on foot. Species of vascular plants were recorded. Mosses, lichens, and fungi were collected and later examined under a microscope for identification. The distribution of each species was then mapped. Vegetated land was examined and the cover of vascular plants estimated. Because of the short time available for field work,

a quick method for cover estimation had to be employed, but one which still gave a sufficiently accurate measure of the amount of vegetated land. In a selected areas, five 0,33 m wide and 10 m long transects were established, and the vegetative cover of every other meter estimated. Each plot therefore included 5 transects, 1x0.33 m in area. In this way it was possible to obtain important information on vegetation cover in a relatively short time.

Vegetation

The area studied covers 284 km², of which only 16 km² are wholly vegeteted. Most of the area comprises nearly denuded gravel flats, rough lava, and sand wastes that cause sandstorms when the wind blows.

Hvannalindir: Vegetated land, about 3 km² at 640 m elevation, that owes its existence to springs issued from under the Lindahraun lava and two small rivers (Lindá and Hraunkvísl) that flow on either side of the lava and join again a short distance north of it.

Plant growth alongside the lava is luxuriant. Angelica (A. archangelica) is very conspicuous; in fact, Hvannalindir is named after this plant. As one moves further from the lava, the land becomes more flat and sandy, with a variable groundwater level, The main plant communities are various transitional zones with grey willow covered flatsand. Wetland is scarcely found. Seventy species of vascular plants and 69 moss species were recorded.

The vegetation must struggle constantly against the weather: sandstorms, aridity, and a short summer. Hvannalindir offers a good example of how well the highland vegetation, can thrive under difficult natural conditions, when free from the pressure of grazing and human access,

Hvannalindir was declared a nature reserve in 1973.

Grágæsadalur: This is a small patch of vegetated land, only 0.3 km² in size, but growth there is comparatively luxuriant. The area lies at 640 - 650 m elevation. Most growth is on various peat lands, particulary the driest parts (e.g. Salix callicarpaea, or Empetrum nigrum). In the transitional zones Juncus arcticus, Carex bicolor, and Saxifraga hirculus often dominate. In some places there are narrow stream channels with snow-bed vegetation. Eighty four species of vascular plants and sixty five species of mosses were recorded.

Grágæsadalur is a small but luxuriant isolated patch of vegetation little disturbed by human traffic, but grazing has recently increased sufficiently for the vegetation to suffer, especially angelica. The land should be protected against grazing and this patch of vegetation should be sustained as long as possible.

Fagridalur: Of all the study areas, Fagridalur has without doubt the most luxuriant vegetation and justly gets its name "Beautiful valley" from the rich plant life that thrives there. The valley enjoys the shelter of the surrounding mountains so that sandstorms occur less frequently there than in other vegetated spots in the area. Moisture is also sufficient.

In the valley bottom, at approx. 605 m elevation, there are 6 km² of well-vegetated land, chiefly luxuriant marshes. In this area sedges also grow well and in the lowlands several varieties of grey willow (Salix callicarpaea) give the valley its characteristic appearance. Various other plant communities are represented such as herb meadows on hill slopes, snow bed vegetation. Various small areas, e.g. springs and gravel flats, have conspicuous vegetation; One hundred and fourteen species of vascular plants and 80 species of mosses were recorded.

This valley is extremely important for the plant and animal life of the Brúaröræfi, and illustrates the potential of the inland highland, where the growth conditions are good and human and livestock access has not had a marked influence. It is recommended that declaration of nature reserve in Fagridalur should be seriously considered as soon as possible, so that it will not be spoiled by construction, flooding or road building.

Háumýrar: This vegetated area is in a depression in the hills south-west of Vesturdalur. The area is about 7 km² and is at an elevation of 670 m. It therefore has the highest elevation of the isolated patches of vegetation discussed here. The altitude clearly affects the vegetation, as it is everywhere much sparser and more stunted than in other places.

The largest part of the vegetation consists of willow flatlands (Salix callicarpaea) of various kinds. The northernmost part of the area is wetland. Large palsas set their mark on the land where they rise up brownish in colour from the wetland. Ninety nine species of vascular plants and 83 species of mosses were recorded.

The vegetation of the area can be considered fairly natural as human access and sheep grazing have not influenced it.

FLORA

In the report distribution maps are presented for the vascular plants, mosses, lichens, and fungi. The species are listed alphabetically by family.

Vascular plants: A total of 147 species of vascular plants were recorded in the study area. Of these 9 were common: Armeria maritima, Cardaminopsis petrea, Carex maritima, Cerastium alpinum, Poa alpina, Poa glauca, Salix herbacea, S. callicarpaea, and Saxifraga oppositifolia. About 40 species can be considered rare (found in 4 or fewer plots). Fagridalur had the greatest species richness. Grágæsalur was rather rich in species, but Hvannalindir poor.

Mosses: Altogether 128 species of mosses were found, of which 97 were leafy liverworts and 31 were liverworts. The mosses are an important sward component, as where the vegetation is continuous the moss cover is often complete. In the bare areas the mosses are usually found in moist areas along with other plants, and on stones and cliffs. Six moss species were found in over half of the plots: Anthelia julacea, Dichodontium pellucidum, Distichium capillaceum, Drepanocladus uncinatus, Philonotis tomentella, and Racomitrium canescens. Two species were found that are rare in Iceland: Philonotis marcanta and

Schistidium agarrisii.

Lichens: A total of 47 species of lichens were found. However, they are nowhere abundant as the dry climate and frequent sandstorms make conditions unfavourable for them. Most of the species were found on stones and bare soil. All the species were found under conditions similar to those prevailing where they are found elsewhere in Iceland. Three species turned out to be common and were found in more than half of the plots: Peltigera rufescens, Stereocaulon arcticum, and Umbilicaria cylindrica.

Fungi: Fungi were sampled over the whole area as opportunity allowed. A total of 15 species of basidiomycetes and 2 families of ascomycetes were found.

RITASKRA

Almenna Verkfræðistofan hf., Virkir hf., Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., 1978: Austurlandsvirkjun I. Orkustofnun, OS ROD 7817.

Anderson, F.W., 1949: Geological Observations in South-eastern and Central Iceland. Trans. R. Soc. Edinb. 61, III:779-793.

Anderson, F.W. og P. Falk, 1935: Observatons on the Ecology of the Central Desert of Iceland. J. Ecol. 23:406-421.

Askell Löve, 1970: Íslensk ferðaflóra. Reykjavík, 428 s.

Bergþór Jóhannsson, 1977: Skrá um íslenskar mosategundir í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjavík. Handrit, 11 s.

Bessi Ádalsteinsson, 1974: Jökulsá á Dal, jarðfræðiskýrsla. Óbirt ritgerð til B.S. prófs við Verkfræði- og raunvíssindadeild H.I., Reykjavík.

Einar Þórarinsson, 1981: Jarðfræði. I: Hjörleifur Guttormsson, ritstj.: Náttúrfarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal. Orkustofnun, OS-81002/VOD-02, 296 s + 24 myndasíður.

Erling Ólafsson, 1988: Könnun á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágædal. Fjölrít Náttúrufræðistofnunar, nr 5; 86 s.

Gams, M., 1967: Kleine Kryptogramen flora, Band II, (3. útg.). Gustav Fischer Verlag, Berlin, 443 s.

Gisli Oddsson, 1942: Íslensk annálabrot og Undur Íslands. Akureyri, 135 s.

Guttormur Sigbjarnarson: Jarðfræði Brúaröræfa. Orkustofnun, Handrit.

Guttormur Sigbjarnarson, Kristinn J. Albertsson og Kristinn Einarsson, 1971: Krepputunga og Brúardalir. Jarðfræðikort. Orkustofnun.

Haukur Tómasson, 1973: Hamfarahlaup í Jökulsá á Fjöllum. Náttúrufr. 43: 12-34.

Helgi Valtýsson, 1940: Laugarvellir og Kringilsárrani. Eimreiðin, 45: 29-32.

Hjörleifur Guttormsson, ritstj., Einar Þórarinsson, Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson og Hákon Ádalsteinsson, 1981: Náttúrfarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal. Orkustofnun, OS-81002/VOD-02, 296 s + 24 myndasíður.

Hrafnkelssaga, 1953. Magnús Finnbogason bjó til prentunar. Reykjavík, 42 s.

Hörður Kristinsson, 1979: Preliminary list of Icelandic Lichens.

Líffræðistofnun H. I., Reykjavík. Handrit, 18 s.

Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson, 1970: Reitaskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufr. 40:58-65.

Jón Espólin, 1827: Árbækur Íslands, VI. bindi. Kaupmannahöfn, 155 s. Ljósprentuð útg. 1947, Lithoprent.

Jón Stefánsson, 1880: Könnuð fjöll. Norðlingur, 5:99-100, 102-104.

Kristinn J. Albertsson, 1972: Jarðfræði Suðvestur-Brúaröræfa og Mið-Krepputungu. Óbirt ritgerð til B.S. prófs við Verkfræði- og raunvísindadeild H.I., Reykjavík

Kristinn H. Skarphéðinsson, 1983: Fuglalíf í Hvannalindum. Bliki, 1:2-11.

Kristján Eldjárn, 1941: Útilegumannakofarnir í Hvannalindum. Lesbók Morgunblaðsins, 14:305-309.

Kristján Sæmundsson, 1973: Straumrákaðar klappir kringum Ásbyrgi. Náttúrufr. 43:52-60.

Landmælingar Íslands, 1954: Uppdráttur Íslands, blað 85: Kverkfjöll. Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands, 1972: Uppdráttur Íslands, blað 8: Miðausturland. Landmælingar Íslands.

Lid, Jóhannes, 1963: Norsk og Svensk Flora. Det Nordiske Samlaget, Oslo, 808 s.

Náttúruverndarráð, 1984: Náttúruminjaskrá, fjórða útgáfa, Náttúruverndarráð, 32 s.

Nyholm, E., 1969: Moss Flora of Fennoscandia. Vol. II, Fasc. 1-6. Natural Science Research Council, Stockholm.

Ólafur Briem, 1959: Útilegumenn og auðar tóftir. Reykjavík, 182 s.

Ólafur Jónsson, 1945: Ódáðahraun. I-III. bindi. Akureyri.

Páll Gíslason, 1974: Jökuldalur. I: ritstj. Ármann Halldórsson, Sveitir og jarðir í Múlabindi, I. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, 430 s.

Pálmi Hannesson, 1958: Frá óbyggðum. Reykjavík, 325 s.

Páll Melsteð, 1834: Bréf til Fjallvegafélagsins. Í skjölum um Fjallvegafélagið og fleira; Arni Thorsteinsson. Þjóðskjalasafn Íslands, E 213: 9.

Roberts, B., 1933: The Cambridge Expedition to Vatnajökull, 1932. Geog. Journ. 30:289-313.

Sigurður Gunnarsson, 1877: Miðlandsöræfi Íslands. Norðanfari, 16:13-34.

Sigurður Þórarinsson, 1950: Jökulhlaup og eldgos á jökulvatnasvæði Jökulsár á Fjöllum. Náttúrufr. 20:113-133.

Sigurjón P. Ísaksson, 1984: Stórhlaup í Jökulsá á Fjöllum á fyrri hluta 18. aldar. Náttúrufr. 54:165-191.

Stefán Stefánsson, 1948: Flóra Íslands, III. útg., Akureyri, 407 s.

Steindór Steindórsson, 1933: Útilegumannabyggð í Hvannalindum. Nýjar kvöldvökur, 26:165-169.

Steindór Steindórsson, 1945: Studies on the Vegetation of the Central Highland of Iceland. Botany of Iceland, III, 4:351-547.

Sveinn Pálsson, 1945: Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Snælandsútgáfan, Reykjavík, 813 s.

Trautz, M., 1919: Am Nordrand des Vatnajökull im Hochland von Island. Dr. A. Petermanns Mitteilungen, 65:121-126.

Tutin, T. G., V. H. Heywood, N. A. Burges, D. H. Valentine, S. M. Wallers og D. A. Webb, 1964 - 1980: Flora Europaea, Vol. I - V. The University Press, Cambridge, 2.246 s.

Tyrrell, G.W., 1949: Petrography of Igneous Rocks from the Vatnajökull, Iceland, Collected by Mr F. W. Andersson. Trans. R. Soc. Edinb. 61, III: 793-801.

Þorbergur Þorbergsson og Hörður Svavarsson, 1986: Austurlandsvirkjun. Jökulsárnar á Dal og Fjöllum, forathugun virkjana. Orkustofnun OS-86059/VOD-20 B, 56 s.

Þorvaldur Thoroddsen, 1913 - 1915: Ferðabók. I - IV. bindi. Kaupmannahöfn.

Þorður Tómasson, 1980: Skaftafell. Reykjavík, 264 s.

Örnefnastofnun Íslands: Örnefnaskrár: Norður-Múlasýsla, Jökuldalshreppur: Brú. Örnefnastofnun, (ljósrit).

Myndir frá Hvannalindum.



1. Horft til austurs frá Austurrana. Í forgrunni er ógróið hraun og melaður. Fjær sjást Fagradalsfjall og Kreppuhryggur (t.h.). Lindahraun liggur norður með Kreppuhrygg. (6.8.1980, E.b.).



2. Gróskumikil ætihvönn í skjóli Lindahrauns við Lindakvísl í Hvannalindum. (7.8.1980, K.E.).



3. Eyvindarkofi í Hvannalindum. Kofagöngin sjást til hægri.
(11.8.1980, E.b.).



4. Víðiflesjur skammt norðan Lindahrauns, austan Lindaár (þekja
2 og 3, töflur 6 og 7). Lindafjöll í baksýn. (8.8.1980, K.E.).



5. Hálfdeig Víðiflesja í Hvannalindum (þekja 7, tafla 10). Ríkjandi tegundir eru broddastör, grávíðir og loðvíðir. (8.8.1980, K.E.).



6. Víðisnjódæld í Hvannalindum (þekja 4, tafla 9). Ríkjandi tegundir eru snjómosi, grasvíðir og grávíðir. 80 % af þekjunni er ógróið (8.8.1980, K.E.).




7. Votlendi í Hvannalindum (þekja 5 og 6, töflur 12 og 13).
Ríkjandi tegundir eru hálmgresi, hrafnafífa og klófífa.
Mosar þekja svörð. (8.8.1980, K.E.).



8. Tjarnir (I og II) við norðurjaðar Lindahrauns. Dökkir flekkir
í botni eru bláþörungar (*Nostoc* sp.). (8.8.1980, K.E.).



9. Langatjörn við Sjónarhæð. Dæmigerð gróðurvin við tjörn.
Uppsprettur við Lindahraun, sem Lindaá á upptök í handan
hraunsins. Lindafjöll í baksýn. (6.8.1980, K.E.).



10. Sandorpið gróðurvana hraun austan Lindafjalla. Dæmigerð mynd
af auðninni umhverfis Hvannalindir. (9.8.1980, K.E.).

Myndir frá Grágæsadal, Fagradal og Háumýrum.



11. Horft suðvestur yfir Grágæsadal til Kverkfjalla.
Nes fyrir miðri mynd. (9.8.1980, E.b.).




12. Fagridalur. Horft út dalinn til Kreppu og Lónshnúks.
Herðubreið fjær. (28.7.1981, K.E.).



13. Horft norður Sandadal. Dæmi um auðnina umhverfis Fagradal.
(26.7.1981, E.b.).



14. Skammt sunnan Stóragils í Fagradal. Gulstarar- og hengistararmýri í brekku er hallar til suðurs (þekja 9, tafla 28). Fremst er grávíðiflesja. Fagradalsháls í baksýn (27.7. 1981, K.E.).



15. Tjarnir í miðjum Fagradal umkringdar gróskumiklu votlendi.
Þurrara er með hlíðarrótum en fjallshlíðin ógróin.
(27.7.1981, K.E.).



16. Flár og rústir á Háumýrum. (27.7.1982, E.b.).


Myndir úr Hvannalindum og Krepputungu




1. Norðurjaðar Lindahrauns og Hvannalindir. Fremst er Lindakvísl en tjarnir 1 og 2 fyrir miðju. Í baksýn eru Lindafjöll (nær) og Dyngjufjöll (fjær). (6.8.1980, K.E.).



2. Horft til norðvesturs yfir Hvannalindir frá Kreppuhrygg, þar sem Lindaá og Lindakvísl sameinast. (6.8.1980, K.E.).



3. Nærmynd af sandhól með blómlegum grávíði. (8.8.1980, K.E.).



4. Blásinn sandhóll með feysknum grávíði. (8.8.1980, K.E.).



5. Kofarústir í Hvannalindum. (11.8.1980, K.E.).



6. Rifnihnúkur og Krepputunguhraun. Upptyppingar í baksýn.
(8.8.1980, E.B.).



7. Vaðalda og Dyngjufjöll séð frá Lindafjöllum.
Lönguhlíðarhraun í forgrunni. (8.8.1980, E.p.).




8. Horft yfir hlaupfarveg Jökulsár frá Rifnahnúki.
Upptyppningar í baksýn. (8.8.1980, E.p.).



9. Úr Hraundal. Kverkfjöll í baksýn. (9.8.1980, E.p.).



10. Gjallgígir í Vesturrana. Horft út Hraundal.
(7.8.1980, E.p.).



11. Jökulberg við Kreppu. Taumur úr Lindahrauni efst til hægri.
(6.8.1980, E.p.).



12. Kverká (nær) og Kreppa þar sem hún kemur úr Kreppuþróngum.
Lindafjöll í baksýn. (27.7.1981, E.p.).



13. Úr Kreppuþróngum. Kreppuhryggur og Kreppa í baksýn.
(10.8.1981, E.b.).



14. Kreppulón og Kreppa. Kreppuháls og Kverkfjöll í baksýn.
(10.8.1981, E.b.).



15. Sandfok eru tíð á þessum slóðum. Horft af Fagradalsfjalli til Lindafjalla. (26.7.1981, E.p.).

Myndir frá Grágæsadal, Fagradal og Háumýrum.



16. Innri hluti Fagradals. Kverkfjöll í baksýn. (27.7.1981, E.p.).



17. Fagradalsgljúfur. Horft út Fagradal. (29.7.1981, E.p.).




18. Kubbaberg og set í Sandadalsgljúfri neðra. (26.7.1981, E.p.).



19. "Vatnsauga" í sunnanverðum Fagradal. (26.7.1981, E.b.).



20. Kreppuaurar austan við Kreppuhrygg. Grágæsadalur og Grágæsavatn í fjarska. (11.8.1981, E.b.).



21. Úr Grettisgili í Grágæsadal.
(27.7.1981, E.p.).



22. Úr Grettisgili, ~~Grágæsadal~~ og efst á 21. mynd.
Kubbaberg ofan árjökulbergs- og hraun-
vögum. ~~efst~~ (27.7.1981, E.p.) runni,
fjármarskáli til hægri. (27.7.1981, E.p.)




23. Uppspretta Vesturdalslækjar. (28.7.1981, E.P.).



24. Leiðangursmenn í Fagradal. Frá vinstri: Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson, Einar Þórarinsson, Þórður Júlíusson, Hákon Aðalsteinsson, Sigurður Magnússon og Einar Hjörleifsson. (29.7.1981, E.P.).

Örnefnakort af Brúaráröræfum




Skriflegar Heimildir:
Örnefnaskrá Páls Gíslasonar Aðalbóli. Örnefnastofnun.

Munnlegar heimildir:
Halldór Sigvarðsson, Brú

Aðalsteinn Aðalsteinsson, Vaðbrekku
Völundur Jóhannesson, Egilsstöðum

Mælikvarði 1:50.000

VOD JK 730 BA
88.06.0366



Örnefnakort af Krepputungu

Einar Þórarinsson tók saman

Skriflegar heimildir:

- Trautz, Max, 1919. Am Nordrand des Vatnajökull im Hochland von Island. - Dr. A. Petermanns Mitteilungen, 65:123-126.
Roberts, Brian, 1933. The Cambridge Expedition to Vatnajökull, 1932. - Geogr. Journ. 30:289-313.
Ólafur Jónsson, 1945. Ödáðahraun, I-III. bindi.
Pámi Hannesson, 1958. Frá óbyggðum.
Guttormur Sigbjarnarson og fél. 1971. Krepputunga og Brúardalir. - Jarðfræðikort, Orkustofnun.
Hjörleifur Guttormsson, 1987. Árbók Ferðafélags Íslands.
Landmælingar Íslands, kort

Munleg heimild:

Völundur Jóhannesson

Mælikvarði: 1:50.000